# FRÉTTABLAÐIÐ

265. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 13. NÓVEMBER 2019




Eftirvænting og gleði var við völd þegar sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu spreyttu sig á öflugum vatnsdælum eins af fjórum nýjum slökkvibifreiðum sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins tók á móti í gær. Á myndinni má sjá þau Ásgerði Halldórsdóttur, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson og Dag B. Eggertsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Lækkun framlaga tefur ekki verklok

**Framkvæmdastjóri Nýs Landspítala segir að enn þá sé gert ráð fyrir því að meðferðarkjarninn verði tilbúinn árið 2024 þrátt fyrir boðaða lækkun á fjárheimildum næsta árs. Meirihluti fjárlaganefndar leggur til 3,5 milljarða króna lækkun framlaga.**

**FRAMKVÆMDIR** „Það er ekki gert ráð fyrir öðru en að meðferðarkjarninn verði tilbúinn sem byggingarframkvæmd árið 2024 eins og áætlanir segja til um,“ segir Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Nýs Landspítala, um áhrif breytingartillögu meirihluta fjárlaganefndar um 3,5 milljarða lækkun framlaga til verkefnisins á næsta ári.

Gunnar segir að þrátt fyrir þessa lækkun sé gert ráð fyrir um fimm milljarða króna framlögum til Hringbrautarverkefnisins á næsta ári sem sé hæsta heimildin á fjárlögum til þessa.

Hann segir lækkun fjárframlaga á næsta ári meðal annars skýrast af því að ákveðið hafi verið að fullvinna grunn hússins áður en næsti verktaki hæfi störf. Þá sé nú einnig unnið að jarðvinnu vegna bílakjallara við hlið hússins, undir Sóleyjartorgi.

„Þetta hefur í för með sér að uppsteypa meðferðarkjarnans og önnur jarðvinnuverkefni hliðrast til á árinu 2020. Áhrifin á sjóðstreymisáætlun verða um þrír milljarðar með fyrirvara um heimild til útboðs og samninga vegna uppsteypuhluta verksins. Jarðvinna vegna rannsóknarhússins mun líka hliðrast til á árinu,“ segir Gunnar.

Forval stendur nú yfir vegna uppsteypuhlutans og segir Gunnar að mikill áhugi sé á því verki.

Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að framkvæmdir við Nýjan Landspítala nái hámarki á árunum 2021-2022. Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Önnu Kolbrúnar Árnadóttur, þingmanns Miðflokksins, frá því í júní í fyrra var heildarkostnaður verkefnisins áætlaður tæpir 55 milljarðar króna. Miðað við hækkun byggingarvísitölu er sá kostnaður í dag um 58,5 milljarðar. Nánar um fjárlagafrumvarpið á síðu 4. – **sar**

## Sala TravelCo á lokametrunum

**VIÐSKIPTI** Einkaviðræður standa nú yfir við erlendan aðila sem gerði skuldbindandi kauptilboð í ferðaskrifstofusamstæðuna TravelCo, eiganda Heimsferða, Terra Nova á Íslandi auk ferðaskrifstofa í Noregi, Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð, en vonir standa til að salan geti klárast í lok þess mánaðar. Til greina kemur hins vegar að íslensku ferðaskrifstofunum, báðum eða annarri, verði haldið fyrir utan kaupin og þær seldar öðrum fjárfestum.

TravelCo var tekið yfir af Arion banka í júní á þessu ári vegna fjárhagserfiðleika og vanefnda við bankann. Á síðasta ársfjórðungi 2018 námu heildartekjur TravelCo um 5,8 milljörðum en mikill meirihluti þeirra tekna kemur til vegna starfsemi utan Íslands. – **hae** / **sjá Markaðinn**

## Skoraði ellefu mörk gegn meisturunum

**HANDBOLTI** Tjörvi Þorgeirsson, leikmaður Hauka í Hafnarfirði skoraði ellefu mörk í sigri Hauka á Íslandsmeisturum Selfoss á mánudag. Auk þess að vera uppalinn Haukamaður er Tjörvi deildarstjóri í Vinakoti, sem er úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda. Hann segist hafa lært margt á þeim fimm árum sem hann hefur starfað þar. „Þetta er gefandi og skemmtilegt starf,“ segir ellefu marka ljúfmennið og handboltakempan. – **bb**/ **sjá síðu 12**









Veður



Norðlæg 3-13 m/s, hvassast austan Öræfa. Él norðaustan til, en annars yfirleitt léttskýjað. Frost 0 til 6 stig.

SJÁ SÍÐU 16

# Mótmælt í morgunskímunni



Foreldrar barna í Kelduskóla Korpu í Grafarvogi mótmæltu í gærmorgun þeim áformum að loka skólanum og beina nemendum í skóla í nærliggjandi hverfi. Mótmælin fólust í að tefja bílaumferð á leið milli hverfanna. Nokkrir tóku sér þó stöðu með spjöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ásakanir um mútur

**VIÐSKIPTI** Fréttaskýringaþátturinn Kveikur á RÚV og Stundin birtu í gær umfjöllun um starfsemi útgerðarfélagsins Samherja í Namibíu. Var hún gerð í samstarfi við Wikileaks og fréttastöðina Al Jazeera.

Í umfjölluninni var sagt frá nánum tengslum stjórnenda Samherja við stjórnmálamenn stjórnarflokksins SWAPO og greiðslum til þeirra fyrir ódýran sjófrystikvóta á hrossamakríl hjá Fishcor, ríkisútgerð Namibíu.

„Ég braut lög fyrir hönd Samherja,“ sagði Jóhannes Stefánsson, fyrrverandi rekstrarstjóri fyrirtækisins í Namibíu, í þættinum. „Þeir sem lögðu þessar línur voru Þorsteinn Már (Baldvinsson) og Aðalsteinn (Helgason).“

Sagðist hann meðal annars hafa greitt 60 þúsund Bandaríkjadollara til sjávarútvegsráðherra landsins eftir skipun Aðalsteins Helgasonar, framkvæmdastjóra Afríkustarfsemi Samherja. Slóðin hafi síðan verið falin með bókhaldsbrellum. Væri þetta kallað kvótagjald (facilitation fee).

Sagan er rakin frá þeim tíma þegar Íslendingar stunduðu þróunaraðstoð í landinu en eftir henni var hætt, árið 2010, kom Samherji inn í skarðið. Sagt er að ein af helstu ástæðunum fyrir því að útgerðarfyrirtækið hafi leitað á þessi mið hafi verið landlæg spilling sem hægt væri að nýta sér og gott viðhorf til Íslands eftir þróunaraðstoðina. Síðar hafi þessi umsvif færst til nágrannaríkisins Angóla og að hagnaðinum hafi verið komið úr landi í gegnum skattaskjól eins og Máritíus.

Greint var frá því að vatnaskil hafi orðið í nóvember árið 2011, þegar fundur fór fram á Hilton-hótelinu í höfuðborginni Windhoek, með Tamson Hatukulipi, tengdasyni sjávarútvegsráðherrans. Hann ásamt tveimur öðrum, kallaðir „hákarlarnir“, hafi síðar orðið milligöngumenn á milli Samherja og stjórnvalda í Namibíu.

Ekki náðist í stjórnendur Samherja fyrir vinnslu þessarar fréttar. – **khg**

## Orkufrekastir

**ORKUMÁL** Íslendingar nota langsamlega mesta orku af þjóðum heimsins, samkvæmt Alþjóðaorkumálastofnuninni (IEA), 54,4 megavattstundir á íbúa. Tölurnar sem gefnar eru út nú eru byggðar á gögnum frá árinu 2017 og hafa Íslendingar haldið efsta sætinu síðan um aldamótin.

Norðmenn notuðu mesta orku frá upphafi mælinganna árið 1973 allt til ársins 1999 en þá var orkunotkun Íslendinga helmingur af því sem hún er nú. Síðan þá hefur orkunotkun Norðmanna haldist nokkuð stöðug en Íslendinga aukist hratt.

**» Íslendingar nota 54,4 megavattstundir á íbúa.**

Í dag er munurinn nærri tvöfaldur. Hvorug þjóðin er á meðal þeirra 40 sem losa mestan koltvísýring þar sem stærstur hluti orkunnar er fenginn með hreinum orkugjöfum. – **khg**

# Foreldrar hvattir til að mæta með börnunum

**Félagsmiðstöðvadagurinn er í dag. Markmiðið að gefa foreldrum tækifæri til að kynnast starfinu sem fram fer í félagsmiðstöðvum landsins. Framkvæmdastjóri Samfés segir mikilvægt að foreldrar þekki umhverfi barna sinna.**

**SAMFÉLAG** „Félagsmiðstöðvadagurinn var fyrst haldinn í félagsmiðstöðvum um allt land 2. nóvember 2011. Ungmennahúsin bættust svo við árið 2016 og á síðasta aðalfundi Samfés var ákveðið að hafa þetta viku. Með því er verið að auka sveigjanleika í dagskrá og veita fólki aukin tækifæri til að koma í heimsókn,“ segir Victor Berg Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samfés.

Félagsmiðstöðvar og ungmennahús landsins halda daginn hátíðlegan dagana 11.-15. nóvember. Starfsfólk hefur skipulagt fjölbreytta dagskrá þar sem meðal annars er boðið upp á vöfflukaffi, brjóstsykursgerð, samlokukeppni og pílukast. Victor segir markmiðið með deginum vera að fá foreldra til að mæta í félagsmiðstöðvarnar og ungmennahúsin og kynna sér starfið sem þar fer fram.

Félagsmiðstöðin Bústaðir tekur þátt í deginum og býður foreldrum, systkinum og öðrum fjölskyldumeðlimum á opið hús í dag. „Við ætlum að hafa opið hús fyrir foreldra, systkini og fjölskyldur og þar ætlum við aðeins að reyna að drepa á þá hluti sem við erum að gera,“ segir Ívar Orri Aronsson, forstöðumaður Bústaða.

„Þetta er orðinn fastur liður hjá okkur og er einn af stóru liðunum í dagskránni. Aðalmarkmiðið er að fá foreldra til að koma og kynnast bæði starfi krakkanna og starfsfólkinu. Hvort tveggja held ég að sé mjög mikilvægt,“ segir Ívar.

„Ég held að það skipti máli og sé skemmtilegt fyrir krakkana þegar þau koma heim úr Bústöðum og segjast hafa verið að spila við Ívar, Kára eða hvern sem er að foreldrarnir geti tengt andlit við fólkið sem verið er að tala um,“ segir hann.



Ívar Orri Aronsson, forstöðumaður Bústaða. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Það er því mikilvægt að við stöndum saman og látum okkur varða hvar börnin okkar eru og hvað þau eru að gera.**
>
> Victor Berg Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samfés



„Þessi dagur hefur haft mikið upp á sig,“ segir Ívar. „Í fyrra kom til dæmis móðir stráks sem hafði ekki tekið mikinn þátt í starfinu hjá okkur og vissi í rauninni ekki hvað var að gerast hér en mamma hans gat spottað alls konar hluti sem hún hélt að gætu verið eitthvað fyrir strákinn og síðan þá hefur hann verið mjög virkur í starfi hjá okkur.“

Victor Berg segir þátttöku í skipulögðu starfi félagsmiðstöðva hafa mikilvægt forvarnargildi. „Með slíkri þátttöku aukast líkurnar á því að ungt fólk kjósi heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættuhegðun,“ segir hann.

„Það er því mikilvægt að við stöndum saman og látum okkur varða hvar börnin okkar eru og hvað þau eru að gera,“ segir Victor.

**birnadrofn@frettabladid.is**




HÚSASMIÐJAN | blómaval

**Opið til kl. 21:00 Skútuvogi**

**Opið til kl. 19:00 í öðrum verslunum**

# HÚSASMIÐJU DAGURINN

## Mörg þúsund vörur á afslætti aðeins í dag

# 25% afsláttur

Allar seríur og jólaskraut • Allar vörur í Blómavali • Gervijólatré • LADY málning • Blöndunartæki
Rafmagnsverkfæri • Handverkfæri • Verkfærakassar • Philips perur og ljós* • Búsáhöld • Hreinlætistæki
Hillurekkar • Áltröppur og stigar • Loftverkfæri • Parket • Pottar og pönnur • Glös og matarstell
Bökunarvörur • Gjafavörur • Gæludýravörur • Hreinsiefni • Pottaplöntur...og margt fleira!



**Allir fá ÍS**
Ís í brauðformi á meðan birgðir endast frá kl. 14.





**Verkfæra-kynning**
á Hikoki og Black+Decker kl. 13-17

**Dagskrá í Skútuvogi í dag**
Jólalandið verður á sínum stað í Blómavali





Nýr pylsu-vagn

**Pulsuvagninn Í Skútuvogi**
Allir sem versla í dag fá pylsu og kók á
**199 kr.**
Gegn kassakvittun



**Vöfflur og piparkökur**
í öllum verslunum á meðan birgðir endast frá kl. 16-18

**Tilboðin gilda einnig í vefverslun til miðnættis**

Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar".

* Gildir ekki af Philips Hue

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

FRÉTTABLAÐIÐ

Af vefnum



Henry Alexander Henrysson
heimspekingur

## Getur forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu verið siðferðilega réttlætanleg?

Hver veit nema öllum kynslóðum finnist þær standa frammi fyrir flóknari og vandmeðfarnari vandamálum heldur en fyrri kynslóðir. Heilbrigðisþjónusta er svo sannarlega dæmi um svið þar sem spurningarnar virka stöðugt stærri fyrir fólk. Og líklega eru þær það í þetta sinn. Svið hins mögulega þenst hratt út og raunar á ógnarhraða í augum þeirra sem finnst mikilvægt að slík þróun fari fram í krafti lýðræðislegrar umræðu í samfélaginu.

**Og hvernig getum við sagt einum einstaklingi að ákveðið hafi verið að láta hóp fólks ganga fyrir?**

Lestu greinina í heild á frettabladid.is/skodun

# Ærumeiðingamál Reynis gegn Arnþrúði tekið fyrir

**DÓMSMÁL** Mál Reynis Traustasonar gegn Arnþrúði Karlsdóttur og Útvarpi Sögu verður tekið fyrir í dag. Fréttablaðið greindi fyrst frá því, í desember á síðasta ári, að Reynir hygðist leita réttar síns vegna ummæla sem hún lét falla í símatíma á stöðinni.

„Hvað heldurðu að hann hafi mörg mannslíf og fjölskylduhamingju á samviskunni, bæði frá því sem ritstjóri DV og ritstjóri Stundarinnar og þá stjórnarformaður Stundarinnar?“ var meðal þess sem haft var eftir Arnþrúði um Reyni.

**Ég geri kröfu um að orðin verði dæmd ómerk.**

Reynir Traustason



Reynir segist krefjast bóta en að þær séu ekki aðalmálið. „Ég geri kröfu um að orðin verði dæmd ómerk,“ segir Reynir og vill hann einnig fá afsökunarbeiðni.

Í aðdraganda málsins segir Reynir að þess hafi verið krafist að hann sjálfur mætti fyrir dóminn og upplýsti hversu oft hann hefði verið kærður fyrir ærumeiðingar.

„Það er búið að stefna mér ellefu sinnum fyrir ærumeiðingar. Tíu sinnum vann ég málin og í ellefta skiptið dæmdi Mannréttindadómstóllinn okkur bætur vegna dóms Hæstaréttar í svokölluðu Sigurplastsmáli,“ segir hann.

Að sögn Reynis hafa engar sáttaumleitanir farið fram. Arnþrúður Karlsdóttir vildi ekki tjá sig um málið. **– khg**

# Hallinn innan óvissusvigrúms

**Ríkissjóður verður rekinn með tæplega tíu milljarða halla á næsta ári sé tekið mið af breytingartillögum meirihluta fjárlaganefndar. Stjórnarandstaðan í þinginu leggur fram fjölmargar tillögur til breytinga.**

**FJÁRLÖG** Ríkissjóður verður rekinn með 9,7 milljarða króna halla á næsta ári miðað við breytingartillögur meirihluta fjárlaganefndar við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins. Þegar frumvarpið var lagt fram í haust var gert ráð fyrir tæplega 400 milljóna afgangi af rekstri ríkissjóðs.

Er hallinn innan sérstaks óvissusvigrúms sem heimilar að ríkissjóður sé á árunum 2019-2022 rekinn með halla sem nemur að hámarki 0,8 prósentum af vergri landsframleiðslu (VLF) hvers árs. Þetta hlutfall var síðastliðið vor hækkað úr 0,4 prósentum af VLF en miðað við hagspá Hagstofunnar verður óvissusvigrúmið tæpir 23 milljarðar á næsta ári.

Önnur umræða um fjárlagafrumvarpið hófst á Alþingi í gær. Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar, lagði í umræðunni áherslu á að hér væri um minniháttar frávik að ræða frá fjármálaáætlun.

Samfylkingin kynnti breytingartillögur sínar við 2. umræðu á blaðamannafundi í gær. Er þar lagt til að útgjöld verði aukin um alls 20 milljarða í ýmsum málaflokkum. Má þar nefna aðgerðir í loftslagsmálum, menntamál, rannsóknir, nýsköpun, almenningssamgöngur, spítala og málefni aldraðra og öryrkja.

Þá leggur flokkurinn til hækkun barnabóta og að lengingu fæðingarorlofs verði flýtt. Þessar breytingar væri hægt að fjármagna með auknum auðlindagjöldum, hækkun fjármagnstekjuskatts og kolefnisgjalds, tekjutengdum auðlindaskatti, afnámi samnýtingar skattþrepa og hertu skatteftirliti.

Miðflokkurinn leggur til að bæði gjöld og tekjur ríkissjóðs aukist um tæpa 4,7 milljarða. Flokkurinn leggur meðal annars til að tekjur af tryggingargjaldi lækki um tvo milljarða og að 800 milljónir verði veittar til hjúkrunarheimila í vanda.



Önnur umræða um fjárlagafrumvarpið hófst á Alþingi gær og stóð fram eftir kvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Formaður fjárlaganefndar segir breytingartillögurnar lítil frávik frá fjármálaáætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þá leggur flokkurinn til að lóð Landsbankans á Hafnartorgi verði seld sem myndi skila tveimur milljörðum og að ráðuneytin hagræði í rekstri sínum fyrir rúman milljarð.

Píratar leggja til að öll útgjöld sem tengjast kirkjunni og lífsskoðunarfélögum verði skorin niður fyrir utan það sem viðkemur embætti biskups, sökum ákvæða stjórnarskrár. Persónuafsláttur myndi hækka um sömu upphæð og niðurfelling sóknargjalda.

Einnig leggur flokkurinn til að ónýttur persónuafsláttur verði greiddur út óháð tekjum sem myndi kosta um 10,5 milljarða. Þá er lagt til að 7,4 milljörðum verði varið í að afnema krónu á móti krónu skerðingu.

Flokkur fólksins leggur til að framlög vegna örorkulífeyris hækki um tíu milljarða til að bæta kjör öryrkja enda hafi lífeyrir almannatrygginga ekki fylgt launaþróun undanfarin ár. Í breytingartillögu flokksins er einnig lagt til að aukið fjármagn fari til löggæslu, sjúkrahúsa og dvalarheimila.

Flokkurinn bendir á að hægt væri að fjármagna þessi auknu útgjöld með því að skattleggja greiðslur í lífeyrissjóði við innlögn en ekki við útgreiðslu. **sighvatur@frettabladid.is**

# Skólahaldi hætt í Kelduskóla

**REYKJAVÍK** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að leggja niður skólahald í Kelduskóla Korpu og verða aðeins þrír skólar starfræktir í norðanverðum Grafarvogi frá haustinu 2020, Borgarskóli og Engjaskóli fyrir nemendur í 1. til 7. bekk og Víkurskóli verður sameinaður unglingaskóli fyrir nemendur í 8. til 10. bekk.

Mikil óánægja er meðal nemenda í Kelduskóla Korpu og foreldra þeirra vegna lokunarinnar og efndu foreldrar til mótmæla í gærmorgun. Lítið sem ekkert samráð hefur verið haft við íbúa Staðarhverfis eða nemendur Korpuskóla um málið.

Skólahald hefur því verið lagt af í Korpuskóla þar til sex til tólf ára börnum í Staðarhverfi hefur fjölgað í 150. Þegar því er náð verður ákvörðunin endurskoðuð í samstarfi við foreldra og íbúa. **– fbl**






# Engin sameining nema með öllum

**SVEITARSTJÓRNIR** Lítill áhugi virðist vera fyrir sameiningu sveitarfélaga í Árnessýslu. Ölfus hefur þegar hafnað boði Árborgar um viðræður og sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er hikandi.

**Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps telur ekki rétt að ræða sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu nema öll sveitarfélögin taki þátt í þeim viðræðum.**

Segjast Grímsnesingar fagna því að bæjarráð Árborgar lýsi vilja til að „nálgast nágranna sína og samstarfsaðila á jafningjagrunni“ en benda á að ekki hafi virst vera vilji til sameiningar hjá sveitarfélögum í Árnessýslu þegar rætt var um málið á árunum 2016 til 2017. Ljóst sé að ekki séu öll sveitarfélögin tilbúin í viðræður aftur. „Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps telur ekki rétt að ræða sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu nema öll sveitarfélögin taki þátt í þeim viðræðum.“ **– gar**



Grímsnesingar segja fleiri sveitarfélög verði að taka þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Nú býð ég nýja reikninga!

Hærri vextir,
aðeins þriggja mánaða binditími.



Vertu með!
Það tekur bara þrjár mínútur.
audur.is

auður
Dóttir Kviku

# Segjast þurfa að hætta rekstri

**VESTFIRÐIR** Jón Heiðar Guðjónsson hjá Ferðaþjónustunni Reykjanesi við Ísafjarðardjúp sendi bæjarstjórn Ísafjarðar bréf vegna nýtingar á jarðhitaréttindum og nýlegs úrskurðar þess efnis.

„Nú er svo komið að Ferðaþjónustan Reykjanesi ehf. hefur ekki lengur leyfi til notkunar á heitu vatni og á því engan annan kost en að hætta rekstri,“ segir í bréfinu.

Í október á síðasta ári veitti Orkustofnun Ferðaþjónustunni Reykjanesi leyfi til jarðhitanýtingar í Reykjanesi. Orkubú Vestfjarða, sem telur sig eiga réttindin á grundvelli afsals frá árinu 1978, og Ísafjarðarbær, sem á lóðina, kærðu málið til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi leyfið úr gildi í september síðastliðnum.

**Nú er svo komið að Ferðaþjónustan Reykjanesi ehf. hefur ekki lengur leyfi til notkunar á heitu vatni.**

Jón Heiðar Guðjónsson

Í bréfinu segir að sundlaugin á staðnum sé hituð með sjálfrennandi heitu vatni sem annars rynni ónýtt til sjávar. Hingað til hefur ekkert verið greitt fyrir heita vatnið en að mati Ferðaþjónustunnar, sem stofnuð var árið 1997, væri reksturinn óhugsandi ef greiða þyrfti fyrir það.

Þá er kvartað yfir því að sveitarfélagið hafi ekki svarað eftir að úrskurðurinn féll. „Okkur hefur ekki tekist að ná sambandi við bæjarstjórann þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir með símhringingum, skilaboðum og tölvupóstum.“ Bréfið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Ísafjarðar á mánudag og verður Jóni Heiðari boðið að mæta fund ráðsins. **– khg**



**Hótelið á Reykjanesi.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Úr Leifsstöð.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Færri farþegar á milli landa

**FERÐAÞJÓNUSTA** Velta í farþegaflutningum í flugi milli landa var fjórðungi minni í júlí og ágúst á þessu ári, í samanburði við sömu mánuði í fyrra. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar. Í heild nam velta vegna farþegaflutninga með flugi rúmlega 52 milljörðum þessa tvo mánuði ársins, í samanburði við rúmlega 69 milljarða sömu mánuði í fyrra.

**Velta í farþegaflutningum í flugi milli landa var fjórðungi minni í júlí og ágúst á þessu ári.**

Þá kemur fram að þrátt fyrir þennan samdrátt, hafi velta í öðrum greinum ferðaþjónustu haldist nánast óbreytt á tímabilinu milli ára. **– jþ**

## Skilyrðum um ráðgjöf fullnægt

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn uppfyllir þau skilyrði sem gilda um opinbera fjárfestingarráðgjöf. Þetta er niðurstaða athugunar sem Fjármálaeftirlitið hóf hjá bankanum í mars síðastliðnum. Þetta kemur fram á vef eftirlitsins.

**Fjármálaeftirlitið segir að sé tekið tillit til gagna og upplýsinga sem það aflaði vegna athugunarinnar, hafi bankinn reynst uppfylla að mestu skilyrði um ráðgjöf.**

Segir þar að sé tillit tekið til gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði vegna athugunarinnar, hafi bankinn reynst uppfylla að mestu þau skilyrði sem gilda um opinbera fjárfestingarráðgjöf samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Á það hafi verið bent að annmarkar hafi verið á auðkenningu þeirra sem ábyrgð bera á og vinna opinbera fjárfestingarráðgjöf á vegum bankans. Fram kemur að þegar hafi verið brugðist við athugasemdinni. **– jþ**



**Strætó segir langflestar ferðir rafmagnsvagna lausar við olíulyktina og farþega almennt ánægða með vagnana.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Olíureykur truflar farþega í rafknúnum vögnum Strætó

**Olíureykur úr miðstöð rafmagnsvagna Strætó bs. á það til að leita inn í farþegarými þegar miðstöðin er í gangi. Vagnstjóri segist hafa fundið fyrir höfuðverk. Strætó segir nýrri tækni fylgja áskoranir. Þrettán kvartanir sagðar hafa borist fyrirtækinu. Nú er beðið eftir búnaði frá Finnlandi til að leysa vandamálið.**

**SAMGÖNGUR** Olíureykur á það til að leita inn í farþegarými rafmagnsvagna Strætó bs. farþegum og vagnstjórum til ama. Strætó á fjórtán rafmagnsvagna frá kínverska framleiðandanum Yutong og eru það rúmlega tíu prósent af flotanum. Miðstöð vagnanna er kynt með olíu og þegar miðstöðin er notuð blæs kyndingin út reyk með reglulegu millibili.

Vagnstjóri hjá Strætó segir reykinn mjög áberandi þegar vagninn stoppar í köldu veðri, í logni leiti hann inn í farþegarýmið. Vagnstjórarnir hafa ekki stjórn á því hvenær miðstöðin blæs út reyk. „Það var mjög gott að keyra rafmagnsvagnana fyrst, þeir láta vel að stjórn og eru hljóðlátir. Þessi vandi kom upp nánast strax. Margir farþegar hafa kvartað undan þessu, enda olíulyktin stæk,“ segir vagnstjórinn, sem vildi ekki láta nafns síns getið. Hann keyrði rafmagnsvagn í fjóra daga samfleytt nýverið. „Alla þessa daga fann ég fyrir seiðingshöfuðverk, sumir aðrir vagnstjórar, en ekki allir, hafa fundið fyrir því líka.“

**Það eru gjarnan áskoranir sem fylgja nýrri tækni og þetta er eitt dæmi um það.**

Guðmundur Heiðar Helgason, upplýsingafulltrúi Strætó



Stjórnendur Strætó urðu fyrst varir við þetta vandamál síðasta vetur, en það á við um alla vagna Yutong á Norðurlöndunum. „Í stuttu máli, þegar olía er köld þá er erfiðara að brenna hana og það losnar meiri reykur og sót frá henni,“ segir Guðmundur Heiðar Helgason, upplýsingafulltrúi Strætó. „Í fyrra settum við hitara í miðstöðina sem hitaði upp olíuna í miðstöðinni. Sú lausn lofaði góðu og við urðum minna vör við olílykt frá miðstöð vagnanna. Við urðum síðan ekkert vör við vandamálið í sumar, þar sem miðstöðin var lítið sem ekkert notuð.“

**Vagnstjóri hjá Strætó segir reykinn mjög áberandi þegar vagninn stoppar í köldu veðri, í logni leiti hann inn í farþegarýmið.**

Vagnstjórinn segir að síðasta laugardag hafi hann verið á ferð í Mjóddinni þegar olíuský hafi leitað inn í farþegarýmið. „Þá kom til mín kona til að kvarta undan þessu, hún var með astma og þurfti að skipta um vagn til að komast niður í bæ. Ég sagði henni að ég væri algjörlega sammála, þetta væri ekki boðlegt,“ segir hann.

Alls hafa borist þrettán formlegar kvartanir til Strætó síðastliðið ár vegna olíureyksins, sjö í fyrra og sex á þessu ári. Guðmundur segir að Strætó eigi von á búnaði frá Finnlandi í desember sem vonast er til að geti leyst málið. Á sá búnaður að hita olíuna meira og sía frá loft sem kann að koma frá olíunni.

„Það eru gjarnan áskoranir sem fylgja nýrri tækni og þetta er eitt dæmi um það. Langstærsti hluti ferða með rafvögnunum er laus við olíulykt og farþegar eru almennt afar ánægðir með vagnana,“ segir Guðmundur. Áætlaður kostnaður við búnaðinn er 250 evrur fyrir stykkið, sem gerir rúmlega 480 þúsund krónur fyrir alla vagnana.

**arib@frettabladid.is**

# Gerðu góð kaup

**FLEIRI KJARABÍLAR Á KJARABILAR.IS**

Athugið að um er að ræða takmarkaðan fjölda bíla af tilteknum gerðum. Það eru þó fleiri bílar í boði en fram koma í auglýsingunni og þá má finna á **www.bl.is/kjarabilar**

## BJÓÐUM **VALDA NÝJA BÍLA Á KJARABÍLAVERÐI**. VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

HLAÐINN BÚNAÐI

### NISSAN QASHQAI
Tekna BOSE, sjálfskiptur, dísil, 2WD

LISTAVERÐ: 5.890.000 kr.

KJARAVERÐ **4.990.000 kr.**




### NISSAN JUKE
Acenta, sjálfskiptur, bensín, 2WD

LISTAVERÐ: 3.790.000 kr.

KJARAVERÐ **3.290.000 kr.**




HLAÐINN BÚNAÐI

### NISSAN X-TRAIL
Tekna, sjálfskiptur, dísil, 4WD

4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN

LISTAVERÐ: 7.390.000 kr.

KJARAVERÐ **6.490.000 kr.**




### RENAULT CLIO
Zen, beinskiptur, bensín

LISTAVERÐ: 2.550.000 kr.

KJARAVERÐ **2.250.000 kr.**



### RENAULT CAPTUR
Intens, sjálfskiptur, bensín

LISTAVERÐ: 3.690.000 kr.

KJARAVERÐ **3.350.000 kr.**



### NISSAN MICRA
Acenta, beinskiptur, dísil

LISTAVERÐ: 2.790.000 kr.

KJARAVERÐ **2.490.000 kr.**




### RENAULT KOLEOS
Zen, sjálfskiptur, dísil, 4WD

4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN

LISTAVERÐ: 6.350.000 kr.

KJARAVERÐ **5.550.000 kr.**




### NISSAN NAVARA
Visia, beinskiptur, dísil, 4WD

4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN

LISTAVERÐ: 5.790.000 kr.

KJARAVERÐ **5.140.000 kr.**




### NISSAN NV200
sendibíll, beinskiptur, dísil

LISTAVERÐ: 3.490.000 kr.

KJARAVERÐ **2.940.000 kr.**




ENNEMM / SÍA / NM96696

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Pedro Sanchez og Pablo Iglesias skrifa undir samkomulagið. NORDICPHOTOS/GETTY

## Sameinast um að mynda stjórn

**SPÁNN** Sósíalistaflokkurinn og Podemos hafa náð samkomulagi um að mynda ríkisstjórn á Spáni. Eftir kosningarnar sem fram fóru sunnudaginn 10. nóvember vantar þá þó enn um 20 þingmenn til að ná meirihluta á þinginu. Munu þeir því þurfa að leita til smærri flokka.

„Spænska þjóðin hefur talað og nú er það í verkahring stjórnmálaleiðtoganna að knýja þann vilja fram og rjúfa þá pattstöðu sem myndast hefur að undanförnu,“ sagði Pedro Sanchez, forsætisráðherra og leiðtogi Sósíalista.

Flokkur hans hélt fylgi sínu nokkurn veginn, tapaði aðeins þremur þingsætum og hefur nú 120. Podemos, sem er enn þá lengra á vinstrivængnum, tapaði sjö af 42 sætum sínum. Samanlagt hafa flokkarnir 155 sæti en þurfa 176.

Sigurvegarar kosninganna, Íhaldsflokkurinn og þjóðernispopúlíski flokkurinn Vox, eiga litla von um að geta myndað stjórn. Samkomulag Sósíalista og Podemos markar nokkur tímamót því að illt hefur verið á milli flokkanna að undanförnu. Hefur Sanchez hingað til ekki viljað taka það í mál að Podemos fengi ráðherrastóla.

> **Spænska þjóðin hefur talað og nú er það í verkahring stjórnmálaleiðtoganna að knýja þann vilja fram og brjóta þá pattstöðu sem myndast hefur að undanförnu.**
>
> Pedro Sanchez, forsætisráðherra

Stærsta málefnið sem spænsk stjórnmál standa frammi fyrir í dag er hvernig taka eigi á sjálfstæðiskröfum Katalóna. Vinstriflokkarnir gætu þurft að leita eftir stuðningi Katalónskra þjóðernissinna, sem fengu 13 þingsæti á sunnudag. **– khg**

# Hong Kong á barmi upplausnar

**Lögreglan í Hong Kong segir borgina á barmi upplausnar eftir fimm mánaða mótmæli. Mótmælendur saka lögreglu um ofbeldi og krefjast lýðræðisumbóta.**

**KÍNA** Hong Kong er á barmi upplausnar að sögn lögreglu í kjölfar mótmælanna sem hafa nú staðið yfir í fimm mánuði. Í gær stöðvuðu mótmælendur umferð í viðskiptahverfinu. Þá féllu niður tímar í háskólum. Á mánudag lokuðu mótmælendur verslunum og hafa þeir gefið út að truflanir á starfsemi fyrirtækja haldi áfram út vikuna. Fram til þessa hafa mótmælin farið fram um helgar.

Hong Kong hefur verið sjálfstjórnarhérað í Kína frá því að Bretar yfirgáfu borgina fyrir aldamót. Mótmælin hófust í júní eftir að stjórnvöld lögðu fram tillögu um að heimila framsal til Kína. Þau hafa síðan magnast yfir í kröfur um aukið lýðræði og ábyrgð af hálfu stjórnvalda.

Í gær var strætisvagn notaður til að teppa umferð. Þá var kveikt í stóru jólatré í verslunarmiðstöð.

„Við höfum ótal dæmi um óeirðaseggi sem beita saklaust fólk ofbeldi,“ hefur BBC eftir Kong Wing-cheung, talskonu lögreglunnar í Hong Kong. „Hong Kong er á barmi upplausnar vegna grímuklæddra óeirðaseggja sem auka sífellt ofbeldið í þeirri von að þeir komist upp með það.“

Mótmælandi var skotinn af lögreglu á mánudaginn. Í kjölfarið var kveikt í stuðningsmanni kínverskra stjórnvalda. Báðir liggja á sjúkrahúsi.



Mótmælendur kveiktu elda í Hong Kong í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Li Kwai-wah yfirlögregluþjónn segir lögregluna hafa verið í fullum rétti að skjóta mótmælandann. „Lögregluþjóni var ógnað af hópi fólks sem ætlaði að taka af honum byssuna. Í slíkum aðstæðum á lögreglan fullan rétt á að verja sig.“

Mótmælendahópurinn Demosisto deildi í kjölfarið myndbandi þar sem lögregla sést úða piparúða á konu og berja hana með kylfu. Joshua Wong, leiðtogi Demosisto, segir að hún sé ólétt og aðgerðir lögreglu hafi verið hræðilegar. **arib@frettabladid.is**


JAGUAR

LAND ROVER

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6




LAND ROVER Discovery 5 HSE
Nýskr. 5/2019, ekinn 7 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 13.890.000 kr.
Rnr. 420269.




RANGE ROVER EVOQUE SE
Nýskr. 9/2018, ekinn 6 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.390.000 kr.
Rnr. 420266.







JAGUAR I-PACE S EV400 AWD
Nýskr. 5/2019, ekinn 11 þús. km, 100% rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 11.590.000 kr.
Rnr. 420267.




JAGUAR F-PACE Portfolio
Nýskr. 9/2018, ekinn 7 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 9.490.000 kr.
Rnr. 420224.

PORSCHE CAYENNE S e-hybrid
Nýskr. 1/2017, ekinn 24 þús. km, bensín, rafmagn, sjálfskiptur.
Rnr. 392121.

TILBOÐ: 8.790.000 kr.
Verð: 9.490.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM96778

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



# Fjórir nýir bílar í flotann

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins tók á móti fjórum nýjum slökkvibifreiðum um hádegisbil í gær. Við það tilefni reyndu forystumenn sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu búnað bifreiðanna og ekki annað að sjá en að þeim hafi líkað vel.











Sænsk gæðamálning
EU Ecolabel
NORDIC ECOLABEL
396 007
SWEDISH PAINT SINCE 1955
MÚRBÚÐARVERÐ
Deka Projekt 02,
Loftmálning 2,7 lítrar
2.290
Deka Projekt 05,
2,7 lítrar (stofn A)
2.490
Deka Projekt 10,
2,7 lítrar (stofn A)
2.990
Málningarlímband
frá kr.
275
Einnota málningar-
gallar frá kr.
695
Spartlspaðar
frá kr.
695
Áltrappa 3 þrep - verð frá
4.490
Áltrappa 4 þrep 5.440
5 þrep 7.290
6 þrep 7.690
Sköfur frá kr.
245
Spartlspaðar
sett kr.
395
Deka Gólfmálning
grágræn 3 ltr.
4.690
Málningargrind
og rúlla frá kr.
575
Slípiklossar
frá kr.
395
Kíttgrindur
frá kr.
790
Málningarpenslar
frá kr.
150
Sandpappír
frá kr.
125
örkin
Framlengingarsköft
frá kr.
595
Bostik spartl 250 ml
690
Málningarbakkar
frá kr.
195
Mikið úrval
málningarverkfæra
Bostik málningarkítti
390
Yfirbreiðslur Fleece
frá kr.
540
Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður Selhellu 6. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Afleit staða og viðbrögð



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Staða sjálfstæðra fjölmiðla á Íslandi er afleit. Rekstrarskilyrðin eru slæm og rekstrarumhverfið litlu skárra. Taprekstur er viðvarandi vandamál og það telst til tíðinda þegar fjölmiðli tekst að skila hagnaði.

Starfsskilyrði blaðamanna eru ekki mikið betri. Starfsöryggið er lítið, álagið er mikið, launin lág og starfsaldur stuttur. Þá hafa rannsóknir gefið til kynna að blaðamennska sé með verstu störfum í heimi þegar litið er til fyrrnefndra þátta og starfsþróunar.

Tímamót urðu í sögu félagsmanna í Blaðamannafélagi Íslands á föstudag þegar blaðamenn, ljósmyndarar og myndatökumenn á stærstu fjölmiðlum landsins réðust í sínar fyrstu verkfallsaðgerðir í tæp 42 ár. Það var jafnframt sögulegt fyrir þær sakir að vefmiðlar lögðust af í fyrsta sinn.

Blaðamenn hafa verið kjarasamningslausir í um tíu mánuði, þó laun þeirra hafi sjaldan verið talin réttlát. Þeir fara fram á leiðréttingu launa sinna, ekki síst vegna launaskerðingar sem þeir tóku á sig í kjölfar efnahagshrunsins, og gera þá eðlilegu kröfu að fá greitt fyrir yfirvinnu sem innt er af hendi.

Kröfur blaðamanna eru eðlilegar og sjálfsagðar. Hins vegar þarf samhliða þessu að líta til þess að aukinn kostnaður, af hvaða tagi sem er, mun ekki bæta rekstrarforsendur fjölmiðla. Frjálsir fjölmiðlar standa höllum fæti gagnvart ríkismiðlinum og þannig verða þeir áfram ef samkeppnisstaðan verður ekki jöfnuð. Ríkisvaldið ætti þess vegna að standa við stóru orðin um stuðning við frjálsa fjölmiðla og liðka þannig fyrir kjaraviðræðunum.

Það er margendurtekin tugga hvernig jafna megi leikinn milli fjölmiðla. Fyrsta skrefið er að ráðast að rót vandans og takmarka yfirburðastöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og þannig draga úr þeirri ójöfnu og ósanngjörnu samkeppni sem ríkir.

Önnur smærri en rökrétt skref eru niðurfelling tryggingagjalds og afnám hins fullkomlega óeðlilega áfengisauglýsingabanns, sem engin leið er að framfylgja, enda er þessar auglýsingar að finna í nánast öllum erlendum fjöl- og samfélagsmiðlum.

Næsta vinnustöðvun blaðamanna verður á föstudag, náist ekki samningar fyrir þann tíma. Það þarf að grípa inn í áður en afleiðingarnar verða meiri. Þess vegna er kallað eftir því að ráðherra efni loforð sín um breytingar á fjölmiðlamarkaði og í framhaldinu bæti þá skökku samkeppnisstöðu sem ríkið hefur skapað með stuðningi sínum við einn fjölmiðil.

Lykillinn að farsælum rekstri er fólkið sem þar starfar. Styðjum við fólkið, bætum kjör þess, kaup og umhverfi. Það mun óhjákvæmilega leiða af sér sterkari fjölmiðlun.

**Fyrsta skrefið er að ráðast að rót vandans og takmarka yfirburðastöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Ný víglína**

**Ný víglína hefur myndast í köldu stríði Bandaríkjanna og Kína, það er á göngum Háskóla Íslands. Komið var þar upp plaggötum vegna 70 ára afmælis Alþýðulýðveldisins og á þeim voru yfirburðir Maós formanns tíundaðir. Var þetta uppátæki augljóslega liður í átaki Kínverja, Belti og braut. Áróðursáhlaupið gekk hins vegar ekki betur en svo að krotað var á plaggötin og þau fljótlega rifin niður af mikilli heift. Sennilega hefur sjálfur Mike Pence fyrirskipað það, auk þess að öllum Huaweinetbeinum skólans yrði kippt úr sambandi.**

**Freðinn rymböggull**

**„Ó, freðni rymböggull. Yðar þvagleki birtist mér.“ Svona hóf Björn Leví Gunnarsson nefndarálit sitt um fjárlög í gær og fór með tvö erindi úr ljóði Jeltz úr Leiðarvísi puttaferðalangsins eftir Douglas Adams. Er þetta ekki í fyrsta sinn sem bókin ratar inn í íslensk stjórnmál því margir muna eftir dulnefni uppljóstrarans Báru Halldórsdóttur, Marvin. Því ber að fagna að vísindaskáldskapur rati inn í sal Alþingis. Einnig ljóðlist, sem minna hefur farið fyrir eftir að Árni Johnsen og Guðni Ágústsson kvöddu þingið. Sér í lagi er ánægjuleg sú staðreynd að Björn Leví þýddi ljóðið sjálfur og, að mati leikmanns, bara asskoti vel.** kristinnhaukur@frettabladid.is

# Dalnum fórnað á altari óþekktra hagsmuna



Björn Gíslason
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Við lestur fréttar í Fréttablaðinu á mánudaginn var, sem birt var undir fyrirsögninni „Verulega hugsi yfir seinagangi kerfisins“ um hið svokallaða Aldin Biodome, 4.500 fermetra gróðurhvelfingu, sem reisa á í Elliðaárdalnum, svelgdist mér hreinlega á í orðsins fyllstu merkingu. Ekki vegna framsetningar fréttarinnar heldur vegna þess sem þar kom fram.

Það er einkum óvissan um fjármögnun verkefnisins, sem ég er verulega hugsi yfir, en kostnaðurinn við verkefnið er sagður 4.500 milljónir króna. Þá er rétt að hafa í huga að hér er borgin að útdeila gæðum – lóð á besta stað – í eigu skattgreiðenda án þess að greitt sé fyrir þau að fullu.

Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki hafa spurt hvaðan peningarnir kæmu að fjármögnun verkefnisins og kvaðst enga vitneskju um það hafa. Þetta er auðvitað ekki trúverðugur málflutningur hjá Hjálmari og því rétt að spyrja hvað borgaryfirvöld hafi að fela hvað fjármögnunina varðar.

Ef rétt reynist að borgin búi ekki yfir upplýsingum um fjármögnunina er það gersamlega ábyrgðarlaust gagnvart skattgreiðendum í borginni, sem á endanum borga brúsann. Enda er ljóst að Reykjavíkurborg þarf að leggja út í mikinn kostnað, sem gæti hlaupið á yfir milljarði króna, s.s. fráveitulagnir o.fl., svo verkefnið geti orðið að veruleika.

Með það í huga er mjög eðlilegt að borgaryfirvöld fái einhvers konar staðfestingu á því að verkefnið sé fjármagnað að fullu og hverjir standa þar að baki áður en lengra er haldið og lóðin gefin.

Borgaryfirvöld ættu ekki að gleyma því að Elliðaárdalurinn er einstakur í sinni röð á heimsvísu, með ótal fallegum gönguleiðum, fjölbreyttu lífríki og ómengaðri laxveiðiá, þar sem er búið að veiða lax lengur en elstu menn muna. Öllu þessu má aldrei fórna af skefjalausu ábyrgðarleysi á altari óþekktra hagsmuna.

**Öllu þessu má aldrei fórna af skefjalausu ábyrgðarleysi á altari óþekktra hagsmuna.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Eru eldri borgarar útkast dagsins í dag?



**Drífa Sigfúsdóttir**
varamaður í stjórn Landsambands eldri borgara

Við eigum að taka upp breytta stefnu í málefnum eldri borgara sem bæði eykur lífsgæði og sparar opinberum aðilum fé. Á 10 ára tímabili má gera ráð fyrir að eldri borgurum fjölgi um 67%. Ríki og sveitarfélög eru ekki búin undir þessa miklu fjölgun. Stjórnmálaflokkarnir eru áhugalausir um þennan hóp. Allir lofa þeir þó því að aldraðir eigi að geta verið sem lengst heima en hvar eru efndirnar? Ég vil að það verði gerð könnun á þeirri þjónustu sem veitt er hjá ríki og sveitarfélögunum ásamt verðlagningu á henni.

Við lifum lengur og í því felast tækifæri einkum á þriðja æviskeiðinu. Við búum yfir mikilli reynslu og mætum vel í vinnu. Ríkið hefur ekki enn afnumið þann órétt að fólk sem vinnur hjá ríkinu þurfi að hætta í vinnu við 70 ára aldur. Þetta ákvæði samræmist alls ekki jafnræðissjónarmiði stjórnsýslulaga. Ýmsir ættu að hætta í vinnu mun fyrr en aðrir eru fullfrískir og við góða andlega heilsu og gætu því unnið lengur. Af hverju ætti tala á blaði að ráða hvort við vinnum eða ekki? Nær væri að fram færi mat á hæfni viðkomandi.

Þá þarf sem fyrst að hækka almenna frítekjumarkið í að lágmarki í 100 þúsund krónur, 25 þúsund krónur eru bara bull. Það eru aðeins um 20% ellilífeyrisþega sem ná 300 þúsund króna markinu. Það er löngu tímabært að fella niður þessa skerðingu. Ég vil sjá breytingu þar sem heilsuefling verður í forgrunni í þjónustu við þennan hóp í anda þess sem Heilsuefling Janusar hefur unnið að. Þessi þjónusta hefur sýnt að með þjálfun má bæta lífsgæði og auka virkni fólks. Það má einnig draga verulega úr lyfjakostnaði við mörgum sjúkdómum með réttri hreyfingu t.d. sykursýki.

Dvöl á hjúkrunarheimili kostar fyrir einn einstakling um 13-15 m.kr. á ári en fyrir þá upphæð má þjálfa t.d. hjá Heilsueflingu Janusar 80-100 manns. Ef við getum seinkað því að fólk þurfi á dvöl á hjúkrunarheimili að halda, t.d. um 10 ár, má spara 130-150 m.kr. sem eru verulegir fjármunir.

Eldra fólk er ekki byrði á samfélaginu, við höfum margt að bjóða. Við höfum unnið mikið og tekið þátt í uppbyggingu samfélagsins. Nú viljum við að hlustað sé á okkur og það sé hugsað til framtíðar um þjónustu, fyrir þá miklu fjölgun eldri borgara sem blasir við. Það er stutt í kosningar og þessi hópur mætir vel á kjörstað. Við viljum sjá efndir á loforðum stjórnmálamanna.

# Fyrr og síðar



**Einar Benediktsson**
fyrrverandi sendiherra

Í grein sinni í Fréttablaðinu 31. október, „Uppbygging í aldarfjórðung“, víkur Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra að Uppbyggingarsjóði Evrópu, einum þætti í samstarfinu í Evrópska efnahagssvæðinu. Auk ómælds ábata af viðskiptum í EES, hefur þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB skapað grunn að víðtæku samstarfi á sviði menningarmála. Uppbyggingarsjóður Evrópu er „eitt slíkt tæki“.

Samkvæmt EES-skýrslu sérfræðinga undir forystu Björns Bjarnasonar, hefur fjárhagslegur ávinningur fyrir Ísland verið mikill af þessu samstarfi. Ekki er síðri sá ávinningur, sem snýr að þekkingarauka, nýsköpun og tengslamyndun. Þyngst vega þrjár áætlanir; Horizon2020 (rannsóknir og nýsköpun), Erasmus+ (mennta-, æskulýðs- og íþróttamál) og Creative Europe (kvikmyndir og menning). Úttekt á þátttöku Íslands í sjöttu og sjöundu samstarfsáætlun ESB á árunum 2003-2011, sýnir kaflaskipti í rannsóknum og þróun á Íslandi. Það var einróma álit að þátttakan hafi leitt til stóraukins alþjóðlegs samstarfs á sviði menntunar, rannsóknar og nýsköpunar, opnað íslenskum vísindamönnum aðgang að þekkingu og aðstöðu sem ekki var fyrir hendi hér á landi og skilað sér í auknum gæðum rannsókna, nýsköpun hjá fyrirtækjum og bættri samkeppnishæfni. Á starfsárum áttundu rammaáætlunar ESB um rannsóknir og þróun (Horizon 2020) hafa rúmlega 99 milljónir evra verið greiddar í styrki til íslenskra aðila og 67 milljónir úr sjöundu rammaáætluninni (2007-2013). Erasmus+ áætlunin er umfangsmikil en allir íslenskir háskólar njóta styrkja úr áætluninni á ári hverju, auk fjölmargra leik-, grunn- og framhaldsskóla, fullorðinsfræðsluaðila og æskulýðsfélaga. Íslenskir aðilar hafa helst sótt í styrki til þróunar, framleiðslu og dreifingar á kvikmynda- og sjónvarpsverkefnum í Creative Europe menningaráætlun ESB. Fjöldi styrkja á þessum sviðum hefur runnið til íslenskra verkefna og gert það að verkum að íslenskt efni hefur ratað fyrir sjónir evrópskra og alþjóðlegra áhorfenda.

Það er gamalkunn staðreynd að aukinni hagsæld fylgir öflugra menningarlíf. Þannig má rekja áhrif EES-samningsins til aukins hagvaxtar vegna aukinna viðskipta og efnahagslegra samskipta til eflingar þjóðlegrar menningar. Á sviði framleiðslu sjávarafurða og áls hefur Ísland samkeppnislegt forskot. Við hina miklu áherslu á viðskiptafrelsi vöruútflutnings og frelsi á sviði flugsamgangna, hefur það viljað falla í skuggann, að samvinnan í ESB í menningarmálum, sem við höfum aðgang að með EES-samningnum, er Íslandi ekki síður nauðsynleg. Sá ávinningur er gagnkvæmur fyrir samstarfsaðila.




Íslenski sjávarklasinn, Samtök atvinnulífsins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið efna til ráðstefnunnar **Flutningalandið Ísland** í Hörpu fimmtudaginn 14. nóvember kl. 12.30-15.30. Boðið er upp á fjölbreytta og áhugaverða dagskrá þar sem m.a. verður horft til tækifæra og ógnana framundan í þessari mikilvægu atvinnugrein fyrir Íslendinga.

## DAGSKRÁ

**12.30 Opnun Flutningalandsins**
***Halldór Benjamín Þorbergsson***, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

**12.40 Framtíðin**
***Gunnar Már Sigurfinnsson***, framkvæmdastjóri Icelandair Cargo
***Vilhelm Þorsteinsson***, forstjóri Eimskip
***Lilja Karlsdóttir***, samgönguverkfræðingur og verkefnastjóri Borgarlínunnar

**13.20 Frumkvöðlamínútur**
Krít, ***Almar Guðmundsson***
Optitog, ***Halla Jónsdóttir***
Magnea bátar, ***Bjarni Hjartarson***
Greenvolt, ***Bala Kamallakharan***
Tracio, ***Stefán Jones***

Mínútustjóri er ***Berta Daníelsdóttir***, framkvæmdastjóri Sjávarklasans

**13.50 Hlutverk atvinnulífsins í uppbyggingu innviða**
***Ásta S. Fjeldsted***, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

**14.05 Kaffihlé**

**14.30 Umræður**
***Verður Ísland samkeppnishæft í flutningum árið 2050?***
***Jón Gunnar Jónsson***, forstjóri Samgöngustofu
***Bergþóra Þorkelsdóttir***, forstjóri Vegagerðarinnar
***Sveinbjörn Indriðason***, forstjóri Isavia

**15.00 Lokaorð: Samgöngur og framtíðin**
***Sigurður Ingi Jóhannsson***, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

**15.30 Dagskrárlok**

Ráðstefnustjóri er ***Ragnhildur Hjaltadóttir***, ráðuneytisstjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

**Vinsamlegast skráið þátttöku á www.sa.is**

Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
SA
SJÁVAR KLASINN

# Ellefu marka ljúfmenni úr Hafnarfirði

**Tjörvi Þorgeirsson, leikmaður Hauka í Olísdeild karla og deildarstjóri Vinakots, er á því að deildin í ár sé sterkari en áður. Fleiri lið séu betri og hann getur nánast ekki beðið eftir úrslitakeppninni. Eftir að hafa slitið krossband 2016 fór atvinnumannsdraumurinn út um gluggann en nú er hnéð í lagi og spilamennskan hefur verið eftir því það sem af er vetri.**



Tjörvi skoraði 11 mörk gegn Íslandsmeisturum Selfoss. Hann segir að stemningin í hópnum sé frábær enda er liðið á toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

HANDBOLTI Tjörvi Þorgeirsson var frábær í sjö marka sigri Hauka á Íslandsmeisturum Selfoss á mánudag. Fyrir utan að skora ellefu mörk stýrði hann sóknarleik heimamanna af mikilli festu og fékk hrós víða fyrir leik sinn.

Tjörvi vinnur í Vinakoti þar sem hann hefur verið í fimm ár. „Vinakot er úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda. Ég er búinn að vera hér í fimm ár og hef lært inn á þetta en á eftir að læra í kringum starfið, hvort sem það verður félagsfræði eða hvað. Þetta er gefandi og skemmtilegt starf.“

Tjörvi segir að leikurinn á mánudag gegn Selfossi hafi verið heilt yfir nokkuð góður hjá sér. „Boltinn var svolítið inni. Þeir voru svolítið flatir á mig, hvort sem það var uppleggið eða ekki veit ég ekki en það var ágætt.

Mér finnst flæðið í sóknarleiknum okkar mjög gott en ég held að Selfoss hafi alveg spilað betri vörn og fengið betri markvörslu en við nýttum það sem við fengum og að skora 36 mörk er nokkuð gott.“

**Á toppnum og taplausir**

Haukar eru á toppi deildarinnar eftir níu umferðir og hafa ekki ennþá tapað leik. Hafa gert tvö jafntefli, annars vegar við FH og hins vegar ÍBV. Tjörva finnst fleiri lið sterkari en í fyrra. „Mér finnst deildin mjög sterk. Við erum á toppnum en mér finnst við eiga smá inni. Við höfum verið að seiglast í gegnum nokkra leiki. Hvort sem það er reynslan skal ég ekki segja en við erum að njóta okkar betur og það er meira gaman hjá okkur en í fyrra.“

> **Ég bjóst ekki alveg við því að við yrðum taplausir eftir níu leiki, ef ég á að segja satt, en miðað við hvernig þetta hefur verið að spilast finnst mér við hafa átt að vinna FH og ÍBV og vera með fullt hús stiga.**
>
> Tjörvi Þorgeirsson

Í Haukaliðinu eru reynsluboltar með langan atvinnumannaferil og töluverðan landsleikjafjölda að baki eins og Vignir Svavarsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson sem Tjörvi ber vel söguna „Ég bjóst ekki alveg við því að við yrðum taplausir eftir níu leiki, ef ég á að segja satt, en miðað við hvernig þetta hefur verið að spilast finnst mér við hafa átt að vinna FH og ÍBV og vera með fullt hús stiga.

Það eru fleiri lið sem geta sprungið út í úrslitakeppninni. Þar verða átta lið og ég sé þetta þannig að allar viðureignirnar verði hörkuslagir. Það eru alveg lið sem eru langt frá en mér finnst fleiri góð lið. Valur hefur verið að vinna eða tapa með einu marki og oft er þetta spurning um lokakaflann þar sem við höfum verið góðir.“

**Hnéð í lagi**

Tjörvi er uppalinn í Haukum og þar hefur honum liðið vel. Er ekkert að fara neitt annað. „Ég hef verið þarna alla mína hunds- og kattartíð. Það heillaði alveg að fara eitthvað út og það voru alveg smá þreifingar en svo sleit ég krossbandið og var mjög lengi að ná mér. Hnéð er orðið fínt í dag – eða eins gott og það getur orðið. Það verður aldrei gott. Ég er laus við margt eins og vökva og annað. Ég er orðinn fljótur að ná mér.“ benediktboas@frettabladid.is

> **29**
>
> **mörk hefur Tjörvi skorað í fyrstu níu leikjum Hauka og er hann þriðji markahæsti leikmaður liðsins.**

# Joe Gomez æfði með skurð í andliti

FÓTBOLTI Joe Gomez æfði með landsliði Englands í gær með töluverðan skurð í andliti eftir viðskipti sín við Raheem Sterling. Skurðurinn var við hægra augað en enska knattspyrnusambandið og Gareth Soutgate, landsliðsþjálfari Englands, tilkynntu að Sterling yrði ekki með gegn Svartfjallalandi á fimmtudag.

Sterling réðst að Gomez í mötuneyti enska landsliðsins á mánudag, daginn eftir að þeim hafði lent saman í stórleik enska boltans þar sem Liverpool vann Sterling og félaga í Manchester City. Sterling var ekki búinn að gleyma þeim viðskiptum og samkvæmt Sky Sport gekk Sterling inn í mötuneytið þegar Gomez og nokkrir aðrir leikmenn voru að sprella.

Það fór eitthvað illa í Sterling sem réðst að Gomez og reyndi að taka hann hálstaki meðal annars. Ekki hefur verið útlistað hvernig skurðurinn kom til en Gomez á að hafa verið hinn rólegasti.

Þeir hittust svo síðar fyrir tilstuðlan Jordans Henderson og héldu sáttafund þar sem málið var jarðað. Sterling hefur þegar beðist afsökunar. Atvikið hafði ekki meiri áhrif en svo að félagarnir voru mættir út á æfingasvæði í gær og voru þar léttir og kátir.

Sjóðheit umræða hefur verið um málið í enskum fjölmiðlum þar sem margt hefur verið ritað og rætt. Gömlu Manchester United félagarnir Gary Neville og Rio Ferdinand hafa verið á öndverðum meiði. Neville er sammála ákvörðun Southgates en Ferdinand er ósammála.

„Mér finnst þetta vera rétt ákvörðun án þess að vita nákvæmlega hvað gekk á. Það er ekkert verra en að sópa málinu undir teppið,“ sagði Neville en Ferdinand finnst að Southgate hefði átt að meðhöndla málið öðruvísi. „Southgate hefur trúlega séð margt verra en þetta sem leikmaður og knattspyrnustjóri. Ég tel að hann hefði getað afgreitt þetta betur til að styðja leikmanninn í stað þess að setja hann í erfiða stöðu.“ – bb




Gomez á æfingunni í gær ásamt Trent Alexander-Arnold. Skurðurinn er fyrir neðan hægra augað og sést því illa. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Southgate hefur trúlega séð margt verra en þetta sem leikmaður og knattspyrnustjóri. Ég tel að hann hefði getað afgreitt þetta betur.**
>
> Rio Ferdinand

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 13. nóvember 2019 | 42. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
TUDOR
TAG Heuer
LONGINES
NOMOS GLASHÜTTE
TISSOT




Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is




# Tekist á um eftirlitið

Hagsmunaaðilar hafa ólíka sýn á fyrirhugaðar breytingar á samkeppnislöggjöfinni. Heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar til dómstóla er stærsta deiluefnið. 6

**Breytingin mun ekki veikja eftirlit eða leiða til vægari krafna um framfylgd laga.**




»2

### Sala Arion á TravelCo er á lokametrunum

Einkaviðræður við erlendan aðila um kaup á ferðaskrifstofusamstæðunni. Kaupin gætu klárast í þessum mánuði en óvíst er hvort íslensku eignirnar, Heimsferðir og Terra Nova, verða með í kaupunum.

»4

### Áhugi erlendra fjárfesta glæðist á ný

Forstjóri Fossa markaða segir eftirsóknarvert fyrir erlenda fjárfesta að leggja fé í íslensk verðbréf. Fylgni íslenska markaðarins við hinn alþjóðlega sé lítil.

»10

### Aurum selur skart í House of Fraser

Selja í fimm stórverslunum og munu opna í tveimur öðrum eftir áramót. Stjórnendur Aurum vilja stíga varfærin skref. Aurum hóf að sækja á Bretland fyrir fimm árum.


Leica EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65% stærra lessvæði

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# Novator fjárfesti í Stripe

Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, fjárfesti í bandaríska fjártæknifyrirtækinu Stripe í september. Fyrirtækið var metið á 35 milljarða dollara, jafnvirði um 4.373 milljarða króna í 250 milljóna dollara hlutafjáraukningu sem Novator tók þátt í. Hlutur Novators er trúnaðarmál. Þetta kemur fram í skriflegu svari frá Ragnhildi Sverrisdóttur, upplýsingafulltrúa fjárfestingafélagsins.

Stripe hefur um árabil verið þekkt fyrir hugbúnað sem auðveldar viðskipti og greiðslumiðlun á netinu, hvort sem sett er upp áskriftarþjónusta, sölusíða á netinu, hópfjármögnun eða annað af svipuðum toga. Í september hóf Stripe að bjóða kreditkort fyrir fyrirtæki.

„Novator telur Stripe frábært dæmi um fyrirtæki, sem nýtir sér nýjustu tækni til að taka yfir ýmsa þætti, sem áður hafa tilheyrt hefðbundinni bankastarfsemi. Greiðslumiðlun fyrirtækisins á netinu lækkar kostnað fyrir neytendur og bæði auðveldar og einfaldar starfsemi fyrirtækja, sem nýta sér hana,“ segir Ragnhildur.

Upplýst var í maí að Valitor, dótturfélag Arion banka, hafi aftur samið við Stripe til tveggja ára. Stripe, sem var einn stærsti viðskiptavinur Valitors, hætti viðskiptum sínum við Valitor um mitt ár 2018.

Í eignasafni Novators eru 16 fyrirtæki, samkvæmt heimasíðu fyrirtækisins. Markaðurinn upplýsti í haust að félagið hefði fjárfest í breska tölvuleikjafyrirtækinu Lockwood Publishing sem framleiðir snjallsímaleikinn Avakin Life.

**4.373** milljarðar var markaðsvirði Stripe í hlutafjáraukningu í september.

Við upphaf árs sagði Markaðurinn frá því að Novator hefði fjárfest í tæknifyrirtækinu Rebag sem rekur verslanir þar sem hægt er að kaupa og selja notaðar lúxushandtöskur fyrir konur.

Á meðal annarra tæknifyrirtækja í eignasafninu má nefna deliveroo, Zwift og Klang. Novator á einnig í fjarskiptafyrirtækjunum Play í Póllandi, Wom í Chile og Nova á Íslandi. – hvj


Björgólfur Thor Björgólfsson.

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang hordur@frettabladid.is | Sími 550 5051
Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is





TravelCo tók yfir ferðaskrifstofuna Primera Travel Group við gjaldþrot flugfélagsins Primera Air.

# Sala Arion á TravelCo er á lokametrunum

**Einkaviðræður standa yfir við erlendan aðila um kaup á ferðaskrifstofusamstæðunni af Arion banka. Kaupin gætu klárast í þessum mánuði en óvíst er hvort íslensku eignirnar, Heimsferðir og Terra Nova, verða með í kaupunum.**

Einkaviðræður standa nú yfir við erlendan aðila sem gerði skuldbindandi kauptilboð í ferðaskrifstofusamstæðuna TravelCo, eiganda Heimsferða, Terra Nova á Íslandi auk ferðaskrifstofa í Noregi, Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð, en vonir standa til að salan geti klárast í lok þess mánaðar, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Til greina kemur hins vegar að íslensku ferðaskrifstofunum, báðum eða annarri, verði haldið fyrir utan kaupin og þær seldar öðrum fjárfestum. Á síðasta fjórðungi ársins 2018 námu heildartekjur TravelCo um 5,8 milljörðum króna en mikill meirihluti þeirra tekna kemur til vegna starfseminnar utan Íslands.

Jón Karl Ólafsson, stjórnarformaður TravelCo, staðfestir í samtali við Markaðinn að viðræður standi yfir við einn aðila um kaup á samstæðunni en ekki sé hægt að upplýsa um nafn hans. Unnið sé nú að gerð áreiðanleikakönnunar og ætti niðurstaða hennar að liggja fyrir á næstu dögum.

Ferðaskrifstofufélagið var tekið yfir af Arion banka í júní á þessu ári vegna fjárhagserfiðleika og vanefnda við bankann. TravelCo, sem var stofnað í október fyrir um ári, hafði áður tekið yfir ferðaskrifstofur Primera Travel Group þegar flugfélagið Primera Air varð gjaldþrota en eigandi og stofnandi Primera Air var Andri Már Ingólfsson. Samkvæmt nýlega birtum ársreikningi TravelCo nam tap félagsins á síðustu þremur mánuðum ársins 2018 rúmlega þremur milljörðum króna og var eigið fé neikvætt um 2,3 milljarða í árslok. Í síðasta mánuði tilkynnti Arion banki að vegna erfiðleika í ferðaþjónustu þyrfti bankinn að niðurfæra eignir TravelCo um 600 milljónir króna.

**5,8** milljörðum nam velta TravelCo á síðasta ársfjórðungi 2018.

## Meiri áhugi á Terra Nova

Unnið hefur verið að undirbúningi og sölu á TravelCo um nokkurt skeið en í söluferlinu áttu áhugasamir fjárfestar þess kost að gera tilboð í tilteknar eignir samstæðunnar. Samkvæmt heimildum Markaðarins reyndist þannig umtalsvert meiri áhugi á Terra Nova heldur en Heimsferðum.

Á síðasta ári nam tap Heimsferða samtals 768 milljónum króna, sem kom til vegna gjaldfærðra krafna við gjaldþrot Primera Air og Primera Travel Group, en tekjur félagsins voru tæplega 4,3 milljarðar króna. Eigið fé félagsins nam 51 milljón króna í árslok 2018. Í ársreikningi Heimsferða kemur fram í skýrslu stjórnar, sem er undirrituð í lok ágúst, að í uppfærðri áætlun félagsins fyrir 2019 sé gert ráð fyrir að undirliggjandi hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) verði um 65 milljónir.

Tap Terra Nova í fyrra var hins vegar um 3,3 milljónir evra, jafnvirði 450 milljóna króna, en rekstrarhagnaður félagsins var tæplega ein milljón evra. Þar réð mestu um tjón fyrirtækisins gjaldþrot Primera Travel Group en samkvæmt ársreikningi var það metið á um 4,1 milljón evra. Tekjur minnkuðu um rúmlega 2 milljónir evra á milli ára og voru samtals 15,4 milljónir evra 2018. Eigið fé var neikvætt um 1,8 milljónir evra í árslok 2018. Unnið er að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins og gera fjárhagsáætlanir ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu sem nemur um 0,2 milljónum evra á þessu ári.

Mikið tap af starfsemi TravelCo eftir það tók til starfa í október á síðasta ári kom meðal annars til vegna þeirra óhagstæðu áhrifa sem gjaldþrot Primera air hafði á rekstrarniðurstöður ferðaheildsala. Í ársreikningi félagsins kemur fram í skýrslu stjórnar að endurskipuleggja hafi þurft flugáætlanir og gera nýja flugsamninga með mjög stuttum fyrirvara til að tryggja þegar seldar pakkaferðir og flugsæti. Þeir samningar hafi verið afar óhagstæðir. Ekki aðeins hafi sætisverð verið hærra en áður heldur hafi einnig þurft að kaupa mun meira magn af sætum en þörf var á. Viðbótarkostnaður vegna þessara óhagstæðu flugsamninga er metinn á um 768 milljónir.
hordur@frettabladid.is

# Play semur við ungt þjónustufyrirtæki

Flugfélagið Play, sem áformar að hefja flugrekstur í vetur, verður í viðskiptum við Íslenska flugafgreiðslufélagið ehf. um flugþjónustu á Keflavíkurvelli, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Íslenska flugafgreiðslufélagið hóf nýlega starfsemi á Reykjavíkurflugvelli undir merkinu Reykjavík FBO. Það var stofnað árið 2017 en á síðasta ári námu tekjur félagsins um 10 milljónum króna. Félagið er einnig með heitið Iceland Aero Agents skráð hjá fyrirtækjaskrá og er með heimasíðu í smíðum með léni sem samsvarar erlenda heitinu. Íslenska flugafgreiðslufélagið er að stærstum hluta í eigu Hjalta Þórs Guðmundssonar lögmanns en Guðmundur Þengill Vilhelmsson er skráður framkvæmdastjóri. Guðmundur sagðist ekki geta tjáð sig um málið í samtali við Markaðinn.

**» Íslenska flugafgreiðslufélagið var stofnað árið 2017 en í fyrra námu tekjur þess um 10 milljónum króna.**

Í fjárfestakynningu Íslenskra verðbréfa, sem vinnur að fjármögnun Play, kemur fram að félagið hafi samið við nýtt fyrirtæki sem mun sjá um alla flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli á „áður óþekktum kjörum“. Var þá ljóst að fyrirtækið yrði ekki í viðskiptum við Airport Associates eins og WOW air. Þá segir í annarri fjárfestakynningu frá Play að samkvæmt viðskiptaáætlun félagsins muni það spara samanlagt um 2,2 milljarða króna á þeim samningum sem það hafi gert um flugafgreiðslu á árunum 2020 til 2022 samanborið við fyrri samninga WOW air.

Play hefur þegar gengið til samninga við Íslenska flugstéttarfélagið um gerð kjarasamninga við bæði flugmenn og flugliða og er áætlað að launakostnaður félagsins verði töluvert minni en hann var hjá WOW air. Gert er ráð fyrir að hefja flug á tveimur Airbus A320 flugvélum til sex áfangastaða í Evrópu í vetur. Fjórum flugvélum af sömu tegund verður síðan bætt við í vor og verður þá hafið flug til fjögurra stórborga í Norður-Ameríku. – þfh

REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG



# URÐARHVARF 8 FYRIR STÓRNOTENDUR

## GÆÐI - ÚTSÝNI - HAGKVÆMNI

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mötuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.



Heildarstærð er um 17.200 fm • Útleigurými frá 640 fm • Næg bílastæði og gott aðgengi
Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn • Afhending hefst vorið 2020

REYKJASTRAETI.IS

# Áhugi erlendra fjárfesta glæðist á ný

**Haraldur Þórðarson, forstjóri Fossa markaða, segir eftirsóknarvert fyrir erlenda fjárfesta að leggja fé í íslensk verðbréf. Fylgni íslenska markaðarins við hinn alþjóðlega sé lítil. Fossar markaðir stefna á að halda fjárfestadag beggja vegna Atlantshafsins einu sinni á ári.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is






Haraldur segir að hlutfall erlendra fjárfesta á hluta- og skuldabréfamarkaðnum sé lágt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Haraldur Þórðarson, forstjóri Fossa markaða, segir að áhugi erlendra fjárfesta á íslenska markaðnum hafi glæðst á nýjan leik eftir að FTSE hóf að taka íslensk fyrirtæki inn í sitt mengi af vísitölum í haust. Margir fjárfestar beri sig saman við vísitölurnar og fylgi þeim jafnvel nákvæmlega eftir. „Vísitölurnar beina sjónum erlendra fjárfesta til landsins sem áður höfðu ekki veitt því gaum.“

Fossar markaðir stóðu fyrir fjárfestadegi í New York á föstudag. Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði frá efnahag landsins og þrír forstjórar kynntu fyrirtækin sem þeir stýra. Um var að ræða Benedikt Gíslason, bankastjóra Arion banka, Orra Hauksson, forstjóra Símans, og Sigurð Viðarsson, forstjóra TM.

Orri Hauksson, forstjóri Símans, segir að fundir með erlendum fjárfestum séu langhlaup. „Það liggur ekki strax fyrir hvort fjárfestar muni sýna Símanum áhuga eftir fjárfestadaginn. Oft þarf nokkra fundi áður en þeir treysta sér til að leggja fé á erlenda markaði.“

Haraldur segir að það sé eftirsóknarvert fyrir erlenda fjárfesta að leggja fé í íslensk verðbréf. „Það er meðal annars vegna þess að fylgni íslenska markaðarins við alþjóðlega markaði er lítil. Enn fremur eru grunnstærðir í hagkerfinu áhugaverðar og verðlagning fyrirtækja álitleg. Íslenskar eignir passa vel inn í dreift alþjóðlegt eignasafn,“ segir hann.

Haraldur segir að þátttaka erlendra fjárfesta á íslenska hluta- og skuldabréfamarkaðnum sé afar lágt hlutfall. „Á hinum Norðurlöndunum er hlutfall erlendra fjárfesta á hlutabréfamarkaði oft um 40 prósent. Á Íslandi er hlutfallið, sem er aðeins breytilegt þar sem Arion banki og Marel eru með tvíhliða skráningu á erlendan markað, um 15 prósent. Hlutfallið hefur raunar aukist verulega frá losun fjármagnshafta árið 2017 þegar það var þrjú prósent. En það er enn umtalsvert lægra en þekkist í þeim ríkjum sem við berum okkur gjarnan saman við,“ segir hann.

Haraldur rifjar upp að Fossar markaðir stóðu fyrir fjárfestadegi í London í júní. „Stefnt er að því að halda fjárfestadag beggja vegna Atlantshafsins einu sinni á ári. Fossar markaðir hafa verið leiðandi í að koma með erlenda fjárfesta til Íslands. Tengslanetið er orðið ansi víðfeðmt sem endurspeglast í góðri þátttöku á fjárfestadeginum í New York. Þarna var einnig töluvert af fjárfestum sem við höfum ekki séð áður. Fjárfestarnir komu fyrst og fremst frá New York en einhverjir komu frá Connecticut og enn aðrir komu alla leið frá Boston. Það er allur gangur á því hvers lags fjárfestar þetta voru.“



Haraldur Þórðarson, forstjóri Fossa markaða.

*Hvaða spurningar fáið þið frá erlendum fjárfestum?*

„Þeir spyrja grunnspurninga um heilbrigði hagkerfisins, hvernig horfur eru og hvernig krónan standi. Gjaldmiðillinn er töluvert til umræðu. Sumir fjárfestar óttast krónuna og kjósa að verja sig gagnvart gengishreyfingum á meðan aðrir sjá tækifæri í að vera með opna stöðu. Þeir telja að hagtölur líti vel út og það sé akkur í að veðja líka á krónuna,“ segir Haraldur.

*Hvaða augum líta erlendir fjárfestar það að hlutabréfaverð á Íslandi hefur almennt farið lækkandi á síðustu árum ef litið er fram hjá Marel?*

„Fyrir fjárfesta sem eru að íhuga að fjárfesta á Íslandi gerir það tækifærið enn meira spennandi. Aftur á móti eru þeir fjárfestar sem þegar hafa lagt hingað fé síður ánægðir með þá þróun. Í flestum tilvikum eru þetta langtímafjárfestar sem hafa þolinmæði til að bíða eftir því að markaðsvirði endurspegli undirstöðuvirði þeirra félaga sem þeir fjárfesta í. Þá ber einnig að hafa í huga að það eru til fleiri eignarflokkar en skráð hlutabréf. Ávöxtun skuldabréfa hefur til að mynda verið afar góð að undanförnu.“

*Óttast erlendir fjárfestar ekki að það sé ekki nægilegt flæði á íslenska markaðnum til að viðhalda skilvirkri verðmyndun?*

„Mengi erlendra fjárfesta er afar fjölbreytt. Sumir vilja ekki fjárfesta hér á landi því seljanleiki er of lítill á meðan aðrir sérhæfa sig í minni fyrirtækjum og fylgifiskur þess er að seljanleiki þeirra bréfa er minni. Sumir horfa einungis á tilteknar atvinnugreinar á meðan enn aðrir vilja að eignasafnið sé dreift. Það er því ekkert eitt algilt svar við þessari spurningu.“

*Nú hafa margir erlendir fjárfestar dregið úr vægi fjárfestinga sinna á Íslandi. Sumir hafa sagt að Fossar hafi „ofselt“ Ísland. Hvað augum lítur þú þá staðhæfingu?*

„Það er af og frá að við höfum ofselt Ísland og horft fram í tímann teljum við að horfur hér á Íslandi séu mjög góðar. Það mun verða meira innflæði erlendis frá á komandi misserum en útflæði frá landinu og það mun hafa jákvæð áhrif á markaðinn.

Það geta verið margvíslegar ástæður fyrir ákvörðunum fjárfesta. Það þarf að horfa til þess hvenær þeir hófu að fjárfesta hér á landi, hvenær þeir selja, hvernig fjárfestingunni hefur vegnað og jafnvel hvernig aðstæður eru á öðrum mörkuðum í heiminum. Fjárfestar geta þurft að bregðast við útflæði úr eigin sjóðum og þurft að endurstilla eignasöfn sín með því að selja eignir. Enn fremur eru aðrir sem gætu þurft að bæta við stöður sínar. Sem betur fer búum við nú við opið hagkerfi og markað þar sem fjármagn flæðir frjálst til og frá landinu. Eignarhald á fjárfestingum hér á landi getur því tekið sífelldum breytingum.“

## Vill sjá fleiri virka erlenda fjárfesta

Orri Hauksson, forstjóri Símans, segir að hlutfall erlendra fjárfesta í fyrirtækinu hafi mest verið tæplega fjórðungur en sé nú um þrjú prósent. Það helgist meðal annars af því að bandaríska sjóðastýringarfyrirtækið Eaton Vance hafi átt rúmlega tíu prósenta hlut en eigi nú um tvö prósent.

„Þeir urðu að endurstilla eignasafnið og eiga nú meira í skuldabréfum í stað hlutabréfa en áður. Safnið var endurstillt eftir að nokkur fjöldi fjárfesta innkallaði fé sem þeir höfðu lagt í sjóðinn.“



Orri Hauksson, forstjóri Símans.

Hann bendir á að sveiflan í minnkandi hlutfalli erlendra fjárfesta sé meiri í tilviki Símans en öðum félögum vegna þess að mikil viðskipti hafi verið með bréf félagsins að undanförnu. Á skömmum tíma hafi Stoðir eignast um 14 prósenta hlut í fyrirtækinu.

„Erlendir hluthafar í Símanum hafa verið hálfvirkir hluthafar, ekki virkir fjárfestar eins og Stoðir eru og ekki hlutlausir út frá stefnumótun eins og lífeyrissjóðir. Eaton Vance kom til dæmis til leiðar atriðum varðandi breytta stjórnarhætti hjá Símanum.

Það er gott fyrir litla Ísland að hafa erlenda aðila í bland við innlenda í íslensku atvinnulífi,“ segir Orri, sem hefði viljað sjá fleiri virka erlenda fjárfesta á markaðnum, eins og framtakssjóði eða þá sem eru að fjárfesta af fjölskylduauði eða öðru beinskeyttu fjármagni.

„Hvers lags fjárfestir skiptir mögulega meira máli en umfangið á erlendu fjármagni sem slíkt,“ segir hann.

# Sala Kerecis í Bandaríkjunum sexfaldaðist á þriðja ársfjórðungi

Bein sala íslenska nýsköpunarfyrirtækisins Kerecis í Bandaríkjunum á þriðja ársfjórðungi var sexfalt meiri en á sama tímabili árið 2018. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri nam salan í Bandaríkjunum samtals 4,6 milljónum dala, jafnvirði 575 milljóna króna, á fjárhagsárinu 2019, sem lauk núna í lok septembermánaðar, og var hún í samræmi við áætlanir félagsins.

Þetta kemur fram í bréfi sem var sent á hluthafa Kerecis í byrjun þessa mánaðar, og Markaðurinn hefur undir höndum, en boðað hefur verið til aðalfundar hjá félaginu 26. nóvember næstkomandi. Kerecis framleiðir afurðir sem byggðar eru á affrumuðu þorskroði sem inniheldur fjölómettaðar fitusýrur. Afurðirnar hafa jákvæð áhrif á frumuvöxt og eru seldar til meðhöndlunar á þrálátum sárum og brunasárum.

Í bréfinu til hluthafa segir að salan á Bandaríkjamarkað gangi einkar vel og skilningur félagsins og fótfesta á þeim markaði styrkist



Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri Kerecis, og Ólafur Ragnar Grímsson, stjórnarmaður í Kerecis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ört. Langtíma vaxtartækifæri utan Bandaríkjanna, ásamt sölu á nýjum vörum, séu jafnframt veruleg. Þá kemur fram að hinn mikli vöxtur í Bandaríkjunum sé „afskaplega mikilvægur“ þar sem „meginfjárfestingar fyrirtækisins á liðnu ári voru einmitt í auknu mannahaldi og starfsemi sem tengist sölu beint til heilbrigðisstofnana í Bandaríkjunum. Þessar tölur sýna að viðskiptaáætlun Kerecis byggir á réttum forsendum,“ segir í bréfinu.

Salan utan Bandaríkjanna var samtals 1,4 milljónir dala, sem var um 200 þúsund dölum yfir áætlun, og fjórum sinnum meiri en á síðasta fjárhagsári. Samtals námu tekjur Kerecis um 8,4 milljónum dala og tvöfölduðust þær á milli ára. Rekstrarniðurstaða félagsins var hins vegar um 650 þúsund dölum lakari en áætlað var.

Kerecis lauk fyrr á þessu ári fjármögnun fyrir sextán milljónir Bandaríkjadala. Félagið seldi þá nýtt hlutafé til núverandi hluthafa og nýrra fyrir um 1.250 milljónir og auk þess var kröfum skuldbreytt í hlutafé að upphæð um 750 milljónir.

Á meðal þeirra sem bættust þá við hluthafahóp Kerecis voru samtökin Emerson Collective, sem voru stofnuð af Laurene Powell Jobs, ekkju Steve Jobs, stofnanda Apple, en þau breyttu kröfum sínum í hlutafé fyrir 390 milljónir og settu jafnframt inn nýtt fjármagn í félagið. Er Emerson Collective nú á meðal stærstu hluthafa Kerecis. Miðað við almenna gengið í hlutafjárhækkuninni, um 2.000 krónur á hlut, gæti virði Kerecis verið allt að 12,4 milljarðar.

Í kjölfar hlutafjáraukningarinnar var haldinn sérstakur hluthafafundur 1. ágúst síðastliðinn þar sem Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, var kjörinn í stjórn Kerecis. Var Ólafur tilnefndur í stjórn félagsins af Laurene Powell Jobs. – hae

**4,6**
**milljónum dala nam sala félagsins í Bandaríkjunum.**

# Play greiðir átta prósent vexti af láninu

Hið nýstofnaða lággjaldaflugfélag Play þarf að greiða átta prósent vexti af 40 milljóna evra, jafnvirði 5,5 milljarða króna, lánsfjármögnun sem félagið hefur tryggt sér frá breska sjóðnum Athene Capital sem hefur sömuleiðis kauprétt að tíu prósenta hlut í Play. Lánsfjármögnunin er til níu ára og til tryggingar þarf Play að vera með átta milljónir evra í reiðufé sem veð fyrir láninu.

Þetta kemur fram í fjárfestakynningu Play frá því fyrr í þessum mánuði, sem Markaðurinn hefur undir höndum, en þar segir að félagið geri ráð fyrir því að greiða fjármögnunina til baka að fullu á næstu þremur árum.

**8**

**milljónir evra þarf Play að vera með í reiðufé til tryggingar láninu.**

Til samanburðar námu vextirnir í 50 milljóna evra skuldabréfaútgáfu WOW air í fyrra, sem var til þriggja ára, níu prósentum ofan á millibankavexti í evrum. Fjárfestar sem tóku þátt í útboðinu áttu einnig að fá kauprétt að hlutafé í WOW á 20-25 prósenta afslætti ef félagið yrði skráð á markað.

Lánsfjármögnunin frá Athene Capital virkjast þegar Play hefur aflað sér 12 milljóna evra í eigið fé frá fjárfestum sem munu eignast 50 prósenta hlut í flugfélaginu á móti stofnendum og öðrum starfsmönnum Play. Verðbréfafyrirtækið Íslensk verðbréf, sem heldur utan um fjármögnun Play, biðlar nú til innlendra fjárfesta um að leggja flugfélaginu til þá fjármuni en sjóður í stýringu ÍV, TFII, hefur lýst yfir áhuga á að reiða fram að lágmarki 10 prósent þeirrar fjárhæðar. **– hae**

# SidekickHealth verðlaunað

Íslenska heilbrigðistæknifyrirtækið SidekickHealth hlaut annað sæti í keppni EIT Digital fyrir að vera á meðal bestu heilbrigðistæknifyrirtækja í Evrópu.

EIT Digital, sem er á vegum Evrópusambandsins, horfir til fyrirtækja sem geta vaxið hratt og veitti tíu fyrirtækjum verðlaun í fimm flokkum.



**Tryggvi Þorgeirsson.**

„Verðlaunin eru sterk vísbending og viðurkenning á því sem við erum að gera,“ segir Tryggvi Þorgeirsson, framkvæmdastjóri og annar stofnenda fyrirtækisins. „Það sem skiptir okkur mestu máli á þessum tímapunkti er stuðningurinn sem við fáum í gegnum EIT Digital, sem felst í því að leiða saman nýsköpunarfyrirtæki og hugsanlega viðskiptavini og fjárfesta til að styðja við áframhaldandi vöxt okkar.“

Hann segir að Evrópusambandið sé meðvitað um það að stærstu nýsköpunar- og tæknifyrirtæki heimsins komi að mestu leyti frá Bandaríkjunum og Kína. „Mótvægið í Evrópu er helst í Svíþjóð. Það er leynt og ljóst verið að leita eftir fyrirtækjum sem talið er að geti skarað fram úr á heimsvísu og SidekickHealth er í þeim hópi.“ **– hvj**

# Auður kynnir bundna reikninga með hærri vöxtum

Auður, fjármálaþjónusta Kviku, hefur breikkað framboð á innlánsreikningum með því að bjóða bundna reikninga með hærri vöxtum. Reikningarnir eru bundnir í þrjá mánuði og eru vextirnir á þeim 3,5 prósent sem stendur. Um er ræða óverðtryggða fastvaxtareikninga sem þýðir að þeir vextir sem eru í gildi á stofndegi reiknings gilda út allan binditímann.

Kvika kynnti fjármálaþjónustuna Auði til leiks í mars á þessu ári og bauð þá upp á óbundna innlánsreikninga. Í lok júní námu innstæður á reikningum Auðar 11,9 milljörðum króna.

**» Í lok júní námu innstæður á reikningum Auðar 11,9 milljörðum króna.**

„Samkeppnin á íslenskum bankamarkaði hefur ekki verið mikil síðustu ár. Viðtökurnar við óbundnum reikningum Auðar fóru fram úr okkar björtustu vonum og gáfu okkur byr undir báða vængi við að leita nýrra leiða og lausna fyrir viðskiptavini okkar, bæði núverandi og verðandi,“ segir Ólöf Jónsdóttir, forstöðumaður Auðar.



**Ólöf Jónsdóttir, forstöðumaður Auðar, fjármálaþjónustu Kviku.**

„Kvika veitir nútímalega bankaþjónustu og með lítilli yfirbyggingu getum við boðið upp á hærri vexti en gengur og gerist.“

Þjónusta Auðar fer eingöngu fram á netinu en til að stofna sparnaðarreikning þarf rafræn skilríki, og samanlögð innstæða bundins reiknings og sparnaðarreiknings þarf að vera minnst 250 þúsund krónur. **– þfh**

Kynningarfundur borgarstjóra



# Uppbygging íbúða í borginni

Borgarstjórinn í Reykjavík býður til opins kynningarfundar um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík föstudaginn 15. nóvember 2019, kl. 9-11 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Dregin verður upp heildstæð mynd af framkvæmdum og framkvæmdaáformum á húsnæðismarkaði í Reykjavík. Áhersla er lögð á samþykkt verkefni og framkvæmdir sem eru nýlega hafnar, en einnig verður gefin innsýn í verkefni á undirbúningsstigi.

**Dagskrá fundarins**

**Uppbygging íbúða í Reykjavík**
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík

**Ný búsetuform í borgum**
Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnun stúdenta

**Húsnæðisuppbygging í hverfaskipulagi**
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs

Fundarstjóri er Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.30.
Verið öll velkomin.

Nánari upplýsingar má finna á **reykjavik.is/ibudir**





Stórir samrunar á eldsneytis- og dagvörumarkaði hafa átt sér stað undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Minni hagsmunum fórnað fyrir meiri

Hagsmunaaðilar hafa ólíka sýn á fyrirhugaðar breytingar á samkeppnislöggjöfinni. Heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurði áfrýjunarnefndar til dómstóla er stærsta deiluefnið. Samkeppniseftirlitið ekki mótfallið sjálfsmati fyrirtækja á samstarfi en Gylfi Magnússon gagnrýnir það harðlega.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Verulega ólík sjónarmið má finna í umsögnum um nýtt frumvarp atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra þar sem boðaðar eru miklar breytingar á samkeppnislöggjöfinni. Mesta deiluefnið og ein stærsta breytingin sem frumvarpið felur í sér er niðurfelling á heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla. Samkeppniseftirlitið leggst eindregið gegn því að heimildin verði felld niður en stofnunin telur að tilvist málskotsheimildarinnar sé við tilteknar aðstæður forsenda þess að hagsmunir almennings og minni fyrirtækja fái fullnaðarúrlausn fyrir dómstólum.

„Það er eindregið mat Samkeppniseftirlitsins að umrædd heimild sé afar mikilvæg og að það fæli í sér alvarlega veikingu á samkeppnislögum og gæslu almannahagsmuna ef hún yrði felld niður,“ segir í umsögn stofnunarinnar.

Samkeppniseftirlitið segir liggja fyrir að öll samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjum ESB annaðhvort búi nú þegar yfir málskotsheimild eða að í undirbúningi sé að veita þeim slíkan rétt. Það sé því ekki rétt sem fram hefur komið í umræðum um frumvarpsdrögin að málskotsheimild íslenskra samkeppnislaga eigi sér fá fordæmi erlendis

Þá gerir Samkeppniseftirlitið athugasemdir við þau rök að heimildin lengi almennt málsmeðferð. Málskotinu hafi einungis verið beitt í þremur tilvikum frá gildistöku ákvæðisins árið 2011.

„Í öllum tilvikum gagnáfrýjuðu viðkomandi fyrirtæki úrskurði áfrýjunarnefndar. Ekki er því rétt að halda því fram að málskot hafi lengt málsmeðferð fyrirtækjum til tjóns,“ segir í umsögn stofnunarinnar.

**Lögfræðileg fagurfræði**

Gylfi Magnússon, fyrrverandi stjórnarformaður Samkeppniseftirlitsins, segir að tillagan sé illskiljanleg og á engan hátt til bóta.

„Helstu rökin sem færð eru fyrir þessu virðast byggja á lögfræðilegri fagurfræði, það er, að það hljómi ankannalega að „lægra sett stjórnvald“ geti skotið úrskurðum „æðra setts stjórnvalds“ til dómstóla. Það eru efnislega algjörlega haldlaus rök enda eru mörg fordæmi fyrir slíku fyrirkomulagi í íslenskri löggjöf,“ segir Gylfi. Hann bendir á að í reynd virki áfrýjunarnefndin eins og fyrsta dómstig en ekki stjórnsýslustofnun. Því megi skoða að gera þá breytingu að gefa nefndinni stöðu sem væri hliðstæð héraðsdómi þannig að mál gengju beint þaðan til Landsréttar frekar en héraðsdóms.

„Sú breyting sem hér er lögð til veikir mjög stöðu Samkeppniseftirlitsins. Hún býr meðal annars til hættu á því að áfrýjunarnefndin geri mistök sem lifi sem slæm fordæmi því að ekki verður með góðu móti hægt að vinda ofan af þeim með málarekstri fyrir dómstólum. Með þessari breytingu væri í mörgum tilfellum enginn í þeirri stöðu að geta varið hagsmuni neytenda og smærri fyrirtækja fyrir dómstólum í mikilvægum deilumálum,“ segir Gylfi.

**Langur málarekstur og óvissa**

Samtök atvinnulífsins segja að hvergi annars staðar í íslenskri stjórnsýslu megi finna jafnopna heimild fyrir lægra sett stjórnvald til að skjóta málum æðra settra stjórnvalda til dómstóla. Ekki sé ráðgert að sérstök sjónarmið þurfi að vera fyrir hendi svo að Samkeppniseftirlitið geti beitt slíkri heimild, svo sem um umfang máls eða fordæmisgildi.

„Málskoti Samkeppniseftirlitsins fylgir umtalsverður kostnaður, bæði fyrir þá sem eiga mál til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu og ríkissjóð enda gerir heimildin ráð fyrir málaferlum íslenska ríkisins við sjálft sig. Auk þess er heimildin til þess fallin að lengja málsmeðferðartíma samkeppnismála. Tími Samkeppniseftirlitsins, sem þegar er af skornum skammti, fer í málarekstur fyrir dómstólum og dregur óhjákvæmilega úr málshraða í öðrum málum hjá eftirlitinu,“ segir í umsögn Samtakanna.

„Það er vel hægt að hugsa sér fyrirtæki sem fer með mál í gegnum málsmeðferð tveggja stjórnsýslustiga og þriggja dómstiga. Málareksturinn getur jafnvel tekið áratug og á meðan er fyrirtækjum og þeim einstaklingum sem sæta rannsókn haldið í óvissu um réttarstöðu sína.“

Þá segir í umsögn samtakanna að nauðsynlegt sé að heimildinni verði settar skorður með lögum verði niðurstaðan ekki sú að heimildin verði afnumin. Gæta verði þess að hún verði aðeins notuð í fyrirfram ákveðnum tilvikum sem kveðið er á um í lögum. „Opin heimild dregur úr vægi áfrýjunarnefndar og eykur hættu á því að mál dragist verulega á langinn.“

**Nefndin verði lögð niður**

Lögmannsstofan Logos bendir á að ekkert sé því til fyrirstöðu að aðilar sem telji á sér brotið leiti beint til dómstóla með skaðabótakröfur án nokkurrar aðkomu Samkeppniseftirlitsins. Þá geti aðilar máls verið fleiri en þeir sem ákvörðun eða rannsókn beinist beint að. Hafi þeir þannig sem aðilar máls heimildir til að láta reyna á ákvarðanir samkeppnisyfirvalda fyrir áfrýjunarnefndinni eða dómstólum.

> Málareksturinn getur jafnvel tekið áratug og á meðan er fyrirtækjum og þeim einstaklingum sem sæta rannsókn haldið í óvissu um réttarstöðu sína.
>
> Úr umsögn Samtaka atvinnulífsins

„Réttaráhrif þess að frumvarpið yrði að lögum væru þá eingöngu þau að Samkeppniseftirlitið gæti ekki krafist þess fyrir dómstólum að ákvörðun þess stæði. Réttindi þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem teldu sig hafa orðið fyrir skaða af mögulegum brotum og vildu gera skaðabótakröfu stæði hins vegar óhögguð,“ segir í umsögn lögmannsstofunnar.

Logos segir að núverandi fyrirkomulag komi í veg fyrir að fyrirtæki beri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins þegar í stað undir dómstóla þar sem það geri þá kröfu að fyrirtæki verði fyrst að leita til áfrýjunarnefndar. Þau megi hins vegar alltaf vænta þess að jafnvel þó að nefndin fallist á kröfur þeirra muni Samkeppniseftirlitið bera þann úrskurð undir dómstóla.

Þannig kemur ákvæðið í veg fyrir að fyrirtæki beri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins þegar í stað undir dómstóla þar sem það gerir þá kröfu að fyrirtæki verði fyrst að leita til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Að núgildandi lögum mega fyrirtæki hins vegar alltaf vænta þess að jafnvel þó að nefndin fallist á kröfur þeirra muni Samkeppniseftirlitið bera þann úrskurð undir dómstóla.

„Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í heild verði þannig alltaf til meðferðar fyrir dómstólum. Við þær aðstæður verður ekki annað ráðið en að það sé illskárri kostur að leggja einfaldlega áfrýjunarnefnd samkeppnismála niður,“ segir í umsögn Logos.

**Mun ekki veikja eftirlit**

Núgildandi lög kveða á um að Samkeppniseftirlitið veiti undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga vegna samstarfs milli fyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu verður hins vegar á ábyrgð fyrirtækjanna

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 13. NÓVEMBER 2019



Hjónin Finnur og Þórdís byggðu sér vistvænt heimili í Garðabæ. Þau segja að það hafi ekki verið dýrara eða tímafrekara en að byggja hefðbundið hús og mæla með því. Þau segja mikilvægt að nýta umhverfisvæn byggingarefni, líka þegar það er verið að gera upp íbúðir og hús. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Mjög góð tilfinning að gera þetta rétt

Hjónin Finnur og Þórdís byggðu fyrsta Svansvottaða íbúðarhúsið á Íslandi með hjálp frá ýmsum fagaðilum. Húsið er vistvænt og það er eingöngu byggt úr umhverfisvænum og skaðlausum byggingarefnum. ➛2




Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is





Hjónin ákváðu að byggja flott hönnunarhús til að sýna að það sé hægt að byggja fallegt og umhverfisvænt gæðahús.



**Húsið er búið loftræstikerfi sem endurnýtir hitann í húsinu, minnkar orkunotkun um 30-40% og bætir loftið.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hjónin Finnur Sveinsson og Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir hafði dreymt um að byggja vistvænt hús í 15 ár áður en þau létu drauminn rætast. Það voru ýmsar ástæður fyrir því að þau drifu sig af stað en vonin var að verkefnið breytti byggingariðnaði til hins betra.

„Ég hef unnið í umhverfismálum, fyrst og fremst sem ráðgjafi, í 25 ár og ég vildi „walk the talk“ og gera það sem ég ráðlagði öðrum,“ segir Finnur. „Byggingariðnaðurinn er ábyrgur fyrir um 40-50% af allri losun á koltvísýringi í heimi svo að umhverfisáhrif húsa eru mjög mikil. Oft eru þau líka byggð með ýmsum skaðlegum efnum.

Þegar við réðumst í þetta árið 2015 var sprenging í byggingariðnaði á Íslandi og hús standa vonandi í um 80 ár, þannig að við þurfum að vera búin að leysa öll umhverfisvandamálin sem við erum að glíma við áður en þau fara. Samt erum við að byggja vandamálið inn í húsin,“ segja Finnur og Þórdís. „Við vildum sýna að það væri hægt að fara aðra leið.

Við ákváðum að taka þetta alla leið og byggja Svansvottað hús og hafa það flott hönnunarhús til að sýna að umhverfis-eitthvað sé ekki hallærislegt, heldur flott,“ segja hjónin. „Við vildum sýna að það væri hægt að byggja fallegt og umhverfisvænt gæðahús.

Einnig vildum við sýna arkitektum, verkfræðingum og söluaðilum og birgjum byggingarefnis hvað felst í þessu og sjá til þess að þeir geti byggt svona í framtíðinni,“ segja hjónin. „Því reyndum við að vera strategísk þegar við völdum okkur samstarfsaðila. Við leituðum að aðilum sem gætu þróað þessar aðferðir áfram.“

## Fengu mikla hjálp

„Þegar við höfðum ákveðið að ráðast í verkefnið töluðum við við hvern aðilann á fætur öðrum til að fá hjálp. Við fengum ýmsa ólíka fagaðila til að vinna með okkur að hönnun og byggingu hússins, því við kunnum ekki að byggja hús, en ég hjálpaði við umhverfisþáttinn,“ segir Finnur. „Ég sá til þess að allt byggingarefnið sem var notað væri samþykkt af Svaninum, þó að það væri ekki Svansvottað, en það er mikill munur þar á. Það þýðir í grófum dráttum að byggingarefnið inniheldur engin efni sem eru talin geta verið skaðleg fólki. Við náðum góðu samstarfi við fagaðilana og ég lærði um byggingariðnað af þeim og þau lærðu um umhverfismál á móti.

Ég fór svo og heimsótti Svaninn í Gautaborg og útskýrði fyrir þeim hvað ég vildi gera, ásamt því að tala við vottara hér á landi,“ segir Finnur. „Ég kynnti mér líka reynslusögur af byggingu svona húsa í bæði Gautaborg og Stokkhólmi.“



**Hjónin segja ótrúlega gott að búa í húsi þar sem þau vita í hjartanu að þau séu að gera rétt.**



**Á vefsíðunni visthus.is eru allar upplýsingar um verkefnið, byggingarefnin og aðferðirnar.**



**Finnur segir að það hafi tekið tíma að brjóta niður fordóma fagaðila gagnvart því að byggja hús á þennan hátt.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Ótti við hið óþekkta

„Á meðan hönnun og bygging hússins fór fram var ég með skrifstofuaðstöðu í húsakynnum fyrirtækjanna sem sáu um það fyrir mig til að við gætum rætt öll álitamál um leið og þau komu upp,“ segir Finnur. „Það þurfti að halda þétt utan um þetta svona í fyrsta sinn til að allt gengi að óskum. Síðan þá hef ég farið í gegnum þetta ferli með öðrum og þá var það mun auðveldara. Ég er kominn með ansi góð tök á þessu núna.

Þegar ég talaði við þá sem komu að þessu með mér fannst mér áberandi að þau væru hrædd við umhverfismálin. Þetta var ekki flókið mál en þessir aðilar voru hræddir við hið óþekkta og höfðu þess vegna ekki lagt í þetta,“ segir Finnur. „Flækjustigið var alls ekki mikið en það tók tíma að brjóta niður fordóma gagnvart því að byggja hús á þennan hátt.“

## Ekki dýrara eða tímafrekara

Byggingarferlið var ekki mjög langt. Hugmyndin vaknaði vorið 2015, það var byrjað að steypa í september 2016 og Finnur og Þórdís fluttu inn í nóvember 2017.

„Byggingarkostnaðurinn við húsið var um 500 þúsund krónur á fermetra, en þetta er hönnunarhús með ýmsar hönnunarlausnir, flókna álklæðningu og bogavegg, sem er dýrt að byggja,“ segja Finnur og Þórdís. „Efnin og vinnan er eiginlega ekkert dýrari en í hefðbundnu húsi og í sumum tilfellum var þetta ódýrara.

Það var þrennt sem kostaði meira. Loftræstikerfið, sem endurnýtir hitann í húsinu og minnkar orkunotkun um 30-40%, var eitt. Kerfið kostaði tvær milljónir en sparar orku og gefur mun betra loft í húsið, svo ég lít á það sem gæðamál,“ segir Finnur. „Við gerðum líka loftþéttleikapróf sem kostaði 200 þúsund. Það er aftur gæðamál, við sofum betur í húsinu vitandi að það sé ekki hætta á rakaskemmdum. Síðast en ekki síst var það Svansvottunin sjálf, sem kostaði alls um 460 þúsund. Hún gefur verkefninu trúverðugleika.

Þegar upp er staðið er aukakostnaðurinn um 2,5-3 milljónir króna, en það eru fyrst og fremst vegna gæðamála, sem þýðir betra hús,“ segja hjónin.

Við völdum ýmsar lausnir til að forðast viðhald og höfum garðinn eins náttúrulegan og hægt er, þannig að það er ekkert auka viðhald,“ segja hjónin. „Það þarf að vísu að skipta um síu í loftræstikerfinu á um hálfs árs fresti.“

## Ýmsir kostir

Finnur og Þórdís segja það hafa ýmsa kosti að búa í vistvænu húsi.

„Okkur finnst ótrúlega gott að búa í húsi þar sem við vitum í hjartanu að við séum að gera rétt. Við vitum líka að það eru ekki nein skaðleg efni í húsinu, orkunotkunin er minni og kolefnisfótspor veggjanna okkar um 40% lægra en gengur og gerist,“ segja þau. „Það er góð tilfinning að gera rétt.

Við myndum hiklaust ráðleggja öðrum að byggja vistvænt. Það þarf ekki endilega að fara alla leið í vottun. Bara það að velja byggingarefni sem mega fara í Svansvottað hús er stórt skref,“ segja hjónin. „Fólk ætti að ræða við birgja sína og reyna að tryggja að öll byggingarefnin séu umhverfisvæn.

Þetta er allt til, það þarf bara að spyrja um þetta og vera meðvitaður. Það er mikilvægt að nýta þetta, líka þegar fólk er að gera upp herbergi,“ segja þau. „Með því að ganga á eftir þessu í verslunum kemst fólk í þetta og lætur markaðinn vita af eftirspurninni og þá bregðast byggingarvörufyrirtækin við.

Við ákváðum að hafa allar upplýsingar um verkefnið okkar aðgengilegar á vefsíðunni visthus.is,“ segja hjónin. „Þar er hægt að sjá hvaða byggingarefni við notuðum og hugrenningar okkar um vandamál sem komu upp, þannig að fólk getur séð hvaða vandamál við glímdum við og lausnirnar sem við fundum.“

> **Við myndum hiklaust ráðleggja öðrum að byggja vistvænt. Það þarf ekki endilega að fara alla leið í vottun. Bara það að velja byggingarefni sem mega fara í Svansvottað hús er stórt skref.**
>
> **Finnur Sveinsson**

ÞEIR ERU LOKSINS KOMNIR!
VINSÆLU KULDASKÓRNIR MEÐ MANNBRODDUMNUM




Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Kynningar: Umhverfisstofnun, Olís/Rekstrarland, Icepharma, Hjálparstofnun kirkjunnar

# Græn jól

MIÐVIKUDAGUR 13. NÓVEMBER 2019



## Neyslunett jól

Ýmsar hefðir hafa skapast hjá fólki í kringum jólin sem krefjast gífurlegrar neyslu og innkaupa með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Þær Hildur Harðardóttir sérfræðingur og Guðrún Lilja Kristinsdóttir, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun, luma á ýmsum ráðum til að halda græn og væn jól. ➔2

Hildur Harðardóttir, Guðrún Lilja Kristinsdóttir og Birgitta Steingrímsdóttir hjá Umhverfisstofnun hvetja til þess að huga að umhverfinu við jólainnkaupin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lærðu að þekkja merkin

UMHVERFISMERKI
EU Ecolabel www.ecolabel.eu
DER BLAUE ENGEL
Bra Miljöval

LÍFRÆN RÆKTUN
VOTTAÐ LÍFRÆNT TÚN
USDA ORGANIC
KRAV

UMHVERFIS STOFNUN

Hildur og Guðrún Lilja segja að í fyrsta lagi sé mikilvægt að muna að gæðastundir með vinum og fjölskyldu eru dýrmætari en allt heimsins prjál.

„Við ættum að skipuleggja meira af samverustundum og upplifunum með ástvinum í aðdraganda jóla og yfir hátíðarnar, því þegar upp er staðið þá eru það dýrmætustu minningarnar okkar,“ segir Hildur.

„Auðvitað viljum við samt gefa gjafir og undirbúa jólin, og þá mælum við með því að innkaupin séu eins skipulögð og mögulegt er til þess að koma í veg fyrir óþarfa kaup og sóun. Að forðast að kaupa óþarfa er ekki aðeins betra fyrir umhverfið og peningabudduna, heldur er óþarfi bara alls ekki góð gjöf,“ bætir hún við.

„Það er líka mikilvægt að láta ekki kaupstress, auglýsingar og afslætti ýta sér út í óþarfa kaup,“ segir Guðrún Lilja.

## Hvað skyldi leynast í jólapakkanum í ár?

Mikil bylting hefur átt sér stað á undanförnum árum hvað varðar verslanir sem bjóða upp á notaðan varning, svo sem föt og nytjahluti bæði fyrir börn, fullorðna og heimilið. „Almenningur er orðinn meðvitaður um nauðsyn þess að draga úr óþarfa neyslu og okkar tilfinning er að það þyki í dag bæði göfugt en líka flott að kaupa notaða hluti og gefa þeim framhaldslíf hjá nýjum eiganda. Það er líka gaman að huga að endurnýtingu til dæmis gamalla dagblaða og nótnablaða til að nýta í jólaskreytingar og gjafainnpökkun,“ segir Guðrún Lilja.

**Fjölgum gæðastundum**

„Við höfum einnig frétt af því að jólasveinarnir finni oft gullmola á nytjamörkuðum til að færa góðum börnum í skóinn, en við seljum það ekki dýrara en við keyptum,“ bætir Hildur við.

Mikilvægt er að huga að kolefnisspori við framleiðslu og flutning en ekki síður hvort efnainnihald geti verið skaðlegt fyrir heilsu manna eða umhverfið. „Það er skynsamlegt að læra algengustu áreiðanlegu umhverfismerkin en á Íslandi eru Svanurinn og Evrópublómið orðin nokkuð algeng og þekkt meðal almennings. Með því að leggja þessi tvö merki á minnið er hægt að nota þau sem leiðarljós í gegnum þann frumskóg merkja sem oft má finna á umbúðum,“ segir Guðrún Lilja og bætir við að einnig geti verið skynsamlegt að leita að CE-merkingunni sem tryggir að lágmarks staðlar Evrópska efnahagssvæðisins séu uppfylltir.

**Upplifun í jólapakkann**

**Okkar grænu ráð:**

- Gefa upplifanir í stað hluta, eins og gjafabréf í leikhús eða út að borða.
- Gefa notað, til dæmis fallega hluti eða bækur sem þú notar ekki lengur, eða finna gjöf á nytjamarkaði.
- Gefa gjafabréf sem styrkir gott málefni.
- Búa til gjafir, svo sem handverk, bakstur, föndur eða uppgerða mublu.
- Velja umhverfis-, lífrænt eða siðgæðisvottað, eins og kaffi, súkkulaði og snyrtivörur.
- Huga að uppruna hluta, leita að CE-merkingunni.



Í nytjamörkuðum er hægt að kaupa notaðar jólagjafir og jólaföt sem gleðja. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Það þykir göfugt og flott að kaupa notaðar gjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Kaupa má notaðan jólavarning á nytjamörkuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Notað jólaskraut er ekkert síðra en nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Nýtum matinn vel

Það fylgir oft jólunum að stútfylla skápana af dýrindis kræsingum. Gott ráð til að koma í veg fyrir matarsóun er að skipuleggja innkaupin, gera innkaupalista og taka stöðuna heima áður en haldið er út í búð.

Hildur og Guðrún Lilja benda líka á að mikilvægt sé að elda rétt magn. „Það er allt í lagi þó matur klárist, reynum að elda ekki meira en við þurfum í hvert skipti. En svo er annað mál, að fátt er betra en að narta í afganga eða nýta þá í bröns,“ segir Hildur.

Matarsóun er líka sóun á fjármunum, og því er gott að hafa í huga að Best fyrir dagsetningin er ekki heilög og því ættu allir að tileinka sér að nota skynfærin til þess að skera úr um hvort matur sé nýtilegur. Hins vegar ber að virða dagsetninguna á síðasta neysludegi, sem m.a. er að finna á kjötvöru.

**Njótum afganganna**

> Við höfum heyrt að jólasveinarnir finni oft gullmola á nytjamörkuðum til að gefa börnum í skóinn.
>
> Hildur Harðardóttir

## Ekki hræðast jólaköttinn

Hildur og Guðrún Lilja benda á að hagur flestra fataframleiðenda er að almenningur skipti sem oftast út fötunum í fataskápnum.

„Fataframleiðsla er mjög auðlindafrekur iðnaður þar sem mikið af vatni, orku, varnarefnum, landsvæði, efnavöru og vinnutíma fer í hverja flík. Þegar við kaupum og losum okkur svo við fötin ættum við því alltaf að hafa í huga þær auðlindir sem gengið er á,“ segir Guðrún Lilja.

**Hræðumst ekki jólaköttinn**

Hver landsmaður kaupir að meðaltali um 17 kíló af vefnaðarvöru árlega. „Tíma okkar og peningum gæti verið varið í margt uppbyggilegra en að keppast við að tolla í tískunni. Miðað við það magn sem Íslendingar kaupa árlega af fatnaði má draga þá ályktun að neysla á fatnaði sé dregin áfram af tískustraumum frekar en þörf,“ segir Guðrún Lilja. Hún bendir á að öll neysla hafi óhjákvæmilega neikvæð áhrif á umhverfið og er óþarfa neysla því óásættanleg að þeirra mati.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

# Umhverfisvænni jól

**Langar þig að nota umhverfisvænar vörur fyrir jólin en ert í vandræðum með hvernig á að fara að því? Hjá Rekstrarlandi er glæsilegt úrval af umhverfisvænum og umhverfisvottuðum vörum.**




Starfsfólk Rekstrarlands tekur vel á móti þér og aðstoðar þig við að verða grænni og vænni. Starfsfólkið er þegar komið í jólaskap. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hjá Rekstrarlandi er gott úrval af umhverfisvænum vörum fyrir jólin.

Hvað getum við í Rekstrarlandi gert til að stuðla að grænum og umhverfisvænni jólum? Fyrir marga reynast fyrstu skrefin að því að verða umhverfisvænni erfið en okkar mat er að fyrsta skrefið er alltaf það erfiðasta, sama um hvaða málefni er að ræða,“ segir Ólöf Helgadóttir, rekstrarstjóri Rekstrarlands.

Einföld leið til þess að verða grænni er að velja umhverfisvænni kostinn, þegar það er í boði. „Það getum við gert með því að spara orku, vera umhugað um umhverfið okkar og muna að flokka. Nú líður að jólum en með einföldum hætti er hægt að halda í góðar hefðir án þess að það komi niður á gæðum samverustundanna okkar og vera umhverfisvænni í leiðinni. Vottanir og merkingar geta hjálpað okkur að velja betur,“ segir Hjalti Þór Halldórsson, sölustjóri rekstrarvöru á fyrirtækjasviði.

## Umhverfisvæn merki

Í Rekstrarlandi fæst gott úrval Svansvottaðra vara, svo sem þvottaefni, gljái fyrir uppþvottavélar, hreinsiefni fyrir heimilin, pappír og kerti.

„Til að vara fái merki Svansins þarf hún að vera betri fyrir umhverfið og heilsuna en mismunandi kröfur eru gerðar á mismunandi vöruflokka. Svansmerkt kerti þurfa t.d. að vera gerð úr meira en 90% endurnýjanlegu hráefni og gerðar eru kröfur til hámarks leyfilegrar sótmengunar frá kertunum og ilmefni ekki leyfð,“ segir Ólöf en finna má upplýsingar um allar Svansmerktar vörur á Íslandi á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

Hægt er að endurvinna kertaafganga sem er umhverfisvænt og atvinnuskapandi. „Sé vara FSC merkt þýðir það að hún komi úr sjálfbærum skógi en hjá okkur fæst pappír, servéttur eða barnableiur sem bera þá merkingu,“ segir Hjalti.

Evrópublómið er notað í allri Evrópu en Umhverfisstofnun hefur umsjón með blóminu á Íslandi. „Til þess að uppfylla kröfur blómsins eru umhverfisáhrif vörunnar metin, t.a.m. orkunotkun við framleiðslu eða umhverfisálag við notkun og íblöndun kemískra efna. Við erum með ýmsar Evrópublómsmerktar tegundir af hreinlætisvörum sem henta í jólaþrifin.“

Blái kransinn er umhverfismerking sem æ fleiri þekkja. Hann er staðfesting á að innihald vörunnar er sérstaklega valið til að minnka hættu á ofnæmi hjá notandanum.

„Framleiðandi okkar, Abena í Danmörku, er með gríðarlegt magn af ýmsum húðvörum sem bera Bláa kransinn, en slíkar vörur gætu hentað í jólapakkann,“ segir Ólöf.

Hjá Rekstrarlandi eru ýmsar flottar lausnir fyrir flokkun á rusli, bæði fyrir heimili og fyrirtæki, sem er stór þáttur í umhverfisvernd. Þá fást í Rekstrarlandi vörur frá hinu þekkta gæðamerki Nilfisk, sem hefur fylgt þjóðinni í áratugi, en orkunýting vélanna frá Nilfisk er með hæsta móti án þess að það komi niður á gæðum þeirra.

## Minnkum kolefnissporið

Þau Ólöf og Hjalti hvetja fólk til að líta við hjá Rekstrarlandi í Vatnagörðum 10. „Við getum aðstoðað þig við að verða grænni og vænni, hvort sem þú vilt fylgja umhverfismerkingum eða minnka kolefnissporið.“

Dagana 20.-23. nóvember verður lengri opnunartími í Rekstrarlandi, eða til kl. 20.00. Í boði verða alls konar skemmtileg tilboð og sérverð fyrir alla vini umhverfisins.

Rekstrarland, Vatnagörðum 10, Reykjavík, rekstrarland.is





OPIÐ TIL
20:00
20.-22. NÓV

Í Rekstrarlandi fást gullfallegar, umhverfisvænar og niðurbrjótanlegar veisluvörur.
Einfaldaðu málin í fjölmennum aðventu- og jólaboðum með fallegu veisluvörunum okkar.

REKSTRARLAND verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND

Pipar\TBWA

# Persónulegir jólapakkar

**Jólin eru tími huggulegheita þegar fólk vill gera vel við sig og gefa fallegar gjafir. Margir halda fast í gamlar hefðir en það er gaman að gera öðruvísi.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Í framhaldi af umræðu um loftslagsbreytingar er kannski kominn tími til að prófa að endurnýta eitt og annað. Hér eru nokkrar góðar hugmyndir.

Gott dæmi um umhverfisvæn jól er að búa til jóladagatal og hengja litlar gjafir á það sem allar gætu talist endurunnar. Það væri til dæmis hægt að fara á nytjamarkaði og finna eigulega smáhluti, fallegar jólaskeiðar, styttur eða annað.

Þá er um að gera að vera umhverfisvænn þegar jólagjöfum er pakkað inn. Ekki nota glanspappír heldur frekar umbúðapappír sem hægt er að endurvinna. Hægt er að binda fallega utan um hann með snæri eða garni. Þá er hægt að skreyta pakkann með greinum úr náttúrunni. Slík innpökkun gerir pakkana bæði fallega og umhverfisvæna. Síðan er lítið mál að teikna fallega jólaskreytta merkimiða.

Íslendingar eyða miklum peningum í jólapappír fyrir hver jól. Margar milljónir metra af glansandi pappír enda síðan í ruslatunnunni. Glanspappírinn inniheldur litarefni sem gerir það að verkum að ekki er hægt að endurvinna hann. Fáið heldur börnin til að teikna og lita á venjulegan hvítan pappír fallegar jólamyndir. Þetta er oft gert í leikskólum og kemur mjög vel út. Það er sömuleiðis hægt að nota stimpla með jólamyndum og skreyta pappírinn. Gamlir gjafakassar verða líka eins og nýir þegar þeir hafa verið málaðir og puntaðir.

Gjafabönd geta nýst aftur og aftur ef þau eru geymd á milli jóla.



Hér er pakkað inn í efni, það gæti til dæmis verið dúkur eða koddaver sem hægt er að nýta.




Fallegur og persónulegur pakki þar sem notaður er brúnn umbúðapappír sem jafnframt er endurvinnanlegur. Takið eftir greninu og kanilstöngum.



Hér er fallega lagt á borð. Skreytingar úr náttúrunni og tauservíettur sem hægt er að nota aftur og aftur.



Það er sniðugt að safna alls kyns könglum og greinum úr náttúrunni.



Hægt er að skreyta venjulegan endurvinnanlegan pappír á marga vegu.

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

**Kemur út þriðjudaginn 26. nóvember.**

Skemmtilegt blað sem kemur inn á allar hliðar jólaundirbúningsins.
Uppflettirit sem lesendur leita í aftur og aftur.

**Vilt þú auglýsa í mest lesna jólablaði landsins?**

**Hafðu þá samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins.
Sími 550 5077 – serblod@frettabladid.is**



# Skemmtileg og vistvæn þrif

**Það er ráð að vanda sig þegar kemur að hreinsiefnum, segir heilsukokkurinn og rithöfundurinn Ebba Guðný Guðmundsdóttir sem notar vistvæn hreinsiefni frá Sonett við jólahreingerninguna.**


Ebba Guðný hefur notað Sonett-hreinsivörurnar í þvottinn og til heimilisþrifa í fimmtán ár og segir þær hreint dásamlegar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sótthreinsi- og alþrifsspreyin frá Sonett ilma svo dásamlega að ég þarf að beita mig hörðu til að spreyja þeim ekki upp um alla veggi alla daga,“ segir heilsukokkurinn og rithöfundurinn Ebba Guðný Guðmundsdóttir kát þar sem hún stendur í jólahreingerningu heima við.

Við þrifin notar Ebba eingöngu hreinsivörur frá þýska fjölskyldufyrirtækinu Sonett sem framleitt hefur náttúrulegar og lífrænt vottaðar hreinsivörur í fleiri en 40 ár.

„Leiðarljós Sonett-fjölskyldunnar er umhyggja gagnvart náttúrunni og vatnsauðlindum jarðar, sem eru undirstaða alls lífs. Við framleiðsluna eru aldrei notuð kemísk rotvarnarefni, ilmefni né litarefni, bleikiefnin eru án klórs og allar vörur Sonett eru lausar við ensím og yfirborðsvirk efni,“ útskýrir Ebba um einstakar hreinsivörur Sonett sem eru ekki prófaðar á dýrum og hafa öðlast allar bestu mögulegu vottanir, þar af vegan vottun.

„Sonett er umhverfisvæn, mannvæn og lífræn hreinsilína og til að fá mildan og góðan ilm í hreinsiefnin eru eingöngu notaðar lífrænar og bíódýnamískar ilmkjarnaolíur,“ upplýsir Ebba.

## Verndar náttúruauðlindir

Í Sonett-línunni fást allar hreinlætisvörur sem þarf til að þrífa heimilið.

„Ég byrjaði að nota Sonett fyrir um fimmtán árum þegar ég hnaut um vörurnar í gömlu Yggdrasilsbúðinni, sællar minningar,“ segir Ebba sem vandar valið þegar kemur að hvers kyns hreinsiefnum.

„Það gufar ekki upp af sjálfu sér sem við setjum í klósettið, vaskinn, sturtuna, þvottavélina og uppþvottavélina heldur smýgur það út í vatnið, sem er okkar dýrmætasta náttúruauðlind, sem og moldina og sjóinn sem eru matarkistur okkar mannanna. Þá geta sápuagnir, sem ekki eru mann- eða umhverfisvænar, hæglega setið eftir í fatnaði og valdið húðexemi og kláða hjá þeim sem hafa viðkvæma húð,“ segir Ebba sem mælir hiklaust með Sonett, sem og auðvitað hampfræjum, fyrir börn og fullorðna sem þjást af húðexemi.

## Allt verður skínandi hreint

Ebba notar mild þvottaefni frá Sonett í þvottavélina.

„Þau fara miklu betur með föt en hefðbundin þvottaefni. Flíkurnar halda lit sínum lengur, verða síður snjáðar og líta betur út,“ segir Ebba sem notar Sonett-þvottaduft í gula pakkanum fyrir þvott sem þvæst á 60°C til 90°C, fljótandi lavenderþvottaefni á fatnað sem þvæst á 40°C, og ólífusápu fyrir ull, silki og allan finan og viðkvæman þvott sem þvæst á 30°C til 40°C.

„Ég nota grænu blettasápuna frá Sonett á bletti í fötum áður en ég þvæ þau. Þá set ég sápu á blettinn, bleyti ögn með mjög heitu vatni sem ég nudda blettinn úr, skola á milli með heitu og held áfram þar til bletturinn er farinn. Eftir á get ég svo notað minna þvottaefni þegar fötin eru þvegin og það fer líka betur með þvottinn,“ upplýsir Ebba sem þvær allan fatnað á röngunni og rennir upp rennilásum svo þeir dragi ekki til í öðrum flíkum.

„Ég reyni að þvo allan fatnað á 40°C en stundum má ekki nota hærri hita en 30°C. Nærbuxur og sokka þvæ ég saman á löngu 60°C prógrammi, ljóst annars vegar og dökkt hins vegar, og yfirleitt stilli ég líka á forþvott. Ég nota þvottaduftið þegar ég þvæ nærbuxur og sokka og set alltaf ilmkjarnaolíur með duftinu í sápuhólfið til að fá góðan ilm í fötin og ilmkjarnaolíur, til dæmis sítróna og piparmynta, eru bakteríu-, vírus og sveppadrepandi,“ upplýsir Ebba sem sýður allar tuskur og handklæði á 90°C og mælir með að láta þvottavélina fara reglulega einn umgang á suðu til að drepa sveppi og aðra óværu sem þar getur leynst.

„Bleikiefni Sonett í bleiku dollunni er frábært til að hressa upp á hvítan þvott, hvít lök, kodda og annað sem komið er með gráa eða gula slikju. Þá set ég væna mæliskeið í hólfið sem notað er til að leggja þvott í bleyti og svo um 50g í aðal sápuhólfið en við það verður allt skínandi hvítt og fallegt á ný,“ segir Ebba og ráðleggur þeim sem vilja halda þvottinum hvítum að setja ekki of mikið í vélina í einu.

„Ef við troðum of miklu í þvottavélina verður hvítur þvottur miklu frekar grár og gugginn. Þá næst ekki að þvo nægilega vel það sem í vélinni er vegna plássleysis og ekki að skola þvottaefnið nógu vel úr í lokin,“ segir Ebba sem þvær teygjulök sín ekki heitar en 60°C til að teygjan slitni síður í of miklum hita.

## Skaðlaust heimilislíf

Þótt jólahreingerning standi fyrir dyrum í aðdraganda aðventu og jóla segist Ebba vera steinhætt að nenna að þrífa allt heimilið í einu.

„Sjálft klósettið þríf ég oft en ég nenni ekki endilega að skrúbba allt annað á baðinu um leið,“ segir Ebba sem notar klósetthreinsinn frá Sonett. „Mér finnst skipta miklu að nota til verksins vörur sem menga hvorki andrúmsloftið heima né jörðina og allt sem henni viðkemur. Klósetthreinsirinn vinnur hratt og vel á öllum óhreinindum en ég á líka alltaf matarsóda inni á baði. Stundum, þegar sá gállinn er á mér, set ég eina matskeið í klósettið með Sonett-hreinsinum og skrúbba vel. Ég nota matarsóda líka í niðurföll, set þá 2 til 3 matskeiðar og læt buna vel af heitu vatni á eftir. Einnig má setja um hálfan bolla af 14 prósent ediksýru í niðurfall, láta aðeins bíða og skola svo vel með heitu vatni,“ segir Ebba sem notar aldrei stíflueyði í niðurföll.

„Stíflueyðar eru eitraðir og betra að hreinsa niðurföllin oftar með ofangreindum aðferðum. Á baðinu gæti ég þess líka af fremsta megni að setja aldrei hár í niðurföllin, en við mægður erum báðar með sítt hár. Ég set hárin heldur til hliðar eftir hárþvott og hendi í ruslið því síð hár stífla öll niðurföll hratt og vel,“ upplýsir Ebba.

„Þá skiptir miklu að nota eiturefnalaus hreinsiefni þegar speglar og gluggar eru þvegnir því lítil börn eru gjörn á að sleikja spegilmynd sína.“

Sonett fæst í Hagkaup, Blómavali, Húsasmiðjunni, Melabúðinni og Fjarðarkaupum.

## Svona þrífur Ebba heimilið

- Mamma og tengdaforeldrar mínir vippa stundum sængum og koddum út þegar lygnt er úti og frost í lofti. Frostið steindrepur rykmaura og aðra óværu sem getur safnast þar fyrir.
- Til að koma í veg fyrir myglu þurfa handklæði að þorna vel, jafnvel þótt þau séu skítug. Gott er að setja þau á ofn áður en þau eru sett í þvottahrúgu sem bíður þess að vera þvegin. Það sama á við um íþróttaföt sem eru blaut af svita; þau þurfa að þorna ef þau eru ekki þvegin strax svo þau mygli ekki.
- Í þvottahúsinu er ég með eina skúffu fyrir druslutuskur og ljót handklæði sem ég nota í öll þrif á heimilinu. Þegar ég er búin að þrífa með tusku set ég hana á skúringarfötuna til þerris og þegar skúffan fer að tæmast set ég allar tuskurnar í suðu í þvottavélinni, langt prógram með forþvotti. Ég nota þvottaduft úr gula pakkanum frá Sonett og bæti við svolítilli piparmyntu og sítrónuilmkjarnailmolíu. Ég þurrka svo tuskurnar í þurrkaranum og brýt þær aldrei saman. Bara hendi þeim í umrædda skúffu.
- Þegar þvegginn er þvottur á 40°C, sérstaklega dökkur þvottur, þarf að taka hann strax úr þvottavélinni svo hann fari ekki að lykta. En þegar þvottur er soðinn á 95°C, sem og 75°C, er ekkert mál að geyma þvottinn í vélinni í sólarhring. Engin ólykt kemur þegar vélin er loks opnuð því allar bakteríur steindrápust í suðunni.
- Ég set fatnað aldrei í þurrkara því þurrkari gerir fötin fyrr snjáð. Eingöngu handklæði, bómullarnærföt og tuskur.
- Hristið rúmföt þegar þau koma úr þvottavélinni og setjið á straujárnsprógram í þurrkara í nokkrar mínútur. Takið þau svo út, hristið vel og hengið slétt til þerris. Þá verða þau rennislétt.


Vörulína Sonett uppfyllir allar þarfir heimilisins þegar kemur að þrifum.

## Sonett-vörur í dálæti hjá Ebbu

- Sprey fyrir alþrif með fjólubláum miða. Hreinsar hratt og vel spegla, glugga og annað sem maður vill sjæna og skilur hvorki eftir sig rákir né eiturefni í loftinu. Í spreyinu er blanda af lavender og sítrónugrasi sem eru tvær af mínum uppáhalds ilmkjarnaolíum.
- Sótthreinsisprey með grænum miða er upplagt til að spreyja á rök svæði; glugga, baðherbergi, eldhús, yfir rúmdýnur og fleira. Skilur eftir sig mjög ferska og góða lykt af lavender og salvíu. Samsetning alkóhóls og ilmkjarnaolía eyðir öllum sveppa- og bakteríugróðri, svo sem salmonellu og e-coli á aðeins tveimur mínútum.
- Nærandi og mildar handsápur sem þurrka ekki hörundið. Sápurnar fást með rósa-, sítrónu- og lavenderilmi. Munið að ekki þarf að þvo mikið handarbökin sem eru oft viðkvæm, ekki síst þegar vetur gengur í garð. Kennið öllum á heimilinu að nota lítið af sápu.



Þeir sem hafa öðruvísi jólatré geta fengið grenilykt í húsið með grenikrans.

# Leiðir til að hafa jólin græn

**Sem betur fer erum við öll að verða sífellt betur meðvituð um nauðsyn þess að ganga vel um móður Jörð. Jólin eru mikil neysluhátíð og það er því sjaldan mikilvægara að hugsa vel um umhverfið en einmitt um jólin.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Jólin geta svo sannarlega verið umhverfinu dýrkeypt. Þeim getur fylgt mikil sóun og notkun á alls kyns óumhverfisvænum efnum og stór hluti af jólagjöfum endar í ruslinu innan nokkurra mánaða. Hér eru nokkrar góðar leiðir til að vera grænni um jólin.

### Búðu til jólapappír

Það er hægt að koma í veg fyrir notkun á óumhverfisvænum jólapappír með því að búa til sinn eigin pappír úr umhverfisvænum efnum. Það er til dæmis hægt að nota gömul dagatöl, kort, pappírspoka, dagblöð og tímarit, kassa, barnateikningar, sokka og ýmislegt fleira, eða umbúðirnar frá því í fyrra, ef þær voru geymdar. Það er líka hægt að fá umhverfisvæn bönd til að binda pakkana saman. Einnig er hægt að kaupa umhverfisvænan jólapappír.

### Kauptu gjafir sem endast

Gefið gjafir sem endast frekar en eitthvað sem endar á haugunum innan árs. Það er hægt að gefa alls kyns gjafir sem hafa notagildi og endast vel. Það gæti líka verið sniðugt að reyna að finna jólagjafir í verslun sem selur notaðar vörur. Svo er líka hægt að búa til gjafir og þær hafa oft miklu meiri þýðingu fyrir fólk en það sem er keypt.

### Keyptu íslenskt

Vörur sem eru ekki innfluttar hafa yfirleitt mun minna kolefnisspor svo það er betra fyrir umhverfið að kaupa íslenskt.

### Öðruvísi jólatré

Það er synd að fella falleg tré, skreyta þau og láta þau svo rotna úti á götu í janúar. Það er til dæmis hægt að skreyta pottaplöntu eða hafa jólatré úr umhverfisvænum efnum eins og pappa eða viði, þó að þau séu kannski svolítið ólík því sem við erum vön. Til að fá grenilyktina er svo hægt að hafa grenikransa, sem eru sjálfbærari framleiðsla.



Kerti úr býflugnavaxi eru umhverfisvænni en þau hefðbundnu og býflugnavax gefur líka indælan ilm. NORDICPHOTOS/GETTY

> » Gefið gjafir sem endast frekar en eitthvað sem endar á haugunum innan árs.

### Gefðu til góðgerðarmála

Það er sniðugt að taka til í skápunum fyrir jól og gefa það sem maður þarf ekki lengur til góðgerðarmála. Það er aldrei að vita nema það geti bætt jólahátíðina fyrir einhvern annan og minnkar uppsöfnun á óþarfa.

### Umhverfisvæn kerfi

Mörgum finnst kerti ómissandi partur af jólunum. Í stað þess að nota þessi hefðbundnu er ráð að finna kerti úr býflugna-, soja- eða grænmetisvaxi. Býflugnavax gefur líka indælan ilm.

### Náttúrulegt eða endurunnið skraut

Það er um að gera að búa til sitt eigið jólaskraut, en ef það er keypt borgar sig að kaupa eitthvað klassískt úr endurvinnanlegum efnum sem hægt að nota ár eftir ár. Það er bæði óumhverfisvænt og slæm nýting á peningum að kaupa plastskraut sem endist stutt. Svo er það yfirleitt ekki jafn fallegt.

### Forðist matarsóun

Gríðarlega mikið af mat fer til spillis á jólunum og það er mikilvægt að skipuleggja vel fyrir fram til að hafa örugglega nóg, en ekki óþarflega mikið.

Ef maður situr uppi með afganga er oft hægt að gera alls konar góðgæti úr þeim með smá frumlegri hugsun.

### Margnota pokar í jólaverslun

Það er ódýrt og þægilegt að taka poka, en það er miklu betra fyrir umhverfið að vera með sína eigin margnota poka meðferðis í jólagjafa- og matarinnkaupumunum fyrir jól, rétt eins og á öðrum tímum ársins.

Ekki fara
í jólaköttinn!

Við leigjum og seljum ljósaseríur og jólaketti. Setjum þær upp, tökum niður og geymum.



GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
WWW.GARDLIST.IS - 554-1989



Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar er í þróunarsamvinnu í Eþíópíu þar sem áhersla er lögð á að tryggja aðgengi að vatni. MYND/ÞORKELL ÞORKELSSON

# Afar þakklát fyrir dýrmætan stuðning

**Það er í nógu að snúast hjá Hjálparstarfi kirkjunnar allt árið um kring en þó sérstaklega í desember. Kristín Ólafsdóttir, fræðslu- og upplýsingafulltrúi, segir mikilvægt að ná til barna sem búa við kröpp kjör og að starfið væri ekki mögulegt án fjölda sjálfboðaliða og reglulegra styrktaraðila.**

Við erum núna að undirbúa stærsta verkefnið innanlands sem er aðstoð við efnalitlar fjölskyldur um allt land fyrir jólin,“ segir Kristín. „Aðstoðin er ætluð fólki sem býr við kröpp kjör, með inneignarkortum í matvöruverslunum, ásamt jólagjöfum fyrir börnin og jólafatnaði fyrir börn jafnt sem fullorðna, en fatnaðurinn hefur okkur verið gefinn og er vel með farinn, hreinn og heill.“

Hjálparstarfið gerir ráð fyrir fjölda umsókna í ár. „Í desember 2018 leituðu 1.274 til Hjálparstarfsins og við eigum von á svipuðum fjölda umsókna fyrir komandi jól. Okkur reiknast þannig til að það séu um það bil 3.400 einstaklingar á bak við umsóknirnar,“ segir Kristín. „Fólk getur komið hingað fyrstu dagana í desember og sótt um aðstoð fyrir jólin en það eru félagsráðgjafar Hjálparstarfsins og sjálfboðaliðar sem taka á móti umsóknum frá þriðjudegi til fimmtudags, 3. til 5. desember, frá klukkan 11 til 15.“

## Neyðaraðstoð og valdeflingarverkefni innanlands

Þjónusta Hjálparstarfs kirkjunnar er margþætt. „Allt árið um kring getur fólk leitað hingað til okkar. Bæði veitum við neyðaraðstoð fólki sem býr við kröpp kjör með inneignarkortum í matvöruverslunum og svo aðstoðum við barnafjölskyldur í upphafi skólaárs og yfir veturinn um vetrarfatnað og svo börnin geti stundað íþróttir, tónlistarnám og tekið þátt í frístundastarfi með vinum sínum og jafnöldrum,“ útskýrir Kristín. „Eins geta ungmenni sem eru í framhaldsskóla sótt um styrki fyrir námsgögnum eða jafnvel skólagjöldum. Hjálparstarfið veitir líka fólki í neyð aðstoð við lyfjakaup og hægt er að nálgast notaðan fatnað án endurgjalds hjá stofnuninni á þriðjudagsmorgnum.“

Kristín segir valdeflingu stóran þátt í starfinu innanlands. „Félagsráðgjafarnir okkar greina vandann með fólkinu sem hingað leitar, veita því félagslega ráðgjöf og efnislegan stuðning. En til að hjálpa fólki við að komast út úr erfiðum aðstæðum skipuleggjum við líka valdeflandi verkefni í síauknum mæli. Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins starfa með prestum og djáknum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum mannúðarsamtökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar séu hafðir með í ráðum,“ útskýrir Kristín.

## Samstarf við systurstofnanir

Hjálparstarf kirkjunnar á í umfangsmiklu samstarfi við systurstofnanir víða um veröld. „Við tökum þátt í mannúðarstarfi á átakasvæðum og í kjölfar náttúruhamfara í samstarfi við systurstofnanir okkar í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, sem er samstarfsnet 155 hjálparstofnana vítt um heiminn,“ segir Kristín. „Á starfsárinu 2018-2019 sendi Hjálparstarf kirkjunnar fjárframlag, alls 111,5 milljónir króna, til mannúðaraðstoðar í Palestínu, Jórdaníu, Írak, Suður-Súdan og Indónesíu. Framlagið er að meðtöldum styrkjum sem utanríkisráðuneytið veitti samkvæmt verklagsreglum um styrki til mannúðaraðstoðar borgarasamtaka.“

## Þróunarsamstarf virkar

Í Sómalífylki í Eþíópíu búa milljónir íbúa við fæðuskort af völdum þurrka og aukinnar óreglu í veðurkerfum sem er rakin til loftslagsbreytinga. Þegar lítið sem ekkert rignir á regntímanum verður uppskeran rýr og fátæktin þar af leiðandi enn sárari. Stór þáttur í aðstoð Hjálparstarfsins á svæðinu er því að tryggja fólkinu aðgang að vatni. Bændur á svæðinu fá aðstoð til að efla jarðyrkju og búfjárrækt



Kristín Ólafsdóttir, fræðslu- og upplýsingafulltrúi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hluti sjálfboðaliða sem vinna óeigingjarnt starf í viku hverri.

> „Fólkið sem fær gjafabréfin að gjöf fær tækifæri til að hjálpa náunga sínum til sjálfshjálpar og það er dýrmæt gjöf.

og konur fá sérstaka aðstoð með fræðslu og örlánum til að hefja atvinnurekstur.

„Meðal meginmarkmiða verkefnisins í Eþíópíu er að stuðla að auknu valdi og áhrifum kvenna, samfélaginu öllu til farsældar. Konur sem hafa fengið aðstoð reka nú til dæmis litla búð, stunda geita,- sauðfjár- og hænsnarækt eða rækta og selja grænmeti. Tekjur af rekstrinum nota konurnar til þess að greiða kostnað við skólagöngu barna sinna og til þess að kaupa dagvöru, fatnað og nytjahluti fyrir heimilið. Tekjurnar nota konurnar líka til að kaupa vatn yfir versta þurrkatímann.“

## Unglingar í Kampala fá tækifæri til mannsæmandi lífs

Börn og unglingar sem búa við sára fátækt eru markhópur verkefnis Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. „Í fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda, þar sem börn og unglingar eru útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi sökum fátæktar starfar Hjálparstarf kirkjunnar með grasrótarsamtökunum Ugandan Youth Development Link, UYDEL,“ segir Kristín.

Verkefnið, sem nær til fjölda ungmenna, miðar að því að gera þeim kleift að losna úr viðjum fátæktar. „Á hverju ári fá yfir 500 unglingar tækifæri til mannsæmandi lífs með því að sækja smiðjur UYDEL þar sem þeir öðlast verkkunnáttu sem þeir geta nýtt til að sjá sér farborða, til dæmis í rafvirkjun, saumaskap og hárgreiðslu. Krakkarnir taka einnig þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina. Unglingarnir eru líka upplýstir um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.“

## Gjöf sem gefur margfalt

Kristín segir stuðning almennings ómetanlegan. „Hjálparstarf kirkjunnar sinnir öflugu mannúðar- og hjálparstarfi hér heima og í fátækustu samfélögum heims með frábærum stuðningi frá almenningi og stjórnvöldum,“ segir Kristín og þakkar sjálfboðaliðum Hjálparstarfsins sérstaklega fyrir óeigingjarnt og fórnfúst starf.

Það er einfalt að leggja þessum góðu málefnum lið og tilvalið að gera svo um hátíðarnar. „Í vefverslun Hjálparstarfs kirkjunnar, gjofsemgefur.is, og á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar að Háaleitisbraut 66 í Reykjavík fást 45 mismunandi gjafabréf sem hafa margþættan tilgang. Gjafabréfin eru tækifærisgjafir sem eru táknrænar og endurspegla starfið,“ segir Kristín. „Fólkið sem fær þau að gjöf fær tækifæri til að hjálpa náunga sínum til sjálfshjálpar og það er dýrmæt gjöf. Sala gjafabréfanna er stór liður í fjáröflun til verkefna okkar hér heima og í útlöndum.“

# Jól fyrir umhverfið

Nú þegar jólin nálgast velta eflaust margir fyrir sér hvernig hægt er að halda jólin á sama tíma og hugað er að umhverfisvernd og minni sóun. Flestir vilja leggja sitt af mörkum til að vernda umhverfið en hvernig förum við að því að minnka plast og draga úr notkun á einnota hlutum? Hildur Hreinsdóttir sjálfbærnifræðingur verður með fræðslu í Borgarbókasafninu Sólheimum þann 21. nóvember næstkomandi klukkan 17.30 þar sem hún mun fjalla um aðferðir til að halda umhverfisvænni jól. Heitt verður á könnunni og viðburðurinn er öllum opinn.



Um jólin er mikilvægt að gleyma ekki umhverfinu. NORDICPHOTOS/GETTY

**Borgarbókasafnið heldur fræðslufund um umhverfisvænar aðferðir til jólahalds.**



**Þurfum við ekki öll að hugsa um umhverfið á jólum?**

## Græn jól

Til að vera umhverfisvænn fyrir jólin þarf að hugsa um marga hluti. Til dæmis að muna alltaf eftir fjölnota burðarpokum þegar farið er í verslanir. Margir hafa þegar vanið sig af því að nota plastpoka og margar verslanir hafa tekið upp poka sem eru umhverfisvænir. Best er að koma með eigin poka sem hægt er að nota aftur og aftur.

Margir fara í mikinn verslunargír í matvörubúðum fyrir jólin. Matarsóun er of mikil og þess vegna er miklu betra að vera skipulagður og úthugsa hvað vantar raunverulega og hvað mikið verður borðað. Ef afgangar verða af veislumatnum er hægt að nýta þá í aðra góða rétti.

Mikið kjöt er á borðum um jólin enda veisla í bæ. Hins vegar er sniðugt að taka sér að minnsta kosti einn kjötlausan dag yfir hátíðir. Þá gæti verið fiskur á borðum eða bara góður grænmetisréttur.



**Það er vistvænt og skemmtilegt að finna jólatré í íslenskum skógi.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Hvernig jólatré?

Ef við ætlum að kaupa tré ætti það að vera ræktað á Íslandi og best ef það hefur verið ræktað nálægt okkur. Kosturinn við íslenskt ræktuð jólatré er oft sá að skógræktarfélög þurfa að grisja skógana á hverju ári og því getum við keypt tré sem hvort sem er þurfti að fella.

Hægt er að kaupa sígræn tré frá útlöndum en ókostur við þau er að í sumum tilfellum eru þau ræktuð á stórum ökrum og notað til þess töluvert af eitri og efnum til að auka vöxt þeirra. Trén þarf líka að flytja um langan veg til Íslands sem kostar eldsneyti og veldur losun gróðurhúsaloft-tegunda.

Margnota tré geta verið betri kostur séu þau notuð í tugi ára, þá eru umhverfisáhrifin frá framleiðslu þeirra orðin minni en losun frá ræktun og förgun lifandi trjáa. Hér þarf að athuga að flest plasttré eru framleidd í Asíu og unnin, eins og annað plast, úr olíu. Framleiðslan er orkufrek og flytja þarf trén um langan veg til Íslands. Þegar trjánum er hent verða þau að plastúrgangi sem misgott er að endurvinna, ef tréð er þá flokkað til endurvinnslu.

*Heimild: Umhverfisstofnun, ust.is*


STÓRBOTIN SAGA ÓLAFS JÓHANNS!

★★★★★
- Goodreads

INNFLYTJANDINN EFTIR ÓLAF JÓHANN ÓLAFSSON

**Mögnuð** skáldsaga um mátt og árekstur menningarheima, um vegi ástarinnar og óblíð örlög, um lystisemdir lífsins, vonir manna og vonbrigði. Hér sýnir Ólafur Jóhann Ólafsson allar sínar bestu hliðar í **heillandi sögu**.






★★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttatímanum (um Málverkið)

**„Frábærlega hæfileikaríkur höfundur.“**
Boston Globe.

**„Maður dáist að því hvað Ólafur Jóhann er kraftmikill og heillandi sagnamaður.“**
Kirkus Reviews.

BJARTUR VERÖLD
bjartur-verold.is

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Keypt & Selt

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


## Heimilið

### Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna óskast

**ÞORLÁKSHÖFN**
64 ára reynslumikill smiður og byggingafr. óskar eftir starfi. Starf á höfuðb.svæðinu kemur vel til greina. Sími: 661-7955 eða póstfang: gudni1955@gmail.com



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar




Erum við að leita **að þér?**

NÝJA BÍLAHÖLLIN 30 30 ÁRA • 1988 - 2018

# GÓÐIR Í VETUR



**VOLVO Xc90 t8 twin engine inscription.** Árgerð 2018, ekinn 27 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 8.390.000.** Rnr.360754.



**LAND ROVER Range rover sdv8 autobiography.** Árgerð 2017, ekinn 44 Þ.KM, dísel v8 341 hö m /öllu , sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 17.900.000.** Rnr.117065.



**VOLVO V60 d6 dísel/rafm awd summum plug in.** Árgerð 2018, ekinn 9 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 4.690.000.** Rnr.117104




**VW Golf comfortline.** Árgerð 2018, ekinn 70 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Ásett v 2.690 **Tilboð 2.490.000.** Rnr.360636.




**MMC Outlander intense.** Árgerð 2017, ekinn 152 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Ásett v **Tilboð 1.990.000.** Rnr.213836.



**VW Golf gte comforline .** Árgerð 2018, ekinn 35 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 3.890.000.** Rnr.117051.




**SKODA Octavia combi 4x4.** Árgerð 2017, ekinn 99 Þ.KM, dísel, 6 gírar.ásett 2.490 **Tilboð 2.280.000.** Rnr.360761.




**LAND ROVER Discovery hse.** Árgerð 2018, ekinn 3 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar.7 manna m/öllu ásett v 12.890. **Tilboð 11.490.000.** Rnr.116846.

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165
REYNSLA OG TRAUST Í 30 ÁR



**TOYOTA Hilux double cab sr5.** Árgerð 2008, ekinn 188 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 4 gírar. **Verð 2.690.000.** Rnr.213898.




**KIA Sportage ex.** Árgerð 2017, ekinn 143 Þ.KM, dísel, 6 gírar. ásett v 2.990 **Tilboð 2.480.000.** Rnr.213812.




**TOYOTA Land cruiser 150 gx** 7 manna. Árgerð 2017, ekinn 151 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. ásett v. 6.480 **Tilboð 5.490.000.** Rnr.117054.

Bílafjármögnun Landsbankans

## Fasteignir






**Vel skipulagt og mikið endurnýjað raðhús á einni hæð við Boðahlein 28**



- Stærð 60 fm
- Góður garður
- Sjávarútsýni
- Þjónusta frá Hrafnistu
- Húsið endurnýjað að innan

Verð: **39,9 millj.**



Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

**MIKLABORG** **569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

## Tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTING

**Tillaga að deiliskipulagsbreytingu Suðurbæjar sunnan Hamars.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 16.10.2019 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóð Suðurgötu 73 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. og samhliða grenndarkynna tillöguna skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Breytingin felst í að:* heimilt verði að nýta bifreiðageymslu á lóð Suðurgötu 73 í heild eða að hluta undir vinnustofu / námskeiðahald.

Breytingartillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhellu 2, frá 13.11.-30.12.2019. Efni er einnig aðgengilegt á www.hafnarfjordur.is

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagssviðs, eigi síðar en 30. desember 2019.

Umhverfis- og skipulagssvið

HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 **hafnarfjordur.is**




Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR

hagvangur.is

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is



## Eftirlitsstofnanir verði sameinaðar

Bæði Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins leggja til að eftirlitsstofnanir verði sameinaðar. Vísað er til greiningar Capacent frá árinu 2015 þar sem niðurstaðan var sú að fýsilegt væri að sameina Samkeppniseftirlitið, Póst- og fjarskiptastofnun, fjölmiðlanefnd og raforkueftirlit Orkustofnunar í eina stofnun.

„Í ljósi þess hve miklar tafir eru á afgreiðslu samkeppnismála er mikilvægt að leita allra leiða til að straumlínulaga og hagræða í rekstri Samkeppniseftirlitsins. Tímabært er að taka það upp að nýju og kanna hvort forsendur hafi breyst. Ef það er niðurstaða sérfræðinga að sameining sé enn fýsileg þá verði tafarlaust hafist handa við þá sameiningu,“ segir í umsögn Samtaka atvinnulífsins.

Samtök iðnaðarins leggja sérstaka áherslu á sameiningu Samkeppniseftirlitsins og Póst- og fjarskiptastofnunar og benda á að útgjöld eftirlitsstofnana ríkisins hafi aukist um 7 milljarða króna frá árinu 2010.

sjálfra að meta hvort skilyrði fyrir undanþágum séu uppfyllt. Sambærileg breyting var gerð á vettvangi framkvæmdastjórnar ESB árið 2003.

Samtök atvinnulífsins segja að þó að ákveðin réttarvissa geti verið fólgin í því að fá sérstaka ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um undanþágu frá bannákvæðum verði ekki horft fram hjá ávinningi þess að hér á landi sé löggjöf í samræmi við þá sem tíðkast í Evrópu.

„Afgreiðsla þessara mála hefur verið tímafrek undanfarin ár, með tilheyrandi óhagræði fyrir fyrirtæki sem sótt hafa um undanþágur. Langur málsmeðferðartími hefur í mörgum tilfellum leitt til þess að fyrirtæki hafa ekki séð hag sinn í því að sækja um undanþágur. Með því að færa málin frá Samkeppniseftirlitinu minnkar álag á stofnunina sem eykur líkur á hraðari og betri málsmeðferð í öðrum málum,“ segir í umsögn SA.

„Breytingin mun ekki veikja samkeppniseftirlit eða leiða til vægari krafna um framfylgd laganna, fyrirtæki munu enn þurfa að uppfylla öll þau skilyrði sem koma fram í lögunum. Þau munu hins vegar sjálf bera ábyrgð á því að samstarf þeirra á milli brjóti ekki í bága við samkeppnislög og bera refsiábyrgð á því. Samkeppniseftirlitið mun enn geta gripið inn í ef það telur fyrirtæki ganga of langt í samstarfi.“

**Forsendur geta brostið**

Logos segir að með því að afnema hlutverk Samkeppniseftirlitsins við lögmætt samstarf fyrirtækja sé að sönnu dregið nokkuð úr

> **Augaleið gefur að forsendur slíks samstarfs geta breyst eða jafnvel brostið á svo löngum málsmeðferðartíma.**
>
> Úr umsögn Logos

fyrirsjáanleika þar sem fyrirtækin verða þannig sjálf að taka áhættuna á því að um lögmætt samstarf sé að ræða. Mistakist fyrirtækjum í þeim efnum eigi þau þannig yfir höfði sér háar sektir.

„Hins vegar verður að ætla að þrátt fyrir það sé minni hagsmunum þar með fórnað fyrir meiri. Sér í lagi er þó mikilvægt og raunar nauðsynlegt að Samkeppniseftirlitið gefi út skýrar leiðbeiningar um þetta efni líkt og frumvarpsdrögin ráðgera.“

Þá bendir Logos á að dæmi sýni að töluverðan tíma geti tekið að fá undanþágu fyrir samstarf frá Samkeppniseftirlitinu. Eru tekin þrjú dæmi þar sem tíminn sem leið frá undanþágubeiðni þar til hún var veitt nam rúmu ári, tæpu einu og hálfu ári og rúmum tveimur árum.

„Augaleið gefur að forsendur slíks samstarfs geta breyst eða jafnvel brostið á svo löngum málsmeðferðartíma. Þar sem óumdeilanlega er um að ræða lögmætt samstarf sem er til hagsbóta fyrir neytendur getur sá ábati þar með glatast,“ segir Logos.

**SKE ekki mótfallið**

Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemd við að felld verði niður heimild eftirlitsins til að veita undanþágu fyrir ólögmætu samráði og í stað þess verði byggt á sjálfsmati fyrirtækja. Stofnunin varar hins vegar við skaðlegum áhrifum þess ef samhliða verður dregið úr heimildum Samkeppniseftirlitsins að öðru leyti.

Bent er á að þegar umræddar breytingar voru gerðar á vettvangi framkvæmdastjórnar ESB, var þeim fylgt eftir með verulegri styrkingu á heimildum framkvæmdastjórnarinnar. Jafnframt telur Samkeppniseftirlitið afar mikilvægt að breytingin verði ekki kynnt þannig að hún feli í sér einhvers konar breytingu á efni samkeppnisréttar frá því sem nú er.

„Samkeppniseftirlitið áréttar hins vegar mikilvægi þess að í greinargerðinni sé skýrt kveðið á um að breytingin veiti ekki auknar heimildir til samstarfs, áfram þurfi að leggja vandað mat á það hvort skilyrði fyrir samstarfinu séu uppfyllt, viðkomandi fyrirtæki beri sönnunarbyrðina fyrir því og leggi fyrirtækin rangt mat á þessu leyti geta þau og stjórnendur þeirra þurft að sæta viðurlögum samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga,“ segir í umsögn Samkeppniseftirlitsins.

**Samskipti stjórnenda óeðlileg**

Gylfi Magnússon gagnrýnir tillögurnar hins vegar harðlega. Hann segir að þótt finna megi erlend fordæmi sé erfitt að sjá að breytingin sé til bóta. Hún leiði til þess að ekkert verði af löglegu og heppilegu samráði og jafnframt aukist líkur á ólöglegu og óheppilegu samráði.

„Má telja næsta víst að í einhverjum tilfellum þori fyrirtæki ekki að taka þá áhættu að þau hafi metið aðstæður með öðrum hætti en Samkeppniseftirlitið. Hér er því í raun verið að búa til verulega áhættu fyrir fyrirtæki og stjórnendur þeirra,“ segir Gylfi. Breytingin kunni að leiða til skaðlegs samráðs þar sem „almennt er óæskilegt að forsvarsmenn, eða jafnvel almennir starfsmenn, fyrirtækja sem eiga að vera keppinautar ræði mikið saman.

Má raunar velta því fyrir sér hvort ekki væri skynsamlegt, fyrst til skoðunar er að breyta samkeppnislögum, að sporna frekar við fundahöldum keppinauta, formlegum sem óformlegum, frekar en að beinlínis hvetja til þeirra. Raunar ætti að vera með öllu óeðlilegt að stjórnendur fyrirtækja sem eiga í samkeppni eigi í öðrum samskiptum hver við annan en þeim sem algjörlega óhjákvæmileg teljast. Á það jafnt við um samskipti innan sem utan vinnu,“ segir Gylfi.

## Hagar vilja ganga lengra

Hagar hafa haft nokkra reynslu af meðferð samrunamála á undanförnum þremur árum og taka undir þau sjónarmið að bæta megi meðferð samrunamála og auka skilvirkni. Í frumvarpinu er lagt til að samrunaaðilar setji fram tillögur að skilyrðum samrunans innan tiltekins tímaramma.

Hagar vekja athygli á því að sjaldnast er raunhæft fyrir samrunaaðila að koma fram með tillögur um skilyrði fyrr en frummat Samkeppniseftirlitsins á mögulegum áhrifum umrædds samruna liggur fyrir.

„Ekki er æskilegt að mati Haga að gera þær kröfur til samrunaaðila að þeir leggi til skilyrði sem koma til móts við mögulega neikvæð áhrif samrunans áður en stjórnvaldið hefur birt frummat sitt á þessum mögulegu áhrifum. Framboðnum skilyrðum er almennt ætlað að mæta og eyða þeim skaðlegu áhrifum sem Samkeppniseftirlitið telur að stafi af samrunanum. Því er almennt eðlilegt að samrunaaðilar tefli fram skilyrðum eftir að eftirlitið hefur greint samrunaaðilum frá frummati sínu á áhrifum samrunans,“ segir í umsögn Haga.

Þá gagnist það illa samrunaaðilum að setja eingöngu þeim tiltekin tímamörk til þess að koma fram með skilyrðin án þess að setja að sama skapi skyldu á eftirlitið til að koma með viðbrögð við framboðnum skilyrðum innan tiltekins tíma.

„Jafnt í evrópskum sem íslenskum samkeppnisrétti er litið svo á að setning skilyrða fyrir samrunum sé samningaferli. Ljóst má vera að staða aðila í því samningaferli er langt frá því að vera jöfn,“ segir í umsögn Haga sem leggja til að berist tillögur samrunaaðila innan tímamarka verði einnig lögð skylda á Samkeppniseftirlitið til þess að veita viðbrögð sín við tillögunum innan tiltekins tímafrests.

**SKE eigi ekki að spá fyrir um þróun markaða**

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um að heimild Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar í starfsemi fyrirtækja, án þess að þau hafi gerst brotleg við samkeppnislög, verði felld út. Eftirlitið hefur ekki beitt þeirri heimild frá því að hún var tekin upp árið 2011 en í greinargerð með frumvarpinu segir að vegna þess hve almennt ákvæðið sé og beiting þess ófyrirsjáanleg megi halda því fram að það „skapi fyrirtækjum hér á landi ákveðna réttaróvissu“. Bent er á að samkeppnisyfirvöld í öðrum EES-ríkjum hafi almennt ekki jafn víðtækar valdheimildir.

Samkeppniseftirlitið gerir athugasemdir við þessa framsetningu þar sem umrædd rannsóknarheimild hafi verið nýtt með talsverðum árangri þótt ekki hafi hingað til þurft að grípa til formlegrar íhlutunar. Bent er á að Samkeppniseftirlitið hafi ráðist í rannsókn á eldsneytismarkaðinum sem hefði aldrei farið fram án heimildarinnar. Við rannsóknir á tveimur stórum samrunum á eldsneytis- og dagvörumarkaði árið 2018 hefði Samkeppniseftirlitið stuðst við rannsókn sína á eldsneytismarkaði.

„Í niðurstöðum frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins er sett fram það mat að álagning á bifreiðaeldsneyti sé óeðlilega há, eða sem nemi allt að 18-20 krónum á hvern seldan lítra, og neytendur hefðu á árinu 2014 greitt 4-4,5 milljörðum of mikið fyrir bifreiðaeldsneyti í samanburði við verð sem mætti búast við ef þær samkeppnishömlur sem borin voru kennsl á hefðu ekki verið til staðar. Með hliðsjón af framansögðu má ætla að umtalsverður ábati felist í því að bæta samkeppnisaðstæður á eldsneytismarkaði óháð því hvort samkeppnislagabrot hafi verið framin,“ segir í umsögn Samkeppniseftirlitsins.

Samtök atvinnulífsins segja að einn af hornsteinum evrópsks og íslensks samkeppnisréttar sé að markaðsráðandi staða fyrirtækja sé ekki óheimil út af fyrir sig og að ekki sé lagt bann við að fyrirtæki nái markaðsráðandi stöðu. Hins vegar er áskilið að misnotkun verði ekki beitt, til dæmis til tjóns fyrir neytendur.

„Íhlutunarákvæðið gengur verulega nærri þessari meginreglu samkeppnisréttar. Heimildin er opin og matskennd og ekki í anda réttaröryggis sem þarf að ríkja um eignarréttindi enda þurfa allar slíkar lagaheimildir að uppfylla kröfur um skýrleika og fyrirsjáanleika í framkvæmd,“ segir í umsögn samtakanna. Mikilvægt sé að skýrt sé í lögum hvenær opinberir aðilar megi grípa til slíkra úrræða enda sé það ekki á færi einstakra stjórnvalda að sjá fyrir hvernig markaðir þróist til dæmis með tilliti til nýsköpunar, tæknibreytinga og efnahagsþróunar.

„Ýmsir ófyrirsjáanlegir þættir geta haft áhrif á breytta hegðun neytenda og þar með stöðu fyrirtækja á markaði sem og á framboð og eftirspurn eftir vöru og þjónustu. Samkeppniseftirlitið er ekki best til þess fallið að spá fyrir um hvernig aðstæður muni þróast í framtíðinni.“

**Minni áhersla á samruna**

Samkvæmt frumvarpinu verða veltumörk tilkynningarskyldra samruna, sem hafa haldist óbreytt frá 2008, hækkuð nokkuð frá því sem nú er. Ef samanlögð ársvelta fyrirtækja sem vilja sameinast er þrír milljarðar eða að minnsta kosti tvö fyrirtækjanna hafa yfir 300 milljóna ársveltu hér á landi beri þeim þannig skylda til að tilkynna samrunann til eftirlitsins. Í dag miðast mörkin við annars vegar tvo milljarða og hins vegar 200 milljónir.

Samtök atvinnulífsins taka undir með ráðuneytinu að tímabært sé að hækka veltumörkin enda hafa þau ekki tekið breytingum síðan 2008 og íslenskt efnahagslíf hefur þróast töluvert frá þeim tíma auk þess sem verulegar verðlagsbreytingar hafa orðið. Breytingin mun koma í veg fyrir óþarfar samrunatilkynningar og málsmeðferð í málum sem litlu breyta fyrir hag neytenda. Hins vegar séu veltumörk tilkynningarskyldra samruna fyrirtækja mun lægri hér á landi en í nágrannalöndunum.

„Með því að hækka fjárhæðarmörkin enn frekar má draga úr áherslu samrunamála hjá Samkeppniseftirlitinu sem mun hraða málsmeðferð og gera eftirlitinu unnt að auka skilvirkni sína í öðrum málaflokkum eins og að uppræta ólögmætt samráð og vinna gegn öðrum samkeppnishömlum á markaði,“ segir í umsögn samtakanna.

Samkeppniseftirlitið telur koma til álita að hækka veltumörk tilkynningarskyldu vegna samruna með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpsdrögunum. Eftirlitið telur hins vegar óvarlegt að þrengja heimild eftirlitsins til að kalla eftir samrunatilkynningum vegna minni samruna á mörkuðum þar sem mikilvægt er að vernda neytendur.

„Rétt er þó að vekja athygli á því að núgildandi veltumörk eru með þeim hæstu á Norðurlöndunum sé miðað við verga landsframleiðslu (hærri en í Svíþjóð, Noregi og Danmörku) og verða enn hærri verði breytingin að lögum.“

# Glimmer og grípandi slagorð ekki nóg

## Svipmynd

**Tinna Pétursdóttir**

**Nám:**
Útskrifaðist úr MR 1999 af fornmáladeild. Flutti til Ítalíu og fór í nám í ítölsku og svo í grafíska hönnun, útskrifaðist 2004, síðan í master í umbúðahönnun.

**Störf:**
JL auglýsingastofa, Ennemm og Síminn, sem grafískur hönnuður Marel, verkefnastjóri hönnunar Men & Mice, listrænn stjórnandi H:N Markaðssamskipti. Nú hönnunarstjóri og meðeigandi Ampere, auglýsinga- og almannatengslastofu.

**Fjölskylduhagir:**
Í sambúð með Árna Þór Jónssyni, yfirkokki á Slippbarnum. Þrjú börn, Hjálmar, Sólveig og Matthilda, og tvö stjúpbörn, Andri og Aron, aldursbil 7-26 ára, og standard schnauzerinn Eyja.



Tinna segir að það hafi verið krefjandi að hætta í öruggu starfi og fara út í eigin rekstur með fingurna krossaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tinna Pétursdóttir hönnunarstjóri er meðeigandi Ampere sem er nýstofnuð auglýsinga- og almannatengslastofa, og auk þess formaður Grapíku, félags kvenna í grafískri hönnun á Íslandi. Hún segir að auglýsingamódelið sé að þróast í áttina að minni yfirbyggingu og styttri boðleiðum.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Fjölskyldu- og hundaútivera, skíði, hönnun, vínsmökkun og ferðalög.

*Hvernig er morgunrútínan?*

Ég vakna 6.30, fer í sturtu og sötra kaffibolla á meðan ég punta mig fyrir vinnudaginn. Upp úr sjö fara krakkarnir á fætur og þá breytist heimilið í umferðarmiðstöð. Ég aðstoða þessa yngstu með undirbúning og nestisgerð en svo um átta er lagt af stað út í daginn.

Þegar börnin eru hjá pabba sínum eru morgnarnir mínir alger zen-stund. Bara dund, útvarp og kaffistund með Árna, manninum mínum. Mér finnst rólegheit á morgnana alger nauðsyn og til þess að ná góðri stund ein fór ég að vakna fyrr. Ekkert er verra en hamagangur og læti í morgunsárið.

> **Það var nákvæmlega þetta sem okkur langaði að gera. Að hafa ekki samviskubit gagnvart neinum, hvorki börnum né yfirmönnum, og þegar það er fundið er ekki snúið aftur.**

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Ætli eftirminnilegasta bókin sé ekki Hundrað ára einsemd eftir Gabriel Garcia Marquez en sú áhrifaríkasta líklega Brave, not Perfect, eftir Reshma Saujani.

*Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin síðustu misseri?*

Ætli það hafi ekki verið að hætta í öruggu starfi með örugg laun og fara í eigin rekstur með fingur krossaða. Það er áhætta og smá pína í magann en alveg svakalega gaman og fram að þessu hefur það gengið vonum framar hjá okkur.

*Hefur rekstrarumhverfið í geiranum tekið breytingum?*

Það er margt spennandi í gangi og tækifærin eru mýmörg. Mín upplifun er sú að við séum búin að vera að sjá og sjáum áfram fram á ákveðnar breytingar í þessu hefðbundna auglýsingastofu-módeli. Minni yfirbygging og meira persónulegt með styttri boðleiðum og jafnvel dassi af meiri sjálfbærni. Mér finnst ekkert verra en stöðnun og svör eins og „svona hefur þetta alltaf verið“ fá hárin til að rísa á höfði mér.

Ég hef mikla þörf fyrir að læra nýja hluti og vaxa sem hönnuður og manneskja. Ég held að það sé góður eiginleiki í auglýsingageiranum þar sem það virkar lítið í dag að reyna að selja neytandanum drasl með glimmeri og grípandi slagorði. Það er mun áhrifameira að vera heiðarlegur og sannur og fyrir vikið sef ég betur á nóttinni.

*Sérðu tækifæri í þessum breytingum?*

Alltaf. Það eru alltaf tækifæri í öllum breytingum, breytingar þýða tækifæri í mínum huga. Í grunninn snýst þetta kannski mest um að koma auga á þau og hlusta svo á innsæið.

*Hvers hlakkarðu mest til þessa dagana?*

Ég hlakka mest til þess að fara í vinnuna á morgnana og mæta á fundi, hitta kúnna og vinna vinnuna mína vel, svo hlakka ég líka alltaf agalega til að koma heim á daginn, sátt við dagsverkið og njóta þess að vera með fjölskyldunni minni. Það var nákvæmlega þetta sem okkur Guðrúnu langaði að gera þegar við fórum út í rekstur Ampere. Að hafa ekki samviskubit gagnvart neinum, hvorki börnum né yfirmönnum, og þegar það er fundið er ekki snúið aftur.

*Hvar sérðu sjálfa þig eftir tíu ár?*

Velgengni í mínum huga er gott jafnvægi á milli vinnu, áhugamála og fjölskyldulífs, það er það sem ég stefni á á næstu misserum. Hvað gerist eftir tíu ár er ómögulegt að vita, ég held bara áfram að vera ánægð í eigin skinni að gera það sem mér finnst gaman.

# Aurum selur skart í House of Fraser

**Selja íslenska hönnun í fimm stórverslunum House of Fraser. Munu opna í tveimur öðrum stórverslunum eftir áramót. Stjórnendur Aurum vilja stiga varfærin skref í vextinum. Aurum hóf að sækja á Bretland fyrir fimm árum. Skartgripamerkið verður tvítugt í ár.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Breska stórverslunin House of Fraser hefur tekið til sölu skartgripamerkið Aurum en Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir er hönnuður fyrirtækisins. Karl Jóhann Jóhannsson, framkvæmdastjóri Aurum og eiginmaður Guðbjargar, segir að skartgripirnir séu til sölu í fimm stórverslunum House of Fraser af 42.

Aurum, sem rekur skartgripaverslun í Bankastræti, hefur verið starfrækt í 20 ár. Markhópurinn er konur á öllum aldri sem kunna að meta fallega hönnun.

„Fyrir fimm árum fórum við að reyna fyrir okkur með sölu í Bretlandi. Við höfum sótt sýningar, þessi vinna er kostnaðarsöm og krefst úthalds. Starfsmenn House of Fraser litu til okkar á sýningu í febrúar síðastliðnum og sendu tölvupóst í mars um að þeir vildu fá skartgripamerkið okkar í sölu í verslunum sínum.

Við hittum þau í tvígang og eftir fram og til baka með tímasetningar opnuðum við í fimm verslunum hinn 26. september, sem vill svo skemmtilega til að er afmælisdagur Guðbjargar. Þau vildu að við myndum byrja fyrr en þessi tímasetning varð fyrir valinu, því við vildum undirbúa opnanirnar vel,“ segir Karl.

> **Stjórnendur House of Fraser vilja að við opnum í fleiri verslunum en við töldum rétt að stíga varlega til jarðar. Það þarf að sýna skynsemi enda fylgir því mikil fjárbinding að fylla verslanir af skartgripum.**

### Góð samningsstaða

Að hans sögn var Aurum í góðri samningsstöðu gagnvart House of Fraser því starfsmenn fyrirtækisins hafi leitað til Aurum að fyrra bragði.

„Stjórnendur House of Fraser vilja að við opnum í fleiri verslunum en við töldum rétt að stíga varlega til jarðar. Það þarf að sýna skynsemi enda fylgir því mikil fjárbinding að fylla verslanir af skartgripum. Við munum sjá hvernig salan gengur og færa þá næstu tvær opnanir fram yfir áramót, líklega í febrúar, mars.



Hjónin Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir, hönnuður skartgripafyrirtækisins Aurum, og Karl Jóhann Jóhannsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Það sem gerist einnig þegar merkinu þínu er stillt upp í jafn stórri verslun og House of Fraser er að vörumerkjavitundin (e. brand awareness) eykst og merkið verður mun sýnilegra. Þetta mun eflaust valda aukningu hjá verslun okkar á netinu og einnig að aðrar verslanir sem eru að kaupa inn skart munu taka enn frekar eftir Aurum-skartgripamerkinu,“ segir Karl.

Að hans sögn hefur Aurum selt til um 60 verslana erlendis, langflestar þeirra séu í Bretlandi. „Sumar þeirra eiga í stöðugum viðskiptum við okkur, aðrar hafa tekið pásu og byrjað aftur og enn aðrar keypt einungis einu sinni af okkur.

Þær verslanir sem hafa tekið pásu frá að kaupa af okkur má líta á sem part af heildarviðskiptunum, en þær verslanir vita af okkur og við af þeim, en það er þá auðveldara að endurvekja þau viðskipti en opna ný,“ segir hann.

### HoF gerir ríkari kröfur

Karl segir segir að rekstur Aurum hafi verið sniðinn að því að mæta auknum kröfum sem erlendar verslanir geri alla jafna.

„Þegar selt er í Bretlandi þarf að tryggja að allt sem sagt er standi eins og stafur á bók. House of Fraser gerir enn ríkari kröfur en margar aðrar verslanir. Við erum reiðubúin að mæta þeim bæði hvað varðar framleiðslu, dreifingu og allt markaðsefni sem var óskað eftir. Til að mynda þurftum við að skila frá okkur 20 blaðsíðna biblíu þar sem öll smáatriði eru skilgreind,“ segir hann.

Í nóvember verður verslunin í Bankastræti stækkuð, haldið verður upp á 20 ára afmæli fyrirtækisins og samhliða verður kynnt sérstök afmælisskartgripalína sem ber nafnið Erika.

# Verðmæti vörumerkja og pólitísk umræða



**María Kristjánsdóttir**
lögmaður á LEX




Vörumerki eru oft á meðal verðmætustu eigna fyrirtækja og um leið tengiliður við viðskiptavini þeirra. Verðmætasta vörumerkið í dag samkvæmt viðskiptatímaritinu Forbes er vörumerki tæknirisans Apple, sem metið er á alls 206 milljarða Bandaríkjadala. Google er metið á 167 milljarða dala og Microsoft á 125 milljarða dala. Á undanförnum árum hefur orðið mikil aukning á því að fyrirtæki og eigendur þekktra vörumerkja taki afstöðu í pólitískum málum og málum sem hátt fara í samfélagslegri umræðu. Hugsanlega helst þetta í hendur við þá vitundarvakningu sem hefur orðið á meðal bæði fyrirtækja og stofnana um allan heim um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Viðskiptavinir fyrirtækja og almenningur krefjast þess að fyrirtæki hafi yfirlýsta stefnu í tengslum við samfélagsleg mál, til dæmis umhverfismál, jafnrétti og sjálfbærni. Aukið framboð og notkun á samfélagsmiðlum af ýmsu tagi, bæði af hálfu neytenda og almennings og af hálfu fyrirtækjanna sjálfra, býður enn fremur upp á aukna möguleika í markaðssetningu og veitir beint aðgengi að neytendum. Á sama tíma er ljóst að notkun samfélagsmiðla af hálfu fyrirtækja og vörumerkjaeigenda kallar á varkárni þar sem dæmin sýna að ein færsla getur verið afar dýrkeypt og hugsanlega grafið undan áratuga uppbyggingu á ímynd og vörumerki.

Nýleg eru fjölmörg dæmi þar sem fyrirtæki eða starfsmenn fyrirtækja hafa blandað sér í pólitísk mál, oftar en ekki í gegnum samfélagsmiðla. Dæmi er frá því í októberbyrjun þegar Daryl Morey, framkvæmdastjóri NBA-körfuboltaliðsins Houston Rockets, tísti skilaboðum á Twitter sem fólu í sér stuðningsyfirlýsingu við mótmælendahreyfinguna í Hong Kong. Morey eyddi tístinu stuttu eftir að það birtist, en skjáskot af stuðningsyfirlýsingunni fóru strax í dreifingu, meðal annars hjá stórum fjölmiðlum í Kína. Stuðningsyfirlýsingunni var mætt með hneykslun og jafnvel reiði af hálfu fjölda aðila í Kína og ljóst er að hún mun hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir NBA-körfuboltadeildina í heild og fyrir Houston Rockets liðið. Þannig hafa kínverskir styrktaraðilar liðsins rift styrktarsamningum sínum og körfuboltasamband Kína hefur slitið öllu samstarfi við liðið. NBA-deildin er ein stærsta íþróttadeild í heimi og NBA-vörumerkið sjálft afar verðmætt. Tekjur deildarinnar eru yfir sjö milljarðar dala á ári,

> **Notkun samfélagsmiðla af hálfu fyrirtækja og vörumerkjaeigenda kallar á varkárni þar sem dæmin sýna að ein færsla getur verið afar dýrkeypt og hugsanlega grafið undan áratuga uppbyggingu á ímynd og vörumerki.**

og stærsti hluti þeirra tekna utan Bandaríkjanna kemur einmitt frá Asíu. Fyrstu viðbrögð við tísti Moreys benda til þess að áhrif þess verði þau að tekjur deildarinnar tengdar Kína muni lækka töluvert og verðmæti vörumerkisins sömuleiðis.

Tveimur dögum eftir hina umdeildu stuðningsyfirlýsingu lýsti Morey því yfir á Twitter að það hefði ekki verið ætlunin með tístinu að móðga kínverska aðdáendur Rockets. NBA gaf enn fremur út yfirlýsingar um málið þar sem fram kom að samtökin hefðu orðið fyrir miklum vonbrigðum með óviðeigandi ummæli Moreys. NBA-deildin hefur síðan fengið annað bakslag ef svo má að orði komast innan Bandaríkjanna og þá vegna viðbragða deildarinnar við tísti Moreys. Þannig hafa stjórnmálamenn og fjölmiðlar gagnrýnt viðbrögð NBA harðlega og haldið því fram að hagnaður skipti deildina meira máli en mannréttindi. Það er því ljóst að það er vandrataður vegur fyrir fyrirtæki og samtök að blanda sér í pólitísk málefni.

Bandaríski íþróttavörurisinn Nike er annað dæmi um fyrirtæki sem hefur ítrekað blandað sér í pólitísk mál, oftar en ekki í gegnum markaðssetningu. Í september 2018 var tilkynnt að gerður hefði verið auglýsingasamningur við fyrrverandi NFL-leikmanninn Colin Kaepernick. Umræddur Kaepernick var mjög þekktur, ekki aðeins fyrir hæfileika sína í amerískum fótbolta heldur einnig fyrir að hafa mótmælt kynþáttafordómum í Bandaríkjunum með því að krjúpa þegar þjóðsöngurinn var spilaður fyrir leiki. Nike tók því augljósa afstöðu með Kaepernick og þeim málstað sem hann barðist fyrir. Það voru þó ekki allir sáttir við afstöðu Nike, en Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, mótmælti aðgerðum Kaepernicks. Hlutabréfaverð í Nike lækkaði fyrst eftir að markaðsherferðin fór af stað en nú, rúmu ári síðar, hefur heildarvirði Nike-vörumerkisins hækkað verulega, úr 28 milljörðum dala í rúma 32 milljarða dala.

Ekki þarf að leita út fyrir landsteinana til að koma auga á þátttöku fyrirtækja í pólitík. Advania dró regnbogafána að húni þegar varaforseti Bandaríkjanna, Mike Pence, kom í opinbera heimsókn í Höfða, en höfuðstöðvar Advania eru einmitt beint á móti Höfða. Fánarnir voru þannig beinlínis dregnir að húni sem skilaboð til Pence, sem hefur í gegnum tíðina verið andsnúinn réttindum hinsegin fólks. Ekki verður séð að afstaða Advania með réttindabaráttu hinsegin fólks hafi fengið önnur viðbrögð en jákvæð hér á landi. Íslandsbanki tók jafnframt samfélagslega afstöðu í síðasta mánuði þegar tilkynnt var sú stefna bankans að auglýsa ekki í fjölmiðlum sem „bjóða upp á afgerandi kynjahalla“. Afstaða bankans vakti mikil og nokkuð hörð viðbrögð, en málið var meðal annars rætt á Alþingi. Tíminn verður að leiða í ljós hvort ákvörðun bankans mun hafa áhrif á verðmæti og ímynd vörumerkis hans.

Af framangreindu er ljóst að fyrirtæki eru í auknum mæli að blanda sér í pólitísk og samfélagsleg málefni. Fyrirtæki og eigendur stórra

> **Fyrirtæki og eigendur stórra vörumerkja munu raunar ekki komast hjá því þar sem kröfur frá almenningi og neytendum um að þessir aðilar taki afstöðu með eða á móti samfélagslegum málefnum verða sífellt háværari.**

vörumerkja munu raunar ekki komast hjá því þar sem kröfur frá almenningi og neytendum um að þessir aðilar taki afstöðu með eða á móti samfélagslegum málefnum verða sífellt háværari. Fyrirtæki verða þó að hafa í huga það grundvallaratriði að sú afstaða sem er tekin sé trúverðug og einlæg og samræmist gildum viðkomandi fyrirtækis. Að öðrum kosti er hættan sú að viðbrögð almennings verði þau að um hræsni sé að ræða, með tilheyrandi tjóni og skaða fyrir ímynd fyrirtækisins. Þá sýna framangreind dæmi að verðmæti vörumerkja fyrirtækja geta hvort heldur sem er aukist eða minnkað með þátttöku þeirra í pólitískri og samfélagslegri umræðu.

# Kenndu barninu þínu þessa einföldu reglu



**Björn Berg Gunnarsson**
deildarstjóri greiningar og fræðslu Íslandsbanka

XXX Rottweilerhundar halda því fram að eina reglan sé að negla en ég ætla að leyfa mér að andmæla því pent. Ég fæ kannski kjarnyrt lag frá þeim kumpánum beint í andlitið en það verður bara að hafa það.

Þegar kemur að fjármálalegu uppeldi barna, sem svo allrar sanngirni sé nú gætt var varla það sem hundarnir áttu við, er reglan þessi: Aldrei kaupa neitt og borga seinna.

**Of lítið rætt um peninga**

Á hverjum vetri hitti ég hundruð nemenda við framhalds- og gagnfræðaskóla og spyr yfirleitt hvort rætt sé um peninga á heimilinu. Því miður virðist allt of lítið vera um slíkt og mikið vanta upp á að línurnar séu lagðar heima fyrir. Það er grundvallaratriði í uppeldi barna að leggja þeim línurnar varðandi

> **Hlutfall 18-29 ára af þeim sem leita til Umboðsmanns skuldara hefur á undanförnum sjö árum vaxið úr 5% í 42%.**

skynsamlega fjármálahegðun og ef slíkt vantar alfarið er hætt við að lærdómur seinna meir geti orðið ansi kostnaðarsamur.

Hlutfall 18-29 ára af þeim sem leita til Umboðsmanns skuldara hefur á undanförnum sjö árum vaxið úr 5% í 42% og hlutfall skjólstæðinga stofnunarinnar með smálán á sama tíma úr 6% í 57%. Þetta eru alvarleg tíðindi og við verðum að taka höndum saman við að grípa þarna inn í.

**Verðmætur varasjóður**

Einföld og skýr skilaboð til barna eru að forðast með öllu skammtíma- og neyslulán. Besta leiðin til að tryggja að slík lán séu aldrei tekin er að passa upp á að eiga alltaf varasjóð sem hægt er að ganga á ef eitthvað kemur upp á. Hversu stór slíkur sjóður skal vera er smekksatriði en ef við eigum sem dæmi alltaf til 100.000 krónur er ólíklegt að sú staða komi upp að taka þurfi lán fyrir óvæntum útgjöldum.

Þó að þægindi þess að kaupa strax og borga síðar séu gjarnan auglýst er ekki þar með sagt að það sé góð hugmynd. Að temja sér slíkt er með því dýrasta sem í boði er og algengt að kostnaðurinn hlaupi á tugum prósenta. Það gefur augaleið að með því að forðast slíka lántöku eins og heitan eldinn er börnunum okkar betur borgið.

# Skotsilfur

## Verndaður



**Róbert Wessman,** forstjóri Alvogen, tók u-beygju í Kauphöllinni í vikunni þegar félag á vegum hans og viðskiptafélaga hans seldi öll bréf sín í fasteignafélaginu Heimavöllum fyrir 560 milljónir króna og keypti bréf í fjarskiptafélaginu Sýn fyrir sömu upphæð. Þegar Róbert seldi bréfin í Heimavöllum á genginu 1,1 hlýtur yfirstjórn Kauphallarinnar að hafa verið honum ofarlega í huga en hún kom sem kunnugt er í veg fyrir afskráningu fasteignafélagsins í vor sem átti að fela í sér yfirtöku á genginu 1,3. Kauphöllin vildi vernda hluthafana og taldi að afskráning myndi valda þeim verulegu tjóni.

## Brandenburg kryddar Play



Viðskiptamódel Play er í grunninn að endurtaka það sem vel var gert hjá WOW air og sleppa því að verða gjaldþrota. Í ljósi þess þarf því ekki að koma á óvart að stjórnendur flugfélagsins hafi leitað til auglýsingastofunnar Brandenburg með Braga Valdimar Skúlason og **Ragnar Gunnarsson** í stafni. Það er rökrétt skref því auglýsingastofan aðstoðaði WOW air í upphafi. En ef fylgja á í fótspor Skúla Mogensen verða Playmenn að gyrða sig í brók þegar kemur að útliti glærukynninga.

## Rólegir



Tækifærið sem **Arnar Már Magnússon**, forstjóri Play, leggur á borð fjárfesta er að þeir geti tólf- til þrettánfaldað fjárfestingu sína á þremur árum. Play minnir á áhættufjárfestingu hjá tæknifjárfesti þar sem annaðhvort verður fyrirtækið að gulli eða fer á öskuhauga sögunnar. Fjárfestum er sagt að hlutafé Play, sem stefnir á að reka tíu flugvélar eftir þrjú ár, verði um 44 milljarða virði eftir þrjú ár. Það er bratt að reikna með að virðið verði svipað og Icelandair eftir skamma stund og rúmlega helmingur af núverandi markaðsvirði Norwegian sem rekur 170 flugvélar.

# Skortur í Líbanon



Í Líbanon skortir eldsneyti og mikilvæg lyf vegna gjaldeyrisskorts. Bensínstöðvum hefur verið lokað. Höft á fjármálastarfsemi hafa gert gjaldeyrisvanda þjóðarinnar enn verri. Íbúar hafa mótmælt vikum saman og sagði ríkisstjórnin af sér um mánaðamótin. Líbanon er eitt af þeim ríkjum heimsins sem eru hvað mest skuldum vafin. Á meðal tillagna hinna föllnu ríkisstjórnar var að skattleggja WhatsApp-símtöl. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Samkeppni styður heimsmarkmið



**Valur Þráinsson**
aðalhagfræðingur Samkeppniseftirlitsins

Í september árið 2015 voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (un.is/heimsmarkmidin) samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkjanna en þau taka til 17 markmiða sem miða öll að sjálfbærri þróun. Íslensk stjórnvöld vinna nú að innleiðingu markmiðanna en eitt af fimm meginþemum þeirra er hagsæld. Við fyrstu sýn mætti ætla að samkeppni og heimsmarkmiðin ættu lítið sameiginlegt. Samkeppni hefur hins vegar bein áhrif á að minnsta kosti sex af sautján heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

**Engin fátækt og aukinn jöfnuður**
Fyrsta markmiðið snýr að því að útrýma fátækt eigi síðar en árið 2030 og tíunda markmiðið snýr að því að draga úr ójöfnuði í heiminum. Virk samkeppni stuðlar að þessum tveim markmiðum þar sem skert samkeppni hækkar verð sem rýrir hvað mest ráðstöfunartekjur þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem lægstar hafa tekjurnar. Skert samkeppni leiðir einnig til meðal annars aukins hagnaðar fyrirtækja. Þar sem tekjulægri hópar eiga hvað minnstar eignir rennur því sú renta sem skapast vegna minni samkeppni í minni mæli til þeirra. Rannsókn samkeppnisdeildar OECD frá árinu 2015, sem tók til 28 OECD-ríkja, leiddi þetta í ljós. Þannig reyndist sá tíundi hluti heimila sem mestar hafði eignir eiga að meðaltali 52% af eignum allra heimila, en sex tíundu hlutar (60%) heimilanna sem eignaminnst voru eiga aðeins rúmlega 12% eignanna.

**Sjálfbær hagvöxtur og arðbær störf**
Áttunda markmiðið snýr að því að stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla. Áhrif samkeppni á hagvöxt eru þekkt og endurspeglast m.a. í því að um og yfir 130 ríki hafa sett sér samkeppnislög og leggja flest áherslu á frjáls og opin viðskipti. Í því samhengi má meðal annars nefna nýlegar reynslurannsóknir Gutman og Voigt og Petersen sem komast að þeirri niðurstöðu að hagvöxtur sé hærri í þeim löndum sem hafa sett sér samkeppnislög. Viðskipti á milli landa eru hér einnig mikilvæg en samkvæmt OECD má rekja um 36% af störfum á Íslandi til framleiðslu vara og þjónustu sem eru fluttar út á erlendra markaði.

**Nýsköpun og uppbygging**
Níunda markmiðið snýr að því að byggja upp trausta innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun. Virk samkeppni stuðlar að öllum þessum þáttum með því meðal annars að ýta óskilvirkum fyrirtækjum út af mörkuðum og tryggja að þau fyrirtæki sem standa sig sem best í samkeppni fái að vaxa og dafna. Opnir markaðir tryggja jafnframt aukna hvata fyrir fyrirtæki til nýsköpunar á meðan einokun og mikil samþjöppun hafa þveröfug áhrif.

**Loftslagsmál, sjálfbærar borgir og samfélög**
Ellefta markmiðið snýr að því að gera borgir og íbúðarsvæði örugg, sjálfbær og öllum aðgengileg. Þrettánda markmiðið snýr svo að bráðaaðgerðum gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Af þessum markmiðum mun líklega leiða að ríki heims muni í auknum mæli setja frekari lög og reglur um nýtingu auðlinda, aukna mengunarskatta og e.a. niðurgreiða starfsemi sem stuðlar að þessum markmiðum. Í því samhengi eru samkeppnisreglur mikilvægar, annars vegar með því að vinna gegn því að aðgerðir stjórnvalda raski ekki samkeppni og hins vegar að stuðla að því að fyrirtæki keppi sín á milli. Hvort tveggja stuðlar að því að auðlindir verði nýttar á sem hagkvæmastan hátt sem er forsenda fyrir sjálfbærum samfélögum.

Íslensk stjórnvöld vinna nú að því að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Eins og umfjöllunin ber með sér er mikilvægt að samkeppni sé virk á sem flestum mörkuðum til þess að markmiðin náist. Leið stjórnvalda að heimsmarkmiðunum felst m.a. í því að opna markaði enn frekar, greiða fyrir samkeppni með því að draga úr samkeppnishömlum, þar á meðal með virkum og heildstæðum samkeppnislögum og með því að bæta regluverk svo það raski ekki samkeppni umfram það sem nauðsynlegt er.

# Samkeppniseftirlit í tvennum skilningi



**Haukur Logi Karlsson**
nýdoktor við lagadeild Háskólans í Reykjavík

Í frumvarpsdrögum að breytingum á samkeppnislögum er lagt til að heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla verði afl ögð. Án tillits til þess hvort tillagan sé góð eða slæm, er rétt að benda á eitt atriði sem komið hefur fram í umræðunni, sem þarft er að leiðrétta.

Í umsögn sinni um drögin heldur Samkeppniseftirlitið því fram að „niðurfelling á málskotsheimildinni fari gegn skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum“ og fyrir því eru færð rök á 30 blaðsíðum. Kjarninn í röksemdinni snýr að reglum Evrópuréttarins, sem ætlað er að tryggja stöðu samkeppniseftirlita til þess að framfylgja reglum samkeppnisréttarins, meðal annars með því að þeim sé heimilt að koma milliliðalaust fram gagnvart dómstólum og æðri stjórnvöldum við fyrirtöku slíkra aðila á samkeppnismálum.

Því miður er meinbug að finna á röksemd Samkeppniseftirlitsins. Gagnvart EES-samningunum teljast bæði Samkeppniseftirlitið og áfrýjunarnefnd samkeppnismála fara með samkeppniseftirlit, sbr. 25. gr. samkeppnislaga. Í nýrri tilskipun Evrópusambandsins er tilhögun sem þessi skilgreind þannig að hlutverki samkeppniseftirlita megi skipta á milli stjórnsýslustofnunar og sérhæfðs ákvörðunaraðila á borð við áfrýjunarnefndina hérlendis. Samkvæmt þessum reglum ber að játa stjórnsýslustofnuninni rétt til að bera mál undir áfrýjunarnefndina og til þess að taka þátt í dómsmálum sem leiða af ákvörðunum samkeppniseftirlitsins í víðari skilningi. Ekkert kemur hins vegar fram í þessum reglum sem hægt er að túlka sem svo að stjórnsýslustofnunin skuli hafa frumkvæðisrétt á því að geta skotið ákvörðun áfrýjunarnefndarinnar til hefðbundinna dómstóla. Enda væri þá Samkeppniseftirlitinu í þrengri skilningi falið vald til að áfrýja ákvörðunum samkeppniseftirlitsins í víðari skilningi. Af þessu má ljóst vera að ályktun Samkeppniseftirlitsins, um að niðurfelling málskotsheimildarinnar fari gegn skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum, fær ekki staðist.

Hitt er svo annað mál að téð breyting mun auka líkur á því að endanleg niðurstaða í samkeppnismálum verði röng og þá einkum niðurstöður sem ranglega sýkna fyrirtæki af brotum. Með góðum rökum má efast um hvort slík breyting sé best fallin til þess að auka skilvirkni samkeppniseftirlits á Íslandi, enda ýmis önnur skaðaminni úrræði í boði.

# STÓLADAGAR Í NÓVEMBER

## 30% AFSL. AF VÖLDUM STÓLUM!







ARMAR SELDIR SÉR




ARMAR SELDIR SÉR




**HEADPOINT**
TILBOÐSVERÐ
**54.900 KR.**
Listaverð 79.900 kr.

**OPEN POINT**
TILBOÐSVERÐ
**36.900 KR.**
Listaverð 52.900 kr.

**SUPPORT**
TILBOÐSVERÐ
**20.900 KR.**
Listaverð 30.000 kr.

**VIDEN PRO**
TILBOÐSVERÐ
**109.900 KR.**
Listaverð 158.900 kr.

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is













**W7 LIGHT**
TILBOÐSVERÐ
**99.900 KR.**
Listaverð 144.900 kr.

**ERGOMEDIC 100-3**
TILBOÐSVERÐ
**132.900 KR.**
Listaverð 189.900 kr.

**CUBE**
TILBOÐSVERÐ
**54.900 KR.**
Listaverð 78.900 kr.

**STYL VISITOR**
TILBOÐSVERÐ
**11.900 KR.**
Listaverð 17.500 kr.

# MARKAÐURINN

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 13. nóvember 2019


SKOÐUN



Þorsteinn Friðrik Halldórsson

## Hluthafar óskast

**Íslenski** hlutabréfamarkaðurinn virkar ekki sem skyldi. Lífeyrissjóðir hafa verið að taka fjármuni úr virkri stýringu hjá verðbréfasjóðum, auk þess sem verðbréfasjóðunum hefur fækkað með sameiningu fjármálafyrirtækja. Erlendu fjárfestingarsjóðirnir hafa minnkað stöður sínar í flestum skráðum fyrirtækjum í Kauphöllinni og á sama tíma hefur almennum fjárfestum farið fækkandi.

**Þetta er** áhyggjuefni í ljósi þess að skilvirkni hlutabréfamarkaðar byggist á virkum skoðanaskiptum, það er, að það séu virk viðskipti á milli fjárfesta sem hafa ólíkar væntingar og skoðanir á hlutabréfum. Fækkun þeirra sem fást við greiningu á hlutafélögum og stunda viðskipti með hlutabréf á þeim grundvelli leiðir til þess að markaðurinn verður ekki jafn skilvirkur og hann getur annars verið.

**Að því sögðu** eru jákvæð teikn á lofti hvað erlenda fjárfestingu varðar. Það er útlit fyrir að íslensk félög verði gjaldgeng í alþjóðlegar hlutabréfavísitölur og unnið er að því að markaðurinn verði tekinn inn í alþjóðlegt uppgjörskerfi. Markaðurinn verður þannig sýnilegri á alþjóðlegum vettvangi og það verður einfaldara fyrir erlenda fjárfesta að koma inn á hann. Gangi það eftir vantar samt sem áður fleiri innlenda fjárfesta.

**Þingmenn** Sjálfstæðisflokksins áforma að leggja fram frumvarp þar sem skattalegir hvatar til hlutabréfakaupa fyrir almenning eru innleiddir. Nái frumvarpið fram að ganga verður það vonandi kveikja að aukinni þátttöku almennings á markaðinum. Spurningin er hins vegar sú hvort landsmenn eigi nægan sparnað eftir til að nýta sér úrræðið þegar lífeyrissjóðirnir eru búnir að taka sinn skerf af launagreiðslunum. Íslenska lífeyriskerfið er öflugt en því fylgir sá vandi að gríðarlegir fjármunir safnast á hendur örfárra og einsleitra sjóða. Sjóðirnir horfa langt fram í tímann og haga fjárfestingum sínum í samræmi við það.

**Ef ætlunin er** að fá fleiri virka þátttakendur á hlutabréfamarkaðinn liggur beinast við að gefa almenningi kost á því að fela verðbréfafyrirtækjum að ávaxta séreignarsparnað sinn, eða að búa svo um hnútana að hægt verði að vera með bundna verðbréfareikninga sem fólk stýrir sjálft. Það getur komið til viðbótar við skattfrjálsa greiðslu séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán sem hefur sýnt það að aukið frelsi fólks til ráðstöfunar á sparnaði sínum leiðir ekki til hörmunga. Þvert á móti er heillavænlegt að fólk taki virkari þátt í því að ráðstafa sínu sjálfsaflafé. Fjármagnið má ekki færast of langt frá eigandanum.

## Vilja minnka fyrirtækjalánasafnið um 20 prósent



**Benedikt Gíslason.**

Arion banki stefnir að því að minnka lánasafn bankans til fyrirtækja um tuttugu prósent fyrir árslok 2020 en í lok þriðja ársfjórðungs nam bókfært virði fyrirtækjalána bankans um 404 milljörðum króna.

Þetta var á meðal þess sem kom fram í máli stjórnenda Arion banka á markaðsdegi bankans í London í gær þar sem þeir kynntu helstu áherslur í stefnu og starfsemi hans fyrir fjárfestum og greinendum.

Útlánasafn Arion til fyrirtækja hefur dregist saman um tæplega sjö prósent á fyrstu þremur fjórðungum ársins sem hefur þýtt að áhættuvegnar eignir bankans hafa að sama skapi lækkað um 48 milljarða. Fram kom á fundinum að arðsemi af fyrirtækjalánum bankans, sem er núna að meðaltali um þrjú prósent, sé ekki ásættanleg og að stefnt sé að því að hún verði yfir tíu prósent.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion, hefur sagt að viðskiptamódel bankans muni byggja í meiri mæli á milliliðahlutverki þar sem efnahagsreikningurinn verði notaður með sértækari hætti en áður samtímis því að bankinn veiti þjónustu sem feli í sér minni eiginfjárbindingu. – **hae**

**12.11.2019**

### Þetta er ekki eingöngu spurning um heppni eða óheppni. Við áttum að sækja fjármagn mikið fyrr.



Liv Bergþórsdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður í WOW air





Jafnlaunavottun

# Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf

PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar



UMHVERFIÐ
ÁSTRÍÐA
HREINT
ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**89%** Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.







**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is




*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup. jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
13. NÓVEMBER 2019 MIÐVIKUDAGUR

## Merkisatburðir

**1946** Flugvöllur er tekinn formlega í notkun í Vestmannaeyjum.

**1961** Kleppjárnsreykjaskóli er stofnaður.

**1970** Hafez al-Assad rænir völdum í Sýrlandi.

**1973** Alþingi samþykkir formlega samning við Bretland um lausn landhelgisdeilunnar vegna útfærslu landhelginnar í 50 sjómílur.

**1990** Fyrsta vefsíðan lítur dagsins ljós.

**1994** Svíar kjósa að ganga í ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu.



**1994** Michael Schumacher vinnur fyrsta titil sinn í Formúlu 1-kappakstri.

**2004** Lög eru sett á verkfall grunnskólakennara sem staðið hafði í tvo mánuði.

**2013** Nýr turn á lóð Tvíburaturnanna í New York er vígður með viðhöfn.



„Revíur segja mikla sögu um stjórnmál og tíðaranda," segir Una Margrét, útvarpskona og rithöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Segir sögu revía á Íslandi

**Revíur voru vinsælt gamanleikjaform á síðustu öld. Una Margrét Jónsdóttir miðlar ýmsu um sögu revíanna á rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða í Neskirkju í kvöld.**

Revía er leikrit sem gerir grín að samtíma sínum, yfirleitt með söngvum, þar eru jafnvel nafngreindir tilteknir menn, eða hermt eftir þeim. Slík leikrit hafa verið til frá því í fornöld," segir Una Margrét Jónsdóttir útvarpskona sem verður frummælandi á rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða í Neskirkju í kvöld klukkan 20.00. Beðin um smjörþefinn af boðskapnum kveðst hún byggja hann að nokkru leyti á nýútkominni bók sinni, Gullöld revíunnar.

Una Margrét rekur sögu revíunnar á Íslandi aftur til ársins 1880, þegar sú fyrsta, Getjón, var sýnd á Ísafirði. „Í henni er aðallega hæðst að einum manni, Jóni Geiteying, og nafnið á greinilega að vísa til hans. Hann var vanur að uppnefna alla og var því tekinn fyrir. Um svipað leyti sýndu skólapiltar revíu í Reykjavík, sá sem samdi hana var Einar Hjörleifsson sem síðar varð þekktur undir nafninu Einar H. Kvaran. Árið 1895 samdi sjálfur Einar Benediktsson eina. Venjan var að revíur væru einungis gamanleikrit en revía Einars var alvarlegs eðlis líka, með sjálfstæðisbaráttuboðskap."

Fyrsta revían sem varð verulega vinsæl á Íslandi hét Allt í grænum sjó en hún þótti svo ósvífin að hún var bönnuð eftir fyrstu sýninguna, að sögn Unu Margrétar. „Það var einmitt Einar H. Kvaran sem krafðist þess. Hafði þó sjálfur samið revíu og þá munaði litlu að hann fengi á sig kæru," lýsir hún.

„Blómaskeið íslenskrar revíu teljast vera tvö, frá 1923 til 1930 og 1938 til 1952. Þau tímabil eru kölluð Gullöld revíunnar," segir Una Margrét og telur upp þær vinsælustu. Á fyrra tímabilinu voru það Spánskar nætur og Haustrigningar og á seinna tímabilinu koma revíur eins og Fornar dyggðir, Hver maður sinn skammt, Nú er það svart, maður og Allt í lagi, lagsi."

Auk frásagnar Unu munu hljóðritanir af gömlum revíusöngvum verða fluttar í Neskirkju. **gun@frettabladid.is**

---



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Árni Ingimar Helgason**

skipstjóri, Ingimarsstöðum, Þórshöfn,

lést 9. nóvember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 18. nóv. kl. 15. Jarðsett verður frá Þórshafnarkirkju laugardaginn 23. nóv. kl. 15.

**Oddný F. Árnadóttir** **Guðmundur Hólm Indriðason**
**Þuríður Árnadóttir** **Gunnar Páll Jóakimsson**
**Soffía Árnadóttir** **Sigurður Skúli Bergsson**
**Helgi Mar Árnason** **Hafsteinn B. Sveinbjörnsson**
**Íris Björnsdóttir**
**og afabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Axelsson**

fv. forstjóri Löggildingarstofu ríkisins,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði 29. október. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 14. nóvember klukkan 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.

**Hrafnhildur Kristinsdóttir**
**Stefanía Kristín Sigurðardóttir** **Reynir Þórðarson**
**Laufey Margrét Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Innilegar þakkir fyrir samúðarkveðjur og ómetanlegan vinarhug vegna andláts okkar ástkæra

**Egils Más Guðmundssonar**

arkitekts.

**Vigdís Magnúsdóttir**
**Tanja Vigdísdóttir**
**Arnar Óskar Egilsson** **Bianca TianTian Zhang**

---



†

Ástkæra og yndislega móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólöf Ragnarsdóttir**

frá Stykkishólmi,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk miðvikudaginn 6. nóvember sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 15. nóvember kl. 13.

**Ragnar Hilmarsson** **Þorbjörg Jóhannsdóttir**
**Sigurlaug Hilmarsdóttir** **Ómar Torfason**
**Freyja Hilmarsdóttir**
**Ólafur Hilmarsson** **Sesselja Þórunn Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ernu Kristjánsdóttur**

frá Hnjúki í Skíðadal.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dalbæjar á Dalvík fyrir alúð og góða umönnun.

**Margrét B. Kristinsdóttir** **Haukur S. Valdimarsson**
**Snorri R. Kristinsson** **Rannveig Guðnadóttir**
**Ingibjörg R. Kristinsdóttir** **Jón Þórarinsson**
**Kristjana S. Kristinsdóttir** **Jón Þ. Baldvinsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir og mágur,

**Þorsteinn Ólafur Þorsteinsson**

viðskiptafræðingur, Lækjargötu 20, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu föstudaginn 8. nóvember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 22. nóvember kl. 13.

**Svana Berglind Karlsdóttir**
**Bríet Mjöll Þorsteinsdóttir**
**Elísabet Sóldís Þorsteinsdóttir**
**Alexandra Ísfold Alexandersdóttir** **Viktor Smári Sigurjónsson**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Friðrik Jónsson**
**Pétur Þorsteinsson** **Kristín Ármannsdóttir**
**Jóna Þorsteinsdóttir** **Sveinn Jóhannsson**
**Heiðdís Þorsteinsdóttir** **Pálmi Egilsson**

---



†

Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Kristjáns Jóhanns Ásgeirssonar**

Miðvangi 31, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sólvangs og Drafnarhúss, dagþjálfun fyrir elskulega umönnun og hlýju.

**Anna Guðbjörg Erlendsdóttir**
**Anna Karen Kristjánsdóttir** **Björn H. Arnar**
**Kristína V. Kristjánsdóttir**
**Ríkharður Arnar** **Hildur Arnar Kristjánsdóttir**
**Kristján B. Arnar** **Júlía Tan Kimsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



†

Heittelskuð eiginkona, móðir og ammi,

**Ragnheiður Kristín Jónasdóttir**

Bergstaðastræti,

lést þann 9. nóvember. Athöfn fer fram þann 15. nóvember klukkan 15.00 í Dómkirkjunni.

**Bert Hanson**
**Ragnheiður Hanson**
**Ragnheiður Rakel Hanson**
**Rebekka Berta Hanson**

SR

**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

**1. desember**
Kl. 17.00
**Silfurberg**

# JÓLA FJÖR

**með**

## Bergrúnu Írisi



Frábær jólaskemmtun
fyrir alla fjölskylduna!

STJÓRNANDI OG ÚTSETJARI
**Haukur Gröndal**

GESTASÖNGVARI
**Ragnheiður Gröndal**



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1 | 4 |
| Ísafjörður | -4 | 3 |
| Akureyri | -1 | 1 |
| Egilsstaðir | 0 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 0 | 5 |
| Hveravellir | -7 | 6 |

Norðlæg 3-13 m/s, hvassast austan Öræfa. Él norðaustan til en annars yfirleitt léttskýjað. Frost 0 til 6 stig.

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -1 | 2 |
| Ísafjörður | -4 | 1 |
| Akureyri | -2 | 2 |
| Egilsstaðir | -2 | 0 |
| Kirkjubæjarkl | -1 | 4 |
| Hveravellir | -7 | 2 |

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 8 |
| Ísafjörður | 2 | 5 |
| Akureyri | -2 | 1 |
| Egilsstaðir | 0 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 5 |
| Hveravellir | -1 | 15 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 2 | 8 | | 6 | 1 |
| | | | | | | | 2 | 5 |
| 9 | | 3 | | | | | 7 | 8 |
| 7 | | | | 8 | 2 | | | 6 |
| | | 5 | 3 | | | | 8 | |
| | 6 | | | 5 | 7 | | | |
| 8 | | | | 4 | | | 9 | |
| 1 | | | | | | | | |
| | 3 | 6 | | 1 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 3 | 7 | | | 8 | |
| 4 | | | 5 | 8 | 9 | | | |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | 4 | | | 9 | | | 1 | |
| 9 | | | | 2 | 1 | | | 6 |
| 1 | | 5 | | | 8 | 7 | | |
| | | 9 | | 4 | | | | 7 |
| | | | | | 6 | 1 | | 3 |
| | | 6 | | | | 9 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 7 | 5 | | | | |
| | | | | | 8 | | 1 | |
| | | | | | 3 | | | |
| | 9 | | | | 7 | | 2 | 8 |
| 2 | 6 | | 4 | | | | | |
| 8 | | | 2 | | | | 3 | |
| | | | 3 | | | 7 | | 5 |
| 4 | | 1 | 6 | | | | 9 | |
| | | 6 | | 9 | | 1 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 |
| 1 | 4 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 4 | 7 | 2 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 8 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 |
| 4 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 6 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 2 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 7 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 2 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 hreppur
5 aftra
6 kúgun
8 skora
10 ólæti
11 mjög
12 ljómi
13 ílát
15 útlistun
17 skráning

**LÓÐRÉTT**
1 óhlífið
2 þekki
3 bókstafur
4 haldist
7 fugl
9 ósatt
12 hólbunga
14 svefnmók
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 sveit, 5 tef, 6 ok, 8 riffla, 10 at, 11 all, 12 blik, 13 glas, 15 túlkun, 17 ritun.
**LÓÐRÉTT:** 1 strangt, 2 veit, 3 eff, 4 tolli, 7 kalkún, 9 falskt, 12 bali, 14 lúr, 16 uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Magnus Carlsen (2.835) kom Fabiano Caruana (2.832) á óvart í upphafi þriðju skákar heimsmeistaraeinvígis þeirra í fyrra.

**9. ... 0-0!** Fórnar peði. Caruana hugsaði sig um í tæpar 12 mínútur og ákvað að leika frekar 10. Rbd2 en að þiggja peðsfórnina. Skákinni lauk með jafntefli eftir 49 leiki.

**www.skak.is:** Allar helstu skákfréttirnar

Svartur á leik



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman











„Þegar ég skrifa þarf ég að hafa gaman sjálfur," segir Bragi Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Engin frásögn segir alla söguna

**Ný skáldsaga Braga Ólafssonar er komin út. Hann segir sögupersónurnar vera hetjur. Tónlist kemur mjög við sögu í bókinni.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Staða pundsins – sjálfsævisaga, en ekki mín eigin, er ný skáldsaga eftir Braga Ólafsson. Sagan gerist á árunum 1976-1977, en einnig 40 árum síðar, og í forgrunni eru mæðginin Madda og Sigurvin sem ákveða að ferðast til Englands og heimsækja vin hins látna eiginmanns Möddu og föður Sigurvins. Tónlist kemur mjög við sögu í bókinni.

„Ég hef verið með þennan titil lengi í höfðinu, og langaði alltaf til að byggja heila sögu á hinu klassíska enska verslunarbréfi. Enda lærði ég að setja upp slíkt bréf í Verzlunarskólanum. En það þarf alltaf árekstur tveggja hugmynda til að koma af stað sögu, og niðurstaðan varð þessi saga hér um drenginn og móðurina, og föðurinn sem breytir lífi þeirra með því að víkja úr vegi. Áttundi áratugur síðustu aldar á Íslandi er auk þess spennandi tími í mínum augum, ekki síst í ljósi fjarlægðarinnar sem var við önnur lönd, í víðari skilningi en bara landfræðilegum. Í sögunni vísa ég markvisst í tónlist sem bregður ljósi á ástand okkar og menningu, og nýtist sem element í þroskasögu mæðginanna," segir Bragi. „Tvær síðustu skáldsögur mínar hafa öðrum þræði verið óður til ákveðinna listaverka eða tegundar listar og þessi nýjasta er það líka, þótt ég nefni ekki berum orðum hvert sagan leiðir mann."




**Ástar-haturs samband**

Önnur aðalpersónan, Madda, heldur dagbók, og frásögnin í sögunni stýrist mikið til af þeirri bók. „Madda er þó ekki eini sögumaður bókarinnar, og sjálfur veit ég ekki alltaf hver talar hverju sinni, eða hver á þær skoðanir sem settar eru fram í textanum. Og eins og nefnt er í sögunni, og kynningu á henni, er þetta hálf saga, ekki bara í þeim skilningi hvernig hún endar. Því engin frásögn, hversu nákvæm sem hún kann að vera, segir alla söguna. Þessi bók er reyndar búin að ganga í gegnum alls konar frásagnaraðferðir. Það tók mig svolítinn tíma að ganga frá henni, að ná rétta tóninum. Þetta hefur verið eins konar ástar-haturssamband, en ég vona að í huga höfundar hafi ástin sigrað. Því ég veit það ekki enn þá. Mig grunar þó að þessi erfiða fæðing sögunnar hafi krafist þess af mér að ég leyfði mér meiri tilfinningasemi en ég hef hingað til gert."

**ÉG HELD ÞÓ AÐ ÞAÐ SÉ HARMUR Í UNDIRLAGI SÖGUNNAR, ENDA BYGGIR HÚN ÓBEINT Á TRAGÍSKUM ATBURÐUM SEM GERÐUST Í RAUN OG VERU.**

**Þeirra hefnd**

Dauðinn er áberandi í Stöðu pundsins og þar er sjaldnast um að ræða „eðlilegan" dauðdaga. „Líklega hef ég í fleiri bókum gert mikið af því að drepa sögupersónur, þá aðallega karlmenn á miðjum aldri eða eldri, en ég er líka farinn að sætta mig við að ég eigi skilið að fara sömu leið og þessar persónur, þegar að því kemur. Jafnvel voveiflega. Það verður þeirra hefnd. Reyndar er faðirinn í sögunni kallaður Eldri, og ég þykist vita að honum sé ekkert sérstaklega hlýtt til mín."

Það er húmor í þessari bók Braga eins og öðrum bókum hans, en kannski lúmskari nú en oft áður. „Þegar ég skrifa þarf ég að hafa gaman sjálfur. Ég held þó að það sé harmur í undirlagi sögunnar, enda byggir hún óbeint á tragískum atburðum sem gerðust í raun og veru. En til þess að áðurnefnd tilfinningasemi nái ekki alveg yfirhöndinni verður að vera til staðar ákveðin kaldhæðni. Hún er mér nauðsynleg til að ég lifni við hið innra."

**Þarf ekki hengiflug**

Alls kyns hugleiðingar og útúrdúrar eru sömuleiðis sterk einkenni á verkinu. „Ég hafði skrifað niðurlagið mjög snemma í ferlinu, þótt byggingin tæki nokkrum breytingum á leiðinni. En ef það eru útúrdúrar í sögunni, þá tengjast þeir efninu. Og andanum. Og vísa oftar en ekki í niðurlagið. Ég veit að mörgum finnst erfitt að fá ekki eðlilega framvindu í skáldsögu, eða hefðbundið upphaf, ris og niðurstöðu, en sjálfur fer ég ekki fram á það þegar ég les bækur.

Ég lít á minn skáldskap sem raunsæislegan í grunninn, og verð alltaf að hafa ákveðið jarðsamband, en klassísk uppsetning skáldsagna er ekki raunsæ. Óreiðan og stefnuleysið er það miklu frekar. Annars hef ég ekki hugmynd um hvað raunsæi þýðir í skáldskap. Líklega er það ekki til. En fyrir mitt leyti þarf ég ekki eitthvert hengiflug í lok kafla til að nenna að lesa þann næsta. Og þaðan af síður eitthvert svokallað erindi eða sögn. Það er tónninn eða andrúmsloftið sem segir mér miklu meira. Og jafnvel form verksins, sem vekur mig frekar til umhugsunar um þau mál sem svo oft er reynt að þröngva upp á mann í formi skilaboða.

Í kynningarbæklingi sem var gefinn út um bókina stendur að hún fjalli um smásteinana á skóbotninum, og ég get alveg tekið undir það. Um pirringinn, óþolið og núninginn, ekki síst í listinni, til dæmis í því ákveðna verki sem má segja að liggi til grundvallar sögunni. Í bæklingnum er líka nefnt að sú hugmynd hafi komið upp að kalla bókina Hetjurnar, en að fallið hafi verið frá því. Hvað sem því líður, þá eru sögupersónurnar hetjur. Að minnsta kosti söguhetjur. Burtséð frá því hver staða pundsins er hverju sinni."

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

### 13. NÓVEMBER 2019

### Orðsins list

**Hvað?** Þjóðbúningakynning
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs, aðalsafn
Þjóðbúningakynning frá Annríki. Erindi um stöðu og merkingu þjóðbúninga um og eftir aldamótin 1900 og um hlutverk kvenbúninga á tímum sjálfstæðis- og kvenréttindabaráttu.

**Hvað?** Fyrirlestur um Árna Magnússon
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
John Gillis, forvörður við bókasafn Trinity College í Dyflinni, heldur fyrirlestur sem hann nefnir: Interpreting the physical features of the Faddan More Psalter.

**Hvað?** Störf Norðurlandaráðs
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Húsnæði Norræna félagsins, Óðinsgötu 7
Silja Dögg Gunnarsdóttir og Oddný Harðardóttir eru nýkjörnar forseti og varaforseti Norðurlandaráðs. Þær lýsa formennskuáætlun Íslands fyrir árið 2020 og fleira. Allir velkomnir.

**Hvað?** Sagnakaffi
**Hvenær?** 20.00-22.00
**Hvar?** Borgarbókasafn/Gerðubergi
Margrét Kristín Sigurðardóttir – Fabúla – segir frá tilurð laga sinna og texta, líka persónulegri reynslu og flytur lög við flygilinn.

### Tónlist

**Hvað?** Háskólatónleikar
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Hátíðasalur HÍ
Flutt verða verk eftir Áskel Másson sem leikur á darabúku. Með honum leika Elísabet Waage á hörpu, Guðni Franzson á klarínettu, Kristín Mjöll Jakobsdóttir á fagott, Sigríður Hjördís Indriðadóttir á flautu, Sigurður Halldórsson á selló. Enginn aðgangseyrir.

**Hvað?** Tónlist Billie Holiday
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Múlinn Jazzklúbbur, Björtuloftum, Hörpu
Kvintett Rebekku Blöndal flytur. Miðaverð kr. 2.500, 1.500 kr. fyrir nemendur og eldri borgara.

**Hvað?** Þjóðlagasamspil
**Hvenær?** 20.00-23.00
**Hvar?** Djúpið (undir Horninu)
Fólk sest í hring með hljóðfæri sín og spilar það sem það kann úr alþýðuarfi. Allir velkomnir til að taka þátt eða hlusta.

### Aðrir viðburðir

**Hvað?** Sænskir bíódagar
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar, Brynjólfsgötu 1
Mitt liv som hund (1985) í leikstjórn Lasse Hallström. Myndin er sýnd með enskum texta. Aðgangur er ókeypis.












# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2018-2019 Norðurþing - Bæjar- og sveitarstjórar**
**14.20 Mósaík**
**15.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990**
**16.05 Vatnajökull - Eldhjarta Íslands Ómur Öræfanna** Fyrsti þáttur fjallar um Öræfasveitina allt frá landnámi til okkar daga. Ógnina sem leynist undir jöklinum og gosið ógurlega í Öræfajökli árið 1362, þegar allt að 400 manns urðu eldi og ösku að bráð og nafn sveitarinnar breyttist úr Litla Héraði í Öræfasveit.
**16.35 Eyðibýli Suðurhús** Þáttaröð um eyðibýli á Íslandi. Þar sem á árum áður voru reisulegir sveitabæir með iðandi mannlífi standa nú húsin tóm. Rætt er um byggingu bæjanna og talað við fólk sem tengist stöðunum á einn eða annan hátt. Farið er í Suðurhús í Suðursveit, Hamra á Mýrum, Múlakot í Fljótshlíð, Öxney á Breiðafirði, Heiði á Langanesi og Vatnshorn í Skorradal. Umsjónamaður: Guðni Kolbeinsson. Dagskrárgerð: Björn Emilsson.
**17.15 Sporið**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Tímon & Púmba**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.26 Sögur úr Andabæ**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Kiljan**
**21.00 Skytturnar** Þriðja þáttaröð um ævintýri skyttnanna fræknu og baráttu þeirra fyrir réttlæti og heiðri. Aðalhlutverk: Tom Burke, Luke Pasqualino og Santiago Cabrera. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.25 Ósnertanlegur** Heimildarmynd um ris og fall Hollywood-framleiðandans Harveys Weinstein. Rætt er við fólk sem starfaði með honum og konur sem hafa sakað hann um kynferðisbrot. Hátt í hundrað konur hafa sakað Weinstein um að hafa brotið á sér kynferðislega á yfir þrjátíu ára tímabili. Leikstjóri: Ursula Macfarlane. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.00 Kveikur**
**01.00 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 HSBC Champions** Útsending frá HSBC Champions á Heimsmótaröðinni.
**13.30 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**14.20 The Zozo Championship** Útsending frá The Zozo Championship á PGA-mótaröðinni.
**16.45 Golfing World**
**17.35 Champions Tour Highlights** Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
**18.30 Bermuda Championship** Útsending frá Bermuda Championship á PGA-mótaröðinni.
**21.35 US Open** Útsending frá lokadegi US Open 2019.
**23.40 Golfing World**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Single Parents**
**14.15 Með Loga**
**15.15 Top Chef**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 The Good Place**
**19.45 Life in Pieces**
**20.10 Survivor**
**21.00 New Amsterdam**
**21.50 Stumptown**
**22.35 Beyond**
**23.20 The Late Late Show**
**00.05 NCIS**
**00.50 9-1-1**
**01.35 Emergence**
**02.20 In the Dark**
**03.05 The Code**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal Jón Axel Harðarson, prófessor í málfræði**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Stormsker**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Að breyta fjalli**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15 Isle of Dogs**
**13.55 The Little Rascals Save the Day**
**15.30 Mr. Deeds**
**17.10 Isle of Dogs**
**18.50 The Little Rascals Save the Day**
**20.25 Mr. Deeds**
**22.00 Chloe and Theo**
**23.25 Tale of Tales**
**01.35 Adult Life Skills**
**03.10 Chloe and Theo**

### STÖÐ 2

**08.00 Friends**
**08.20 Grey's Anatomy**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Two and a Half Men**
**09.50 Mom**
**10.10 I Feel Bad**
**10.35 The Good Doctor**
**11.20 PJ Karsjó**
**11.45 Bomban**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Strictly Come Dancing**
**15.15 Grand Designs: Australia**
**16.05 Falleg íslensk heimili**
**16.40 Í eldhúsi Evu**
**17.10 Jamie's Quick and Easy Food**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.03 Nágrannar**
**18.28 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.47 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.05 Víkingalottó**
**19.10 First Dates**
**20.00 Ísskápastríð** Fjórða þáttaröðin af Ísskápastríði en í þáttunum fá Eva Laufey og Gummi Ben til sín þjóðþekkta einstaklinga sem keppa í matargerð. Um er að ræða létta og skemmtilega þætti, sem snúast ekki bara um eldamennsku heldur einnig skemmtilegar umræður, grín og glens.
**20.35 Grey's Anatomy**
**21.20 The Good Doctor**
**22.05 Mrs. Fletcher**
**22.40 Orange is the New Black**
**23.40 Room 104**
**00.10 The Blacklist**
**00.55 Mr. Mercedes**
**02.00 Springfloden**
**02.45 Springfloden**
**03.30 Springfloden**
**04.15 Springfloden**

### STÖÐ 3

**19.10 The Middle**
**19.35 The Last Man on Earth**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Splitting Up Together**
**21.15 Roswell, New Mexico**
**22.00 Sally4Ever**
**22.35 Underground**
**23.25 Supergirl**
**00.10 Batwoman**
**00.55 The Middle**
**01.20 The Last Man on Earth**
**01.45 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**08.00 Dover - Southend**
**09.40 Cardiff City - Bristol City** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**11.20 Napoli - Genoa** Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**13.00 Tennessee Titans - Kansas City Chiefs** Útsending frá leik í NFL.
**15.20 Barcelona - Celta Vigo** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**17.00 Eibar - Real Madrid** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**18.40 Fréttaþáttur Undankeppni EM 2020**
**19.05 Þór Þ. - Grindavík** Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**21.15 Green Bay Packers - Carolina Panthers** Útsending frá leik í NFL.
**23.35 Evrópudeildarmörkin**

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# SKYLD'ETTA VERA JÓLABÓK?




TILBOÐSVERÐ:
4.999.-
Verð áður:
6.999.-

Bréf til mömmu




TILBOÐSVERÐ:
5.999.-
Verð áður:
8.399.-

Gústi




TILBOÐSVERÐ:
5.399.-
Verð áður:
7.499.-

Vængjaþytur vonarinnar




TILBOÐSVERÐ:
4.999.-
Verð áður:
6.999.-

Tilfinningabyltingin

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 14. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**Í bók sinni The Art of Sleeping segist Rob Hobson hafa lært að svefnherbergisumhverfið skipti miklu máli fyrir góðan nætursvefn enda séu þeir sem eigi við svefnvandamál að stríða sérlega viðkvæmir fyrir umhverfi sínu.** MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

# Útbúðu svefnherbergið fyrir góðan svefn

Í nýútkominni bók næringarfræðingsins og svefnráðgjafans Robs Hobson, The Art of Sleeping, deilir höfundur ýmsum ráðum fyrir betri svefn.

Eitt atriðanna sem hann segist hafa lært að skipti máli fyrir góðan nætursvefn er svefnherbergisumhverfið, enda séu þeir sem eigi við svefnvandamál að stríða sérlega viðkvæmir fyrir umhverfi sínu. Þó svo að eftirfarandi ráð úr bókinni virki jafnvel augljós er algengt að fólk láti þau reka á reiðanum sem getur svo komið niður á svefninum.

**Hafðu herbergið skipulagt**

Drasl er streituvaldandi, svo byrjaðu á því að skipuleggja og hreinsa til í svefnherbergisskápum og minnka þannig sjónræna truflun. Ekki henda fötum hingað og þangað um herbergið né leyfa þeim að flæða upp úr óhreinatauskörfunni því þannig virkar herbergið óskipulagt og getur valdið ákveðnum kvíða og vanlíðan.

Losaðu pláss í fataskápunum með því að fjarlægja fatnað sem ekki er nýttur allan ársins hring og geyma hann annars staðar þar til kemur að því að nýta hann. Sumarfötin geta til að mynda farið í geymsluna núna í þó nokkra mánuði. Ekki geyma dót undir rúminu nema þá í til þess gerðum kössum sem eru snyrtilegir og auðvelt að komast í ef þarf.

Gott ráð er að finna til fatnað kvöldið áður og hafa hann tilbúinn. Þannig minnkarðu stressið um morguninn til muna.

**Fjárfestu í góðri dýnu**

Það er sannarlega mikill kostnaður í almennilegri dýnu en undirlagið sem þú sefur á er eðli málsins samkvæmt gríðarlega mikilvægt fyrir góða hvíld. Að því sögðu borgar það sig að setja pening í dýnuna.

Fjölmargir nefna verki í baki og hálsi sem ástæðu fyrir litlum nætursvefni en slík vandamál má oft rekja til dýnunnar sem er léleg eða hentar ekki viðkomandi.

Gömul dýna getur valdið fleiri vandamálum eins og nefrennsli, hnerra eða hósta vegna uppsafnaðs ryks og annarra ofnæmisvaka.

Best er að reyna að skipta dýnunni út á sjö til tíu ára fresti. Skoðaðu málið vel til að finna dýnuna sem hentar þér best og veldu alltaf eins stóra og þú mögulega getur, sérlega ef þú deilir rúmi með maka.

**Veldu gæða rúmföt**

Veldu rúmföt sem anda og eru ekki ofnæmisvaldandi því ekki viltu vakna vegna hnerra auk þess sem ofnæmi getur ýtt undir hrotur. Það er algjör óþarfi að eiga fulla skápa af rúmfötum svo kauptu eins góð og þú getur og tvö sett ættu að duga þér til skiptanna. Skoðaðu útsölurnar til að finna gæðarúmföt á viðráðanlegu verði.

**Skiptu reglulega um rúmföt**

Það er fátt eins freistandi og nýumbúið rúm með tandurhreinum ilmandi rúmfötum. Tilhugsunin ein fær mann til að langa að henda sér í rúmið.

Rob, höfundur bókarinnar, segist þvo af rúminu sínu tvisvar í viku því hann viti af fenginni reynslu að þær nætur sofi hann best. Hann segist nota mýkingarefni til að rúmfötin séu mjúk, hvít og ilmandi en þannig líði honum best í þeim. Þetta sé ráð sem notað sé af atvinnuíþróttafólki sem sumt fái hrein rúmföt dag hvern.

**Út með öll rafmagnstæki**

Svefnherbergið ætti að vera tileinkað svefni og rafmagnstæki geta truflað svefn á margan hátt.

Bláa ljósið sem kemur frá sjónvörpum, fartölvum og snjallsímum getur truflað framleiðslu melatónín-hormónsins. Eins hreinsast til í herberginu með því að losa það við græjur og snúrur og hreint og skipulagt herbergi bætir aðstæður til svefns eins og áður var komið inn á.

„Standby“ ljósið á þessum tækjum getur líka gripið athyglina ef þú átt í vandræðum með svefn. Ef þú notar rafmagnsvekjaraklukku, snúðu henni þá frá þér því hún getur annars truflað þig ef þú átt erfiða nótt.

**Spáðu í lýsinguna**

Fyrst og fremst er mikilvægt að skapa algjört myrkur í svefnherberginu með myrkvunargardínum. Ljós hefur bæði áhrif á melatónínframleiðslu heilans og truflar á andvökunóttum.

Gott er að notast við náttborðslampa með dimmer og hafa í þeim glóperur til að minnka bjart ljós í herberginu. Rautt ljós hefur minnst áhrif á melatónínframleiðsluna. Því er ekki vitlaust að vera með til dæmis rauða seríu fyrir ofan rúmið sem skapar rétt næga birtu til að lesa og kósí stemningu.

bjork@frettabladid.is



**Drasl er streituvaldandi, svo byrjaðu á því að að skipuleggja og hreinsa til í svefnherbergisskápum og minnka þannig sjónræna truflun. Ekki henda fötum hingað og þangað.**



**Rob mælir með því að kaupa góða dýnu og hafa hana eins stóra og mögulegt er, sérlega ef henni er deilt með maka.**

# KONUKVÖLD BAUHAUS!

**Fimmtudagskvöldið 14. nóvember frá kl. 18:00-21:00.**

**Við bjóðum afslætti af öllum vörum og góð tilboð. Heppinn viðskiptavinur verður dreginn út úr lukkuleik og getur unnið 50.000 kr. gjafabréf!**

## Gerðu góð kaup fyrir heimilið eða í jólapakkann!



Hvítvínskonan tekur á móti gestum kl.18.00 með glensi og gaman og snýr svo lukkuhjóli á milli kl.18.30 og 19.30. Allir geta unnið!



d-c-fix

Sadolin

Í málningardeildinni munum við taka vel á móti öllum með frábær málningaráð og filmukennslu. Verið velkomin!

**25% afsláttur af Sadolin málningu og öllum filmum!**

Nói Síríus mun kynna nýtt Síríus Pralín með núggati & krispfyllingu auk þess að bjóða upp á konfekt.



Hin eina sanna Vala Matt mætir í jólalandið og verður með góðar ráð-leggingar fyrir alla og sýnir skemmtilegar skreytingar og jólavörur. Ekki missa af Völu og frábærum tilboðum!

## ALLIR VELKOMNIR!

bauhaus.is

BAUHAUS









Arnar Ingi Viðarsson og Arnar Fells Gunnarsson reka saman hönnunarstofuna Arnar & Arnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sólbrenndur Laxness í öndvegisriti

Í dag er haldið hóf í Mengi í tilefni af útgáfu bókarinnar Gjöfin til íslenzkrar alþýðu. Í henni eru 120 öndvegisverk úr íslenskri myndlistarsögu. Verkin voru gjöf Ragnars í Smára til Listasafns ASÍ.

Nafnarnir Arnar Ingi Viðarsson og Arnar Fells Gunnarsson eru hönnuðir bókarinnar Gjöfin til íslenzkrar alþýðu, en hún er gefin út af Listasafni Alþýðusambands Íslands. Safnið var stofnað á sínum tíma eftir að Ragnar Jónsson, þekktastur sem Ragnar í Smára, ánafnaði Alþýðusambandinu meginþorra listaverkasafns síns. Gjöfin innihélt verk eftir flesta af þekktustu og ástsælustu myndlistarmönnum 20. aldarinnar á Íslandi.

### Vildi að alþýðan fengi að njóta

„Á morgun er útgáfuhóf fyrir bókina, en við höfum unnið lengi að henni,“ segir Arnar Ingi.

„Bókin fjallar um um stofngjöf Ragnars í Smára til ASÍ. Hann var mikill menningarpostuli en fílaði alla listamenn og átti því víðfeðmt safn ólíkra verka. Hann keypti verk af öllum helstu listamönnum landsins og gaf svo bróðurpart þeirra til ASÍ. Þetta þótti ein stærsta gjöf í sögu Íslands, svona menningarlega séð, á þeim tíma. Þar á meðal er Fjallamjólk eftir Kjarval, sem er eitt dýrasta verk Íslandssögunnar enn þann dag í dag,“ segir Arnar Fells.

„Ragnar var vinur margra listamanna og kaupir verkin en vill svo helst af öllu að alþýða landsins fái að njóta þeirra. Gjöfin innihélt meðal annars verk eftir Ásgrím Jónsson, Gunnlaug Scheving, Nínu Tryggvadóttur, Júlíönu Sveinsdóttur og Þorvald Skúlason. Nú er verið taka öll þess verk saman og gera þeim skil í þessari bók, Gjöfin til íslenzkrar alþýðu,“ segir Arnar Ingi.

**RAGNAR VAR VINUR MARGRA LISTAMANNA OG KAUPIR VERKIN EN VILL SVO HELST AF ÖLLU AÐ ALÞÝÐA LANDSINS FÁI AÐ NJÓTA ÞEIRRA.**

### Skemmtileg en tímafrek vinna

Þeir eru sammála um að erfitt sé fyrir listasöfn að vera með verkin stöðugt til sýnis. Listasafni ASÍ hafi þó tekist að nýta sér nýjar, ferskar og öðruvísi leiðir til að miðla verkum í sinni eigu til þjóðarinnar. Útgáfa bókarinnar sé liður í því framtaki.

„Mörg listasöfn eiga alveg þúsundir verka sem sjást eiginlega aldrei, þau eru mörg í geymslum að safna ryki. Það sem er líka merkilegt við bókina er að hún sýnir mörg ólík stílbrigði úr íslenskri myndlistarsögu, allt frá rómantík yfir í abstrakt póstmódernisma,“ bætir Arnar Fells við.

„Safnið spannar ótrúlega mörg tímabil og marga ólíka stíla. Það inniheldur verk frá því fyrir aldamótin 1900 og alveg fram á áttunda áratug 20. aldar. Verkin voru öll ljósmynduð sérstaklega fyrir bókina, en síðan fóru margir klukkutímar í hverja einustu mynd. Að laga, litaleiðrétta og stilla lýsinguna,“ segir Arnar Ingi.




Þeir þurftu að fara reglulega í sjálfar listaverkageymslurnar til að skoða frummyndirnar, og því næst myndvinna verkin jafnvel þrisvar sinnum.

„Þó að verkunum sé haldið vel til haga og passað vel upp á þau, rakastig, lýsingu og annað, þá breytast þau samt mikið með tímanum. Það þarf mjög mikla fínvinnu til að fara yfir þetta allt, laga og passa að allt sé rétt miðað við frummyndina. Þetta var mjög skemmtilegt en alveg ótrúlega mikil vinna,“ segir Arnar Ingi.

### Snéru húsnæðisleysi sér í hag

„Gerð þessarar bókar hefur lengi verið í farvatninu, enda hefur safnið lengi langað til að geta sýnt öll þessi verk. Einmitt núna er safnið ekki með neinn ákveðinn listasal og hefur því farið mjög frumlegar leiðir, þetta hefur gefið því ákveðna sérstöðu. Núna er safnið mikið að vinna með „guerilla“-sýningar, var með sýningu í kapellu og líkhúsi í St. Jósefsspítala og setti upp sýningu í heimahúsi í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum. Þannig að þeim hefur tekist að snúa húsnæðisleysinu sér í hag,“ segir Arnar Fells.

Inntir eftir skemmtilegum sögum úr ferlinu stendur ekki á svörum.

„Nína Tryggvadóttir hafði málað Halldór Laxness en ljósmyndin sem við unnum eftir var svo upplituð og rauðtónuð að hann leit nánast út fyrir að vera sólbrenndur á henni. Elísabet Gunnarsdóttir, safnstjóri Listasafnsins og ritstjóri bókarinnar, komst svo að orði að hann liti út eins og hann væri nýkominn frá Tenerífe,“ segir Arnar Fells. Verkið má svo sjá í bókinni en nær sinni upprunalegu mynd, sólbruninn fékk að fjúka, þökk sér yfirferð frá Arnari og Arnari.

Útgáfuhófið hefst klukkan 17.00 í dag í Mengi á Óðinsgötu. Þar verður hægt að næla sér í eintak af bókinni en einnig hlýða á hönnuðina og listfræðinginn Kristínu G. Guðnadóttur. **steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


GÓÐU
BAKTERÍURNAR
ELSKA ZENDIUM*
STYRKTU
NÁTTÚRULEGAR
VARNIR MUNNSINS
MEÐ NÁTTÚRULEGUM
ENSÍMUM OG PRÓTÍNUM
FÉLAG
ÍSLENSKRA
TANNFRÆÐINGA
MÆLIR MEÐ
ZENDIUM
TANNKREMI
ALKOHOLFRI
zendium
STYRKER MUNDENS EGET FORSVAR
CLASSIC
CLASSIC
zendium
STÄRKER MUNNENS EGET FÖRSVAR
VERSTERKT DE WEERSTAND VAN DE MOND
*Verulegar breytingar á bakteríuflóru sem stuðlar að heilbrigðara
tannholdi samkvæmt 14 vikna klínískri rannsókn á 102 einstaklingum.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf






Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**



Bjarna Karlssonar

## Sálgæsla

Maður sér sjaldnast eigið líf í fókus. Stundum þarf maður einhvern utanaðkomandi til að halda uppi spegli svo maður fái smá fjarlægð á sjálfan sig, ástvini og aðra samferðamenn. Það er sálgæsla.

Þau sem starfa við sálgæslu lána öðru fólki taugakerfi sitt stutta stund í einu. Þau beita virkri hlustun og reyna að vera heiðarleg. Þau lána dómgreind sína, lífsreynslu og þekkingu á ýmsum sviðum og hjálpa öðrum að greina eigið samhengi. Þau hafa meðvitað gildismat en eru ekki handhafar sannleikans, leggja ekki mat á fólk, vita ekki best og segja engum hvað á að gera. Þau hafa samlíðun en vorkenna ekki. Virða alla aðila máls en líta hvorki upp né niður á neinn. Sálgætir ber kennsl á heilbrigði en eftirlætur læknum, sálfræðingum og öðrum meðferðarstéttum að greina raskanir.

Sálgæsla er bæði fag og list. Hún krefst ögunar og þekkingar en kallar jafnframt á getu til að grípa hið óvænta, nema hugboð og finna þeim farvegi. Að nota sálgæslu er líkt og að fara í róður með vönum sjóara.

Sálgætir sem ekki er meðvitaður um eigin ófullgerð verður engum að gagni. Hann verður að kannast við eigin snilld og aulahátt, styrk og vanmátt, unað sinn og sársauka. Annars mun hann bregðast notendum þjónustunnar með því að byrja að bjarga þeim, vita betur, leika Guð.

Útbrunninn og áhugalaus sálgætir er skárri en sá sem telur sig beturvitandi. Hvorugt er þó í lagi, því sálgæsla fjallar um vonina og hæfileikann til að undrast og hætta aldrei að uppgötva. Hún varðar kjarkinn til að una veruleikanum og þrautseigjuna sem þarf til að ná tengslum við sinn rétta vilja, uns tíminn fullnast og eitthvað nýtt tekur við.








